



**Lokaverkefni til MA-prófs
í félagsfræði**

**“Þá urðu allir bara ógeðslega reiðir.”
*Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi.***

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsfræði
Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg
Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Guðrún Katrín Jóhannesdóttir 2016

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að skoða þau félagslegu ferli sem geta farið af stað þegar nauðgun er kærð í litlu bæjarfélagi á Íslandi. Rannsóknin skoðar bæði reynslu stúlkna sem kært hafa nauðgun og viðbrögð bæjarbúa við kærinni sem og upplifun þeirra.

Um er að ræða tilviksrannsókn (e. *case study*) þar sem tvö tilvik eru skoðuð. Gagnasöfnun fór fram með viðtölum. Þátttakendur voru tvær konur sem kært höfðu nauðgun þegar þær voru á unglingsaldri og aðrir einstaklingar sem bjuggu í bæjarfélaginu þegar atburðurinn átti sér stað.

Niðurstöður sýna að konunum var refsað í kjölfarið af öðrum bæjarbúum, svo sem með líkamlegu ofbeldi, hunsun, svipbrigðum, nafnaköllum og illu umtali. Hluti bæjarbúa tóku ekki afstöðu með stúlkunum af ótta við afleiðingarnar. Athygli vekur að aðrar stúlkur voru einna virkastar í að refsa stúlkunum. Stúlkurnar fluttu báðar úr bæjarfélaginu vegna þess mótlætis sem þær upplifðu.

Formáli

Rannsókn þessi er metin til 60 eininga til meistaraþrófs í félagsfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Jón Gunnar Bernburg og þakka ég honum fyrir mjög góða leiðsögn, stuðning og þolinmæði við vinnslu þessa verkefnis. Ég hlaut styrk frá Menningar- og minnngarsjóði kvenna í október, árið 2015 og kann ég sjóðnum bestu þakkir fyrir.

Ég vil einnig þakka öllum viðmælendum mínum sem þorðu og vildu taka þátt í rannsókninni um þetta viðkvæma efni. Án þeirra hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika. Ég þakka Ásdísi Helgu Jóhannesdóttur, íslenskufræðingi fyrir prófarkalestur og einnig vil ég þakka Klöru Þorsteinsdóttur fyrir yfirlestur á völdum köflum. Ásgeiri Bachmann þakka ég fyrir stuðning og aðstoð við uppsetningu.

Niðurstöður rannsóknarinnar vöktu athygli áður en ritgerðin var tilbúin. Ég kynnti fyrstu niðurstöður á Druslugöngunni sem haldin var í júlí, árið 2015. Eftir að ég kynnti fyrstu niðurstöður á ráðstefnunni Þjóðarspegillinn sem haldin var í Háskóla Íslands, þann 28. október, árið 2015 þá var þess óskað að ég kæmi og kynnti niðurstöðurnar á fleiri stöðum. Ég hef kynnt niðurstöðurnar og fjallað um þær á ráðstefnu, á málþingum, í útvarpi, í dagblöðum og í sjónvarpsþætti. Bæði fjölmiðlamenn sem og aðrir sem heyrðu af og kynntu sér niðurstöðurnar undruðust yfir hegðun fólks sem fóru gegn stúlkunum og áttu erfitt með að skilja hvaða félagslegu öfl hefðu legið þar að baki.

Ritgerðin er tileinkuð stúlkunum tveimur, brotaþolunum, sem voru svo hugrakkar að leyfa mér að taka við sig viðtöl og einnig að leyfa mér að skoða mál sín í heild. Þið eruð hetjur! Von mín er sú að þessi rannsókn hjálpi til við baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi og að þeir sem segi frá eða kæri slíkt athæfi fái stuðning og svigrúm til þess að vinna úr áfallinu. Síðast en ekki síst þá tileinka ég ritgerðina börnunum mínum þremur sem eru mér allt, Önnu, Andreu og Benedikt.

Efnisyfirlit

Útdráttur	Error! Bookmark not defined.
Formáli	4
1. Inngangur	7
2. Fræðilegt yfirlit.....	10
2.1 Skilgreiningar á nauðgun	10
2.2 Nauðgunarmýtur og staðalímyndir.....	12
2.2.1 Staðalímyndir um nauðganir.....	13
2.2.2. Staðalímyndir um brotþola	14
2.2.3. Staðalímyndir um gerendur.....	14
2.3 Tíðni og einkenni nauðgana	15
2.4. Munurinn á dreifbýli og þéttbýli.....	17
2.5. Einsleitni smábæja	18
2.6. Femínismi	19
2.7. Viðbrögð brotþola við nauðgun	20
2.8. Afleiðingar.....	21
2.8.1. Líkamlegar afleiðingar	21
2.8.2. Tilfinningalegar afleiðingar	22
2.9. Viðbrögð annarra	23
2.9.1. Áhrif viðbragða nærumhverfis á brotþola	25
3. Aðferðafræði.....	27
3.1. Rannsóknaraðferð.....	27
3.2. Þátttakendur	28
3.2.1. Val	29
3.2.2. Aðgengi	29
3.3. Framkvæmd rannsóknar	30
3.3.1. Gagnasöfnun og úrvinnsla	30
3.3.2. Greining rannsóknargagna	31
3.4. Siðferðilegar áskoranir	31
4. Niðurstöður	33
4.1. Umtal og sögusagnir	33
4.2. Nauðgunarmýtur.....	37
4.3. Liðamyndun.....	40
4.3.1. Afstaða með brotþolum	41

4.3.2. Afstaða með gerendum.....	41
4.3.3. Afstaða ekki tekin.....	43
4.3.4. Áróður	45
4.4. Ógnun við sjálfsmynd hópsins	46
4.5. Refsing.....	48
4.5.1. Bein vandlæting	49
4.5.2. Vefenging	52
4.5.3. Hótanir	53
4.5.4. Höfnun.....	54
4.5.5. Lítil stuðningur.....	55
4.5.6. Líkamlegt ofbeldi.....	57
4.5.7. Útskúfun	58
4.5.8. Umtal	59
4.6. Kyn.....	60
4.7. Annað áfall.....	63
4.7.1. Andleg vanlíðan.....	64
4.7.2. Sjálfsmynd	65
4.7.3. Skömm.....	67
4.7.4. Sektarkennd	68
4.7.5. Tengslamyndun	69
4.8. Flótti	71
4.9. Þöggun	75
5. Umræða	78
Heimildir.....	85

1. Inngangur

Hugmyndin að þessari rannsókn kviknaði út frá umfjöllun í fjölmiðlum árið 2013 um nauðgunarkærur í litlum bæjarfélögum. Brotapolarnir sem um var rætt bjuggu í smábæjum bæði hér á landi og erlendis. Í kjölfar ákæranna var brotapolum refsað af öðrum íbúum (DV, 2013; Peck, 2013). Niðurstöður rannsókna benda til þess að félagsleg formgerð samfélaga hafi áhrif á tíðni nauðgana og í samfélögum þar sem er kynjamisrétti sé hærrí nauðganatíðni (Ruback og Ménard, 2001). Eins hefur verið bent á að í smærri bæjarfélögum sé það í raun félagslegt viðmið að fólk eigi ekki að vera að segja frá sínum einkamálum heldur halda þeim fyrir sig. Viðhorf sem þetta er meðal annars talið geta orsakað lægri kærutíðni í dreifbýli (Weisheit, Wells og Falcone, 1995) og með því er ef til vill haldið hlífiskildi yfir gerendum (Ruback og Ménard, 2001).

Svo virðist sem hærrí tíðni nauðgana sé á svæðum þar sem meiri ójöfnuður er á milli kynjanna (Black og McCloskey, 2013). Gera má ráð fyrir því að í smærri bæjarfélögum tileinki fólk sér viðhorf til hefðbundinna kynhlutverka frekar en fólk sem býr í borgum. Þá eru karlmenn taldir hafa hefðbundin viðhorf til hlutverka kynjanna frekar en konur (Anderson og Lyons, 2005). Bent hefur verið á að þeir sem aðhyllast slík viðhorf tileinka sér frekar viðhorf sem felst í að samþykkja mýtur um nauðganir og þeir trúu síður brotþola um að honum hafi verið nauðgað og taki því frekar afstöðu með geranda (Black og McCloskey, 2013; Chapleau og Oswald, 2013).

Eins og Emile Durkheim benti á þá einkennast einsleit samfélög af fámenni og því að íbúarnir hneigjast til svipaðra skoðana. Þá eru félagsleg viðmið og hlutverk niðurnjörvuð og ósveigjanleg. Félagsleg frávik eru ekki leyfð og útskúfun er beitt gagnvart þeim sem og annars konar refsingum. Frávikin þjappa hópnum saman á þann hátt að íbúarnir sameinast enn frekar í sínum skoðunum gagnvart frávikunum (Morrison, 2003). Að þessu leyti eru smábærir áhugaverðir staðir til að skoða viðfangsefnið sem hér er til umfjöllunar.

Rannsóknir benda til þess að ótti við nauðgun sé algengur hjá konum (Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014; Koss, 1993). Þá virðist sem brotþolar óttist einnig þau félagslegu viðbrögð sem þeir geta mætt ef þeir kæra eða segja frá því að hafa verið nauðgað (Ward, 1995). Þrátt fyrir að síðastliðna áratugi hafi þekking á kynbundnu ofbeldi orðið mun útbreiddara en áður þá benda rannsóknir til þess að tíðni nauðgana sé enn há. Rannsóknir benda til að ein af hverjum átta konum í Bandaríkjunum sé nauðgað (Nagel,

Matsuo, McIntyre og Morrison, 2005). Ef litið er til Íslands þá virðist sem að um það bil 13% kvenna á Íslandi hafi verið nauðgað eða verið gerð tilraun til þess eftir að þær náðu 16 ára aldri (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Þegar brotapolar kæra eða segja frá nauðgun hefur sú tilhneiging verið ríkjandi að skella skuldinni á þá fremur en á gerendum. Þannig mæta brotapolar oft neikvæðum félagslegum viðbrögðum (Ahrens, 2006; Chapleau og Oswald, 2013; Davis, Brickman og Baker, 1991; Golding, Siegel, Sorenson, Burnam og Stein, 1989; Ullman, 2000) sem geta valdið því að þeir kjósi að hætta að tjá sig um nauðgunina (Ahrens, 2006; Chapleau og Oswald, 2013). Ein mikilvæg ástæða er sú að nauðgunarmýtur draga upp falska ímynd af nauðgunum, þolendum og gerendum og viðhalda þannig bágri stöðu brotþola (Suarez og Gadalla, 2010).

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Hvaða félagslegu öfl geta farið af stað þegar nauðgun er kærð innan lítills bæjarfélags á Íslandi?
- Hver eru viðbrögð annarra íbúa í litlum bæjarfélögum við slíkri kæru?
- Hvaða áhrif hafa viðbrögð íbúanna á stúlkurnar sem kæra nauðgun innan lítills bæjarfélags?

Í þessari ritgerð skoða ég hvaða félagsfræðilegu öfl leysast úr læðingi þegar nauðgun er kærð í litlu bæjarfélagi. Þátttakendur eru stúlkur sem kærðu nauðgun í tveimur smábæjum og aðrir bæjarbúar. Markmið rannsóknarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi að afla þekkingar og skilnings á viðbrögðum íbúa við nauðgunarkærum í litlum bæjarfélögum, í öðru lagi að skoða hvað það er sem veldur neikvæðum viðbrögðum fólks gagnvart brotþola sem leggur fram nauðgunarkæru innan lítills bæjarfélags og í þriðja lagi að skoða hvaða áhrif slík viðbrögð hafa á brotþola sem hefur kært nauðgun innan lítills bæjarfélags.

Í ritgerðinni er fjallað um fræðilegt yfirlit viðfangsefnisins, rannsóknaraðferðina sem var notuð og niðurstöður rannsóknarinnar. Í lok ritgerðarinnar er umræða.

Í fræðilegu yfirliti er fjallað um skilgreiningar á nauðgun, nauðgunarmýtum og staðalímyndum, tíðni og einkenni nauðgana sem og muninn á dreifbýli og þéttbýli. Þá eru ræddar kenningar sem falla vel að viðfangsefni rannsóknarinnar og hún byggir á. Kenningarnar sem stuðst er við eru kenning Durkheims um einsleit samfélög og femínískar kenningar.

Fjallað er um viðbrögð brotþola þegar honum er nauðgað, afleiðingum nauðgunar á brotþola sem geta verið af tilfinningalegum og líkamlegum toga, félagslegum viðbrögðum sem brotþolar mæta sem og áhrifum viðbragðanna á þá.

Í kafla um aðferðafræði rannsóknarinnar er fjallað um þá nálgun sem notast er við, það er tilviksrannsókn (e. *case study*). Sú aðferð er ein af hefðum eigindlegra rannsóknaraðferða (Creswell, 2013). Farið var eftir aðferð grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*) við greiningu rannsóknargagna. Skýrt er frá þátttakendum og á hverju valið á þeim byggist sem og aðgengi að þeim. Þátttakendurnir koma úr tveimur bæjarfélögum, það eru tvær stúlkur sem kærðu nauðgun í heimabæjum sínum sem og aðrir íbúar þar sem ýmist tóku afstöðu með brotþolunum, gerendunum og einnig þeir sem tóku enga afstöðu. Þá er tekin fyrir framkvæmd rannsóknarinnar þar sem fjallað er um gagnasöfnun, úrvinnslu rannsóknargagna og greiningu á þeim. Að lokum eru siðferðilegar áskoranir rannsóknarinnar teknar til umfjöllunar.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar eru sett fram þau megin þemu sem fram komu við greiningu rannsóknarinnar. Þemun eru níu talsins og fylgja sumum þeirra undirþemu. Af því sem þar kemur fram má helst nefna að stúlkurnar úr báðum bæjarfélögum uppskáru refsingu annarra bæjarbúa fyrir að hafa kært nauðgun. Refsingin kom svo sem fram í því að stúlkurnar upplifðu hunsun, illt augnaráð, hótanir, útskúfun, líkamlegt ofbeldi og neikvætt umtal annarra bæjarbúa þar sem efast var um heilindi þeirra og þær taldar ljúga til um nauðgunina. Af þessum sökum var stúlkunum ekki vært í sínum heimabæjum þannig að þær flúðu í burtu. Í umræðukafla eru niðurstöður rannsóknarinnar ræddar og meðal annars settar í samhengi við fyrri rannsóknir. Þá er fjallað um takmarkanir rannsóknarinnar sem og möguleg tækifæri til að rannsaka viðfangsefnið enn frekar og/eða út frá öðrum sjónarhornum.

2. Fræðilegt yfirlit

2.1 Skilgreiningar á nauðgun

Það getur reynst þrautinni þyngri að skilgreina hvers kyns ofbeldi og í því samhengi þarf að huga að því hvað sé ásættanleg hegðun og hvað ekki, hvaða hegðun sé skaðleg, hvað sé menningarbundið og hvaða gildi séu talin sem norm innan samfélaga. Sem dæmi má nefna að áður fyrr þótti í lagi í Bretlandi, að kennari notaði prik til að lemja nemendur í refsingarskyni. Í dag er slíkt háttalag kennara refsivert samkvæmt lögum (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002).

Nauðgun hefur verið skilgreind á mismunandi hátt og hefur tekið sögulegum breytingum. Sem dæmi má nefna að það var ekki litið á nauðgun í hjónabandi sem glæpsamlegt athæfi út frá lagalegum skilningi í Bretlandi fyrr en árið 1991 (Mason og Lodrick, 2013). Lagalegar skilgreiningar á nauðgun hafa á síðustu áratugum verið settar í víðara samhengi (Frank, Camp og Boutcher, 2008). Lagaleg skilgreining á Íslandi kemur fram í 194. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1949, en hún er svohljóðandi:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðgun gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans (Almenn hegningarlög, XXII. kafli).

Þá segir í 195. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1949:

Þegar refsing fyrir brot gegn 194. grein er ákveðin skal virða það til þyngingar: a. ef þolandi er barn yngra en 18 ára, b. ef ofbeldi geranda er stórfellt, c. ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt (Almenn hegningarlög, XXII. kafli).

Ef litið er til liðar c má velja því upp hvort að með honum sé í raun gerður greinarmunur á því hvernig nauðgun fer fram. Bent hefur verið á að í raun sé gerð krafa af réttarkerfinu um að brotþoli berjist af lífs og sálarkröftum gegn gerandanum eða gerendunum svo að líkamlegir áverkar verði sýnilegri á honum sem leiði þá frekar til sakfellingar geranda (Sigrún Júlíusdóttir, 2011).

Algengustu viðbrögð brotaþola er að frjósa og veita þar með lítið sem ekkert viðnám við nauðguninni (Lodrick, 2007) sem gerir það að verkum að litlir eða engir líkamlegir áverkar eru til staðar (Sugar, Fine og Eckert, 2004). Að auki þekktist það að nauðgun fari fram með þeim hætti að gerandinn nauðgi brotaþolanum á meðan hann sefur (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Samtökin Stígamót skilgreina nauðgun á hnitmiðaðan og skýran hátt án þess að gera greinarmun á með hvaða hætti hún fer fram: „Kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur“ (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2013).

Skilgreining Aþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (e. World Health Organization, WHO) er einnig skýr og afdráttarlaus og í raun víðfeðmari en þær sem hér hafa verið nefndar en auk skilgreiningar á nauðgun er hópnauðgun skilgreind á eftirfarandi hátt:

Nauðgun á sér stað þegar líkamlegt afl eða aðrar þvingunaraðferðir eru notaðar til að þröngva typpi, öðrum líkamshlutum eða hlutum inn í leggöng eða endaparm. Ef einhver gerir tilraun til þessarar athafnar þá telst það sem tilraun til nauðgunar. Ef nauðgun er framin af tveimur eða fleiri gerendum þá er það hópnauðgun (Krug o. fl., 2002, bls. 149).

Þessar ólíku skilgreiningar endurspeгла ef til vill mismunandi viðhorf fólks til nauðgana en rannsóknir hafa sýnt að fólk geti átt erfitt með að skilgreina hvað sé nauðgun og hvað ekki og þar eru brotaþolar ekki undantekning (Ahrens, 2006; Mason og Lodrick, 2013). Það er þekkt að þeir síðarnefndu efist stundum um að þeim hafi verið nauðgað þar sem skilgreiningin er óljós og upplifun þeirra ef til vill á skjön við þær mýtur og viðhorf um nauðganir sem þeir hafa alist upp við (Allison og Wrightsman, 1993; Kahn, Kackson, Kully, Badger og Halvorsen, 2003; Koss, Dinero, Siebel og Cox, 1988; Layman, Gidycz og Lynn, 1996). Bent hefur verið á að brotaþolar skilgreini nauðgun síður sem slíka ef um kunningjatengsl við gerandann er að ræða (Bondurant, 2001; Kahn, Mathie og Torgler, 1994). Þá virðist sem neikvæðar athugasemdir frá nánum vinum og/eða ættingjum geti ýtt undir að brotaþoli efist um að um nauðgun hafi verið að ræða, ef skilgreining hans á nauðgun er óskýr (Ahrens, 2006).

2.2 Nauðgunarmýtur og staðalímyndir

Rannsakendur hafa beint sjónum sínum að viðhorfi fólks til nauðgana (Black og McCloskey, 2013). Í kjölfarið hefur verið bent á að svo virðist sem að sumir hneigist til þess að réttlæta nauðgun á þann hátt að verknaðurinn sé eðlileg afleiðing þess að konur séu tælandi og karlmenn búi yfir sterkri kynþörf. Þetta eru dæmigerðar nauðgunarmýtur (Chapleau og Oswald, 2013) sem hafa verið ríkjandi í gegnum aldirnar (White og Robinson Kurpius, 1999) og gefa til kynna að kynferðisleg árásarhneigð karla sé þeim eðlislæg og hvött áfram af konum sem ýfi þær upp og njóti (Chapleau og Oswald, 2013).

Svo virðist sem að nauðgunarmýtur nái yfir sjálfan verknaðinn, brotþola og geranda (Suarez og Gadalla, 2010). Rannsóknir gefa til kynna að fólk sem er með hefðbundin viðhorf til kynhlutverka samþykki frekar mýtur sem þessar heldur en fólk með frjálslyndari viðhorf til kynhlutverka (Anderson, Cooper og Okamura, 1997; Ben-David og Schneider, 2005; Johnson, Kuck og Schander, 1997; Yamawaki, 2007). Þá virðist sem að þeir einstaklingar sem hafa hefðbundin viðhorf til kynhlutverka séu líklegri til að samþykkja nauðgunarmýtur en þeir sem hafa frjálslyndari viðhorf til slíkra hlutverka. Fyrirnefndir einstaklingar virðast einnig líklegri til að gera lítið úr alvarleika nauðgunarinnar og skella skuldinni á brotþola (Black og McClosky, 2013).

Eins og áður hefur komið fram efast sumir brotþolar um að þeim hafi verið nauðgað (Allison og Wrightsman, 1993; Kahn, Kackson, Kully, Badger og Halvorsen, 2003; Koss, Dinero, Siebel og Cox, 1988; Layman, Gidycz og Lynn, 1996). Jafnframt benda rannsóknir til þess að þegar gerandi er kunningi brotþolans skilgreinir sá síðarnefndi glæpinn síður sem nauðgun (Greenberg og Ruback, 1992; Koss, Dinero, Siebel og Cox, 1988; Ruback, 1993). Þetta viðhorf má ef til vill rekja til þeirra mýta sem viðhafast í samfélagi fólks.

Áætla má að rétt um helmingur fólks telji að undir sumum kringumstæðum sé brotþoli á einhvern hátt ábyrgur fyrir nauðguninni (Mason og Lodrick, 2013). Jafnframt telja sumir að háttsemi brotþolans áður en honum er nauðgað sem og samskipti hans við gerandann geti verið þess eðlis að hann bjóði upp á nauðgunina. Brotþolar eru oft sagðir hafa boðið upp á nauðgun með hegðun sinni. Til að mynda ef kona er klædd á einhvern hátt sem þykir óviðeigandi, hefur ákveðið orðspor eða hefur á einhvern hátt gefið til kynna í upphafi að hún vilji stunda kynlíf, eins og með kossi eða með því að fara heim með þeim sem síðan nauðgar henni. Eftirfarandi þættir hafa einnig verið nefndir:

- Ef brotápoli á í kynferðislegum samskiptum við þann sem síðan nauðgar honum.
- Ef brotápoli fer upp í rúm með geranda þá gefi hann til kynna vilja til samræðis.
- Ef brotápoli drekkur óhóflega.
- Ef brotápoli fer heim í drykk með einstaklingi sem síðan nauðgar honum.
- Ef brotápoli klæðir sig á eggjandi hátt.
- Ef brotápoli dansar við einhvern á kynferðislegan hátt á skemmtistað.
- Ef brotápoli sýnir af sér daðurslega hegðun.
- Ef brotápoli kyssir gerandann áður en nauðgunin fer fram.
- Ef brotápoli þiggur drykk frá gerandanum sem síðan vill eiga við hann mök.
- Ef brotápoli gefur sig á tal við gerandann á skemmtistað áður en nauðgunin á sér stað (Mason og Lodrick, 2013).

En viðhorf sem þetta getur orsakað alvarlega hluti og ýtt undir þætti eins og skömm og sektarkennd brotáþola (Mason og Lodrick, 2013; Anna Bentína Hermansen, 2010).

2.2.1 Staðalímyndir um nauðganir

Rannsóknir benda til þess að fólk sjái gjarnan fyrir sér að nauðgun fari fram utandyra þar sem ókunnugur maður ræðst á konu í dimmu húsasundi og heldur hnífi upp að hálsi hennar og nauðgar henni svo (Mason og Lodrick, 2013). Slíkar nauðganir eiga sér stað í veruleikanum (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013) en eru þó sjaldgæfar (Mason og Lodrick, 2013).

Rannsóknir benda til þess ef vopni er ekki beitt við nauðgun eða ef gerandinn er kunningi brotáþolans þá dregur lögregla vitnisburð brotáþola frekar í efa en ella (Estrich, 1987; LaFree, 1989; Madigan og Gamble, 1991). Brotáþolar sem falla ekki undir skilgreiningu lögreglu og heilbrigðisstarfsfólks hafa sagt frá því að þeir upplifa frá sömu aðilum viðbrögð sem vekja hjá þeim tilfinningar eins og skömm og stimplun (Frazier og Haney, 1996; Larcombe, 2002; Martin og Powell, 1994; Matoesian, 1993; Taslitz, 1999).

Jafnframt má nefna það sem áður hefur komið fram að íslensk lög hvetja til herðinga refsinga ef einhvers konar líkamlegu ofbeldi er beitt að auki (Almenn hegningarlög, XXII. kafli). Ef til vill endurspeglar lögin þessi viðhorf fólks þó að vissulega má finna sterk rök sem styðji það að harðari refsing fylgi meira ofbeldi.

2.2.2. Staðalímyndir um brotaþola

Staðalímynd fólks af „alvöru“ brotaþola er gjarnan einhver sem er nauðgað af ókunnugum og er ekki undir áhrifum vímuefnagjafa á meðan nauðguninni stóð. Að auki er gert ráð fyrir því að „alvöru“ brotaþoli sé með töluverða líkamlega áverka, sé augljóslega í miklu áfalli og hafi tilkynnt nauðgunina umsvifalaust til lögreglu (Maier, 2008). En svo virðist sem að fólk trúir brotaþola frekar að um nauðgun hafi verið að ræða ef hann veitti líkamlegt viðnám gegn gerandanum. Brotaþolar sem veita viðnám með orðum eru síður teknir trúanlegir (Black og McClosky, 2013; Shotland og Goodstein, 1983). Ef til vill endurspeglar þetta viðhorf fólks um að konur vilji kynlíf þó þær neiti því en slíkt viðhorf má helst finna hjá þeim sem hafa hefðbundin viðhorf til kynhlutverka (Muehlenhard og Rodgers, 1998).

Bent hefur verið á að þættir eins og fatnaður og persónuleiki brotaþola geti haft áhrif á það hvort honum sé kennt um nauðgunina eða ekki (Whatley, 1996). Þá virðist sem að brotaþoli sé frekar gerður ábyrgur fyrir nauðguninni ef hann hefur verið undir áhrifum áfengis þegar honum var nauðgað og eins ef hann er talinn ögra hefðbundnum kynhlutverkum (Sims, Noel og Maisto, 2007; Grubb og Turner, 2012). Í nauðgunarmálum virðist þó sem að áfengi komi gjarnan við sögu og sem dæmi má nefna að í rannsókn Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013) kemur fram að á árunum 2008 og 2009 voru brotaþolar í 65,9% tilvika undir áhrifum áfengis og gerendur í 61,3% mála. Hlutfallið miðast við þau mál þar sem lág ljóst fyrir um hvort um áfengisneyslu hefði verið að ræða eða ekki.

2.2.3. Staðalímyndir um gerendur

Svo virðist sem að brotaþoli og gerandi tengist oftast en ella kunningja- og/eða vinaböndum. Þrátt fyrir það hefur fólk tilhneigingu til að halda að gerandinn sé brotaþolanum ókunnugur. Í hópi gerenda má þó finna fyrrverandi maka, kunningja, samstarfsfélaga og aðra sem brotaþolin ber jafnvel einhvers konar traust til (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2016; Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013; Koss, 1998; Martin, Taft og Resick, 2007; Tjaden og Thoennes, 1998). Þá virðist sem nauðgun sé

frekar kærð ef gerandinn er ókunnugur (Maier, 2008). Í því samhengi hefur verið bent á að í þéttbýli eru hlutfallslega fleiri nauðganir tilkynntar til lögreglu en það hefur verið rakið til þess að þar eru ókunnugir gerendur hlutfallslega fleiri en á dreifbýlum svæðum (Ruback og Ménard, 2015).

Ef brotapolar tengjast geranda í gegnum kunningskap er fólk líklega til að telja brotþola ábyrga fyrir nauðguninni (Grubb og Harrower, 2006). Þá virðist sem að lögregla dragi úr trúverðugleika brotþola ef sá síðarnefndi tengist gerandanum í gegnum einhvers konar kunningskap (Maier, 2008).

Rúmlega 47% gerenda voru ekki á sakaskrá áður en þeir voru kærðir fyrir nauðgun í þeim málum sem sakavottorð lá fyrir (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Það er áhugavert í ljósi niðurstaða þessarar rannsóknar sem hér er skýrt frá. Þar kom fram hjá þeim þátttakendum sem trúðu gerendunum að þeir gerðu það meðal annars á þeim forsendum að þeir væru góðir strákar og höfðu ekki sýnt af sér slíka hegðun áður líkt og það undirstriki sakleysi þeirra.

2.3 Tíðni og einkenni nauðgana

Konur tilheyra hópi brotþola í mun hærra hlutfalli en karlar (Maier, 2008) og eru íslenskar konur þar engin undantekning. Af tilkynntum nauðgunum á Íslandi á árunum 2008 til 2009 voru 98% brotþolenda konur eða stúlkur. Hvað aldur varðar þá voru rétt rúmlega 40% þeirra undir 18 ára aldri (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Áætlað er að í Bandaríkjunum sé einni af hverri átta konum nauðgað eða gerð tilraun til þess á meðan einn af hverjum 33 karlmönnum er nauðgað eða gerð tilraun til þess (Maier, 2008). Svo virðist sem að um 13,2% kvenna á aldrinum 18 til 80 ára hafi verið nauðgað eða tilraun gerð til þess eftir að þær náðu 16 ára aldri hérlendis (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Ferlið þegar nauðgun er kærð getur verið flókið og langt, auk þess sem fá mál komast alla leið í kerfinu (Bouffard, 2000). Nauðganir sem eru kærðar til lögreglu endurspeгла að öllum líkindum ekki fjölda nauðgana þar sem ólíklegt er að þær berist allar á borð lögreglu (Campbell, 2005; Campbell o. fl., 1999; Frazier og Haney, 1996; Hildur Fjóra Antonsdóttir; Koss, 1995; Russell, 1984; Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Svo virðist sem að

nauðgun sé sá glæpur sem er hvað minnst kærður til lögreglu (Menon, 1983) og áætlað er að einungis um 10-50% þeirra séu kærðar (Williams, 1984).

Kærur vegna nauðgana eru þó taldar hafa aukist og svo virðist sem þættir eins og lagalegar breytingar, breyting á kynhlutverkum kvenna og tengsl landa og svæða við umheiminn, það er minni einangrun hafi haft áhrif þar á (Frank, Hardinge, Wosick-Correa, 2009). Þá hefur verið bent á að þó að brotapolí kærí nauðgun er ekki þar með sagt að gerandinn verði sakfelldur þar sem að það er sjaldnast raunin (Campbell og Johnson, 1997).

Það að nauðgun sé tilkynnt eða kærð til lögreglu er áriðandi við framkvæmd og umbætur laga. Þá er ekki síður áriðandi að fylgja þeim eftir með rannsókn, handtöku, sakfellingu og dómi svo hægt sé að tala um að lögin séu framkvæmd og þeim framfylgt (Jenness og Grattet, 2001; McVeigh, Rory, Welch og Bjarnason, 2003).

Glæpatíðni er hærri í þéttbýli en dreifbýli þegar litið er til þeirra afbrota sem berast til lögreglu (Laub, 1983). Þessi mismunur hefur til dæmis verið rakinn til hærri íbúafjölda, fjölbreyttari þjóðernishópa, meiri búsetuóstöðugleika og meiri fátæktar í þéttbýli (Shaw og McKay, 1942). Rannsóknir hafa þó bent á að þetta gefi ekki endilega rétta mynd af veruleikanum þar sem munurinn geti ef til vill legið í tilkynntum afbrotum til lögreglu. En svo virðist sem að tilkynningar vegna afbrota berast lögreglu frekar á þéttbýlum svæðum en dreifbýlum (Ruback og Ménard, 2001).

Þá hafa niðurstöður rannsókna gefið vísbendingar um að nauðganir þar sem þolandinn þekkir til gerandans séu síður tilkynntar til lögreglu en þar sem gerandinn er ókunnugur (Greenberg og Ruback, 1992; Koss, Dinero, Seibel og Cox, 1988; Maier, 2008; Ruback, 1993; Ruback, 1994). Þá virðist sem brotapolar á dreifbýlum svæðum óttist frekar en ella að ef þeir kærí nauðgunina þá fréttist það til annarra. Þetta hefur að líkindum áhrif í smærri bæjarfélögum þar sem fólk þekkt eða kannast við hvert annað (Ruback og Ménard, 2001).

Í rannsókn Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013) er bent á að tilkynningum sem berast til lögreglu um nauðganir er ekki öllum fylgt eftir með kæru. Sem dæmi má nefna að á árunum 2008 og 2009 bárust 51 tilkynningar til lögreglu án þess að úr þeim yrði kæra. Ástæða þess að kærur voru ekki lagðar fram eru áhugaverðar en koma ef til vill ekki á óvart ef litið er til þeirra mýta og viðhorfa sem viðgangast hjá fólki varðandi nauðganir. Eftirfarandi ástæður voru gefnar upp:

- Brotapolar slepptu því að kæra af því að þeir kenndu sér um nauðgunina.

- Brotapolar vildu frekar að gerandinn viðurkenndi verknaðinn í stað þess að kæra hann.
- Brotapolar óttuðust gerandann of mikið til að kæra hann.
- Brotapolar óttuðust viðbrögð frá maka sínum.
- Minni brotapolu um atvikið var stopult.
- Brotapolar ásökuðu sig um nauðgunina þar sem þeir höfðu gefið gerandanum undir fótinn fyrr um kvöldið.
- Brotapoli vildi ekki kæra til að forðast „vesen“.
- Brotapola fannst sem það myndi ekki hjálpa honum að kæra, það er hann yrði ekki bættari fyrir vikið.
- Brotapolar vildu einungis tilkynna nauðgunina þar sem það væri liður í úrvinnslu þeirra á brotinu.
- Sumir brotapolar voru óvissir um að nauðgun hefði átt sér stað.
- Brotapolar voru ekki vissir um að atvikið félli undir skilgreiningu um nauðgun.

2.4. Munurinn á dreifbýli og þéttbýli

Samanborið við þéttbýli þá einkennir það dreifbýl svæði að þar er meiri kunningsskapur á milli fólks, meiri landfræðileg einangrun og fólk hneigist í meiri mæli til að fela persónuleg mál sín. Í dreifbýli er andrúmsloftið gjarnan þannig að það felur í sér óformlegar hömlur sem byggja á félagslegum viðmiðum um að fólk eigi að halda sínum vandamálum út af fyrir sig en ekki vera að bera þau á annarra manna borð (Weisheit, Wells og Falcone, 1995). Bent hefur verið á að félagsleg viðmið sem þessi geti haldið hlífiskildi yfir gerendum í nauðgunarmálum (Ruback og Ménard, 2001).

Þegar litið er til þess hvort munur sé á tíðni afbrota í dreifbýli og þéttbýli virðist sem að svo sé (Laub, 1993). Þetta hefur verið rakið til þátta eins og hærri íbúafjölda, efnahagslegs ójafnaðar, ólíkra þjóðernishópa, búsetuóstöðugleika og fleiri heimili einstæðra mæðra (Shaw og McKay, 1942). Þó hefur verið bent á að líklega sé lítill sem enginn munur nema sá að í þéttbýli eru afbrot frekar tilkynnt til lögreglu en í dreifbýli (Ruback og Ménard, 2005). Af þessum sökum hefur verið bent á að varlega eigi að fara í að áætla tíðni nauðgana út frá tilkynntum nauðgunum til lögreglu eða til þeirra sem sækja sér aðstoðar hjá miðstöðvum

fyrir brotþola þar sem að það síðarnefnda þarf ekki að endurspegla hversu hátt hlutfall nauðgana er á hverjum stað að hverju sinni (Ruback og Ménard, 2001).

Rannsóknir hafa sýnt fram á mun bæði þegar kemur að tíðni nauðgana sem og því hversu margar þeirra eru tilkynntar til miðstöðva fyrir brotþola sem og til lögreglu (Ruback og Ménard, 2001). Þessar niðurstöður eru áhugaverðar og má rekja þennan mun til nokkurra þátta svo sem að hærra menntunarstig er hjá fólki að meðaltali sem býr í þéttbýli en leiða má líkum að því að það hafi áhrif á hvort fólk leiti sér hjálpar. Í þéttbýli eru nauðganir af hendi ókunnugra algengari en í dreifbýli en nauðganir eru frekar kærðar ef gerandi er ókunnugur. Fólk í dreifbýli hefur frekar áhyggjur af því að það fréttist að nauðgunin sé kærð en það getur verið nóg að bíll brotþola sjáist fyrir utan lögreglustöðina til að sögur fari á kreik og eins geta brotþolar upplifað of mikla skömm af því að fara og tilkynna nauðgun til lögreglufulltrúa sem þeir jafnvel kannast við vegna smæðarinnar í samfélaginu (Ruback og Ménard, 2001).

Til að setja umfjöllunina hér að ofan í samhengi við Ísland þá má benda á að samkvæmt rannsókn Hildar Fjólú Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013) var engin teljanlegur munur á milli nauðgunarkæra á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni á árunum 2008 og 2009. Á höfuðborgarsvæðinu tilheyrðu kærurnar 27,3 á hvern íbúa en á landsbyggðinni 28,4 á hvern íbúa. Ef til vill hækkar kærutíðni á landsbyggðinni vegna þess að þar eru flestar útihátíðir haldnar en þekkt er að á slíkum skemmtunum eru nauðganir oft tilkynntar til lögreglu.

2.5. *Einsleitni smábæja*

Í bók sinni *Division of labor in society* fjallar Emile Durkheim (2013) um samstöðu samfélaga og félagsleg frávík. Hann setur fram kenningu um vélræna samstöðu samfélaga (e. *mechanic solitarity*). Einkenni slíkra samfélaga eru eftirfarandi:

- a) íbúar eru einsleitur hópur.
- b) samfélögin eru fámenn og einangruð.
- c) verkaskipting er byggð á félagslegri samvinnu með lítilli eða engri sérhæfingu.
- d) trúarbrögð eru ráðandi.
- e) íbúarnir hafa svipuð gildi og hefðir.

- f) einstaklingar eru ósjálfstæðir.
- g) refsilög eru byggð á hörðum og ofbeldisfullum viðurlögum með það að leiðarljósi að áréttu gildi og trú.
- h) félagsleg samheldni er sterk og viðhorf og félagsleg tengsl milli einstaklinga byggjast á sérsniðnum skyldum og viðhorfum.

Sá sem brýtur gegn gildum og/eða venjum samfélagsins uppsker harða refsingu fyrir vikið. Kenningin á vel við í smærri bæjarfélögum þar sem vélræn samstaða finnst fremur en í stórum bæjarfélögum.

Þannig má gera ráð fyrir að þegar stúlka kærir nauðgun innan lítils bæjarfélags sem fellur undir skilgreiningu Durkheims (2013), þá sé hún að fara gegn gildum samfélagsins. Ef litið er til niðurstaðna þessarar rannsóknarinnar virðist sem að samkvæmt gildum slíkra samfélaga sé líklegra að íbúar trúir því frekar að einstaklingur ljúgi til um að hafa verið nauðgað en að einstaklingur nauðgi. Þá benda niðurstöðurnar einnig til þess að brotapolar eigi ekki að kæra nauðgun heldur halda þeirri vitneskju fyrir sig. Þannig má segja að þegar stúlka kærir nauðgun fer hún gegn þessum gildum og skoðunum. Hún ógnar með því stöðugleika og gildum bæjarbúa sem snúa bökum saman til að standa vörð um gildi samfélagsins og finnst ógn stafa af stúlkunni. Með öðrum orðum þá ógnar hún þeim gildum sem samfélagið stendur fyrir sem og stöðugleika þess. Stúlkan verður að fráviki í samfélaginu og ber úr bítum harða refsingu fyrir vikið.

Kai Erikson studdist við kenningu Durkheims um vélræna samstöðu innan samfélaga, þegar hann framkvæmdi rannsókn á Púrítonum sem voru uppi á 17. öld og bjuggu á Nýja Englandi (Giddens og Sutton, 2009). Samfélag þeirra einkenndist af vélrænni samstöðu sem kom meðal annars fram í sterkum trúarskoðunum þeirra og gildum. Í tilfalli Púríтана var hópur kvenna sakaður um að stunda galdra og var sú hegðun talin til frávíks innan samfélagsins. Fyrir vikið jókst samstaða og verulegt nornafár skapaðist þegar stór hluti samfélagsins fór gegn meintum norðum sem var refsað harðlega (Erikson, 2004).

2.6. *Femínismi*

Kenning Durkheims skýrir þó ekki að fullu af hverju brotapolinn verður að fráviki í stað gerandans og því getur verið gagnlegt að skoða það út frá femínískum kenningum. Femínísk

fræði hafa löngum bent á að nauðgun þjóni þeim tilgangi að viðhalda valdaleyfi kvenna og að „halda þeim á sínum stað“ (Brownmiller, 1975; MacKinnon, 1987). Bent hefur verið á að þær konur sem taldar eru ögra hefbundnum kynhlutverkum, séu frekar sakaðar um að bera ábyrgð á nauðgun sem þær verða fyrir heldur en þær konur sem ekki eru taldar ögra slíkum hlutverkum (Grubb og Turner, 2012). En leiða má líkur að því að í litlum bæjarfélögum séu kynhlutverkin hefðbundnari en í þeim stærri.

Sylvia Walby (2010) hefur fjallað um kynjakerfið. Hún bendir á að kynhegðun karla og kvenna lúti ekki sömu lögmálum þar sem ólíkar reglur gildi milli kynjanna. Jafnframt hefur verið bent á að munurinn á kynhegðun kynjanna endurspegli þau félagslegu viðmið (e. *norm*) að karlmenn eigi fleiri rekkjunauta en konur (Shearer, Hostermann, Gillen og Lefkowits, 2005) þannig að konur eig í raun ekki að fara fram úr sér í þeim efnun. Ætla má að þær konur sem gera það verði ef til vill að einhvers konar fráviki í samfélögum þar sem þetta viðhorf ríkir.

2.7. Viðbrögð brotþola við nauðgun

Þegar nauðgun á sér stað er ýmislegt sem styður við að ekki hafi verið um slíkan verknað að ræða þó svo að raunin sé önnur. Þetta skýrist meðal annars af því að við nauðgun er mjög líklegt að brotþoli upplifi ótta, bjargarleysi og ringulreið. Brotþolar hafa lýst reynslu sinni á þann hátt að þeir hafi farið í sinn eigin heim, útilokað raunveruleikann og yfirgefið líkama sinn á meðan nauðguninni stóð. Þannig að mikilvægt er að hafa í huga að fyrstu viðbrögð brotþola þegar þeim er nauðgað geta verið á fleiri en einn veg allt frá því að berjast af alefli í að sýna lítill sem engin viðbrögð af ótta. Þrátt fyrir þessa vitneskju virðist fólk eiga erfiðara með að trúa orðum brotþola sem veitir geranda ekki líkamlegt viðnám (Mason og Lodrick, 2013).

Það er auðvelt að gera sér í hugarlund að flestir brotþolar bregðist við með því að streitast við eða berjast á móti nauðgaranum en svo er ekki. Fæstum sem er nauðgað bregðast við með því að verja sig. Þekkt er að brotþolar frjósi og þori ekki að berjast gegn nauðgaranum meðal annars af ótta við að verða drepnir vegna þess og taka sumar konur nánast þátt í samræðinu án þess að mótmæla af ótta við hvað gæti gerst í kjölfarið. Sumir brotþolar ná þó að veita gerandanum viðnám (Levine og Frederick, 1997). Ástæðuna fyrir þessu ósamræmi, milli þess sem fólk heldur að séu algeng viðbrögð og raunverulegra

viðbragða, virðist mega rekja til taugalíffræðilegra viðbragða. Sem sagt algeng viðbrögð brotþola eru taugalíffræðilegs eðlis sem lýsir sér í því að þegar við hugsum um hvernig við myndum bregðast við nauðgun, þá notum við rökhugsun en slík hugsun skerðist hjá einstaklingum sem mæta einhvers konar ógn. Viðbrögðin „fight, flight and freeze“ eru vel þekkt innan fræðanna og í þeim felast mismunandi viðbrögð brotþola og svo virðist sem að þeir bregðist við á þann hátt sem þeir telja heillavænlegastan til þess að lifa árásinu af (Lodrick, 2007).

2.8. Afleiðingar

Afleiðingar. Nauðgun getur haft verulega alvarlegar líkamlegar og tilfinningalegar afleiðingar í för með sér fyrir brotþola (Campbell, Ahrens, Sefl, Wasco og Barnes, 2001; Koss, 1993; Krug o. fl., 2002). Afleiðingar nauðgana geta varað allt upp í ár og jafnvel lengur hjá sumum brotþolum (Koss, 1993).

2.8.1. Líkamlegar afleiðingar

Líkamlegu afli er ekki alltaf beitt við nauðgun og þar af leiðandi eru líkamlegir áverkar ekki alltaf afleiðing (Krug o. fl., 2002). En slíkir áverkar geta verið allt frá marblettum upp í alvarlegri áverka eins og beinbrot sem þó er sjaldgæft (Læknablaðið, 2000). Þá getur nauðgun leitt til dauða brotþola en það er þekkt að gerandi myrði brotþola, brotþoli fyrirfari sér eða látist af völdum alnæmis (Krug o. fl., 2002).

Brotþolar eiga á hættu að smitast af kynsjúkdómum, svo sem HIV veirunni (Krug o. fl., 2002), auk þess sem möguleiki er á að kvenkyns brotþolar verði þungaðir við nauðgun (Læknablaðið, 2000; Maier, 2008). Það hefur þó dregið úr því með tilkomu neyðarpillunnar (Læknablaðið, 2000). Eins eru aðrir líkamlegir sjúkdómar og kvillar þekktar afleiðingar (Koss, 1993).

2.8.2. Tilfinningalegar afleiðingar

Algengustu afleiðingar nauðgana eru af geðrænum toga svo sem áfallastreituröskun, kvíði og þunglyndi (Anna Bentína Hermansen, 2010; Filipas og Ullman, 2001; Foa og Riggs, 1993; Koss, 1993; Krug o. fl., 2002; Martin, Taft og Resick, 2006; Nagel o. fl., 2005; Sadock, Sadock og Ruiz, 2015). Jafnframt hafa rannsóknir leitt í ljós að brotáþolar upplifi oft tilfinningar eins og skömm, sektarkennd og sjálfsásakanir (Anna Bentína Hermansen, 2010; Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Koss, 1993).

Þá eru aðrar þekktar afleiðingar átröskun (Cybulska og Forster, 2010), erfiðleikar í tengslum við kynlíf (Koss, 1993) og svefntruflanir. Enn fremur er það þekkt að brotáþolar leiðast út í misnotkun á áfengi og/eða vímuefnum og eins að þeir taki líf sitt eða geri tilraun til þess (Krug o. fl., 2002).

Svo virðist sem að konur sem hafa reynt hvers konar kynferðisofbeldi á eigin skinni eigi hvað erfiðast með að vinna úr tilfinningum eins og skömm, sektarkennd og sjálfsásökun (Anna Bentína Hermansen, 2010). Þá er það þekkt að tilfinning eins og skömm geti aukið á kvíða (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

Áfallastreituröskun (PTSD). Það er ástand þar sem einstaklingur upplifir verulega streitu og kvíða í kjölfar þess að verða fyrir áfalli eins og nauðgun. Til samanburðar má benda á að önnur áföll sem þekkt eru að orsaki áfallastreituröskun eru náttúruhamfarir, alvarleg bílslys, líkamsárásir, alvarleg brunaslys, að vera greind/ur með ólæknanlegan sjúkdóm, að búa í stríðshráðum löndum (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015). Þá virðist sem að neikvæð félagsleg viðbrögð gagnvart brotáþola auki líkur á því að hann fái áfallastreituröskun (Filipas og Ullman, 2001).

Einkenni áfallastreituröskunar er að einstaklingar upplifa atburðinn síendurtekið í draumum sínum og daglegum hugsunum, reyna að forðast það sem á einhvern hátt minnir á atburðinn sem olli áfallinu og endurupplifun (e. *flashback*) á atburðinum sem olli áfallinu (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

Kvíði. Ólíkt ótta sem er viðbragð við þekktum og skýrum aðstæðum þá er kvíði viðbragð við óþekktri og óljóstri innri ógn. Kvíðinn setur einstaklinginn í stellingar líkt og yfirvofandi hætta sé á ferð (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015). Þeir sem eru haldnir kvíða geta fundið fyrir líkamlegum einkennum eins og höfuðverk, aukinni svitamyndun, hröðum hjartslætti, þrengsli í brjósti, magaónotum, vöðvaspennu, svefntruflunum, pirringi og eirðarleysi. Þá getur tilfinning eins og skömm aukið kvíða hjá einstaklingum (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

Kvíðanunum fylgja verulegar áhyggjur sem einstaklingurinn á erfitt með að hafa stjórn á, hann er streituvaldandi og getur haft skaðleg áhrif á mikilvæga þætti í lífi þess sem er með hann (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

Þunglyndi. Einkenni þunglyndis eru breytingar á matarlyst, breytingar á svefni og virkni, skortur á orku, sektarkennd, hugsanir um vandamál, erfiðleikar við að taka ákvarðanir og þrálátar hugsanir um dauða og sjálfsvíg (Sadock, Sadock og Ruiz, 2015).

2.9. Viðbrögð annarra

Vinir, fjölskylda og fagaðilar eru þeir sem brotaþolar leita helst til eftir að hafa verið nauðgað (Ahrens, 2006). Rannsóknir benda þó til þess að mismunandi er hvort og hvenær brotaþolar segja frá því að þeim hafi verið nauðgað. Á meðan einhverjir segja frá bera aðrir harm sinn í hljóði (Fisher, Daigle, Cullen og Turner, 2003; Filipas og Ullman, 2001; Golding, o. fl., 1989; Ullman, 1996). Svo virðist sem að um 34% brotaþola segi strax frá því að hafa verið nauðgað, um 18% segi frá því nokkrum dögum seinna, um 14% segja frá nokkrum vikum seinna, um 5% ári seinna, um 29% bíða með það í meira en ár. Þá eru um 5% brotaþola sem segja ef til vill aldrei frá því að hafa verið nauðgað. Með öðrum orðum segir um þriðjungur brotaþola strax frá því að hafa verið nauðgað, um þriðjungur segir frá því á einhverjum tímamarki fyrsta árið, um þriðjungur segir frá því eftir meira en ár og um 5% segir aldrei frá (Ullman, 1996).

Ýmsar ástæður fyrir því að brotaþolar tjá sig ekki strax eða aldrei um að hafa verið nauðgað eru þekktar. Í því samhengi má nefna afneitun, að forðast að horfast í augu við atburðinn, að vita ekki hverjum er óhætt að treysta fyrir vitneskjunni (Herman, 1992; Janoff-Bulman, 1992), ótti við að fá á sig stimpil frá öðrum, ótti við sögusagnir þess efnis að brotaþoli beri sjálfur ábyrgð (Acock og Ireland; 1983; Burt, 1980; Resick, 1981; Fischer, 1987) og að lokum þá er gerandi oft hluti af félagslegu neti brotaþola sem gerir þeim síðarnefnda erfiðara um vik (Koss, 1995; Russell, 1984; Sudderth, 2014).

Þrátt fyrir að áður upptaldar afleiðingar þess að vera nauðgað séu þekktar mæta brotaþolar ekki alltaf skilningi frá öðrum. Nánar til tekið þá virðist sem þeir eigi á hættu að mæta neikvæðum viðbrögðum þegar þeir segja einhverjum frá (Ahrens, 2006; Anderson og Lyons, 2005; Anna Bentína Hermansen, 2010; Campbell o. fl., 2001; Ullman, 1999; Golding o. fl., 1989; Nagel o. fl., 2005). Þá virðist sem það skipti ekki máli hvað brotaþolar gerðu eða

hvernig þeir hegðuðu sér því þeim sé fundið eitthvað til foráttu þannig að hægt sé að gera þá ábyrga fyrir nauðguninni (Ahrens, 2006).

Bent hefur verið á að ólíkt öðrum glæpum, eins og innbrotum og annars konar árásum, þurfi þolendur nauðgana ekki aðeins að sanna að glæpur hafi átt sér stað heldur einnig að þeir hafi ekki átt hlutdeild í honum. Með öðrum orðum þá þurfa þeir að sanna að þeir beri ekki neina ábyrgð á því að hafa verið nauðgað (Burt, 1980; Pollard, 1992).

Rannsóknir benda til þess að birtingarmynd neikvæðra félagslegra viðbragða í garð brotþola séu að hann mæti reiði annarra, honum sé ekki gefið færi á að tala um nauðgunina, honum sé ekki trúað, honum sé kennt um, hann sé sagður hafa átt nauðgunina skilið, gert sé lítið úr alvarleika nauðgunarinnar, hann sé ekki virtur að vettugi auk þess sem hann eigi á hættu að mæta annars konar fjandsamlegri hegðun frá fólki. Þá benda rannsóknir til þess að það sé algengt að brotþola sé neitað um faglega aðstoð á grundvelli þess að orð hans séu ekki tekin alvarleg (Ageton, 1983; Ahrens, 2006; Campbell o. fl., 1999; Filipas og Ullman, 2001; Golding, Siegel, Sorenson, Burtnam og Stein, 1989; Madigan og Gamble, 1991; Nagel o. fl., 2005; Sudderth, 1998; Ullman, 1996).

Jákvæð félagsleg viðbrögð einkennast meðal annars af félagslegum stuðning sem brotþoli upplifir frá öðrum eins og að fá að tala um nauðgunina þannig að á hann sé hlustað og að honum sé trúað (Campbell o. fl., 2001; Ullman, 1996).

Afleiðingar nauðgunar einskorðast ef til vill ekki einungis við nauðgunina sjálfa heldur það sem á eftir kemur, það eru viðbrögð frá öðru fólki (Campbell, 2001; Nagel o. fl., 2005) sem geta verið ýmist jákvæð eða neikvæð (Ahrens, 2006). Svo virðist sem að um 63% brotþola upplifi einhvers staðar frá að vera kennt um nauðgunina, það er ábyrgðin er sögð liggja hjá honum. Jafnframt virðist sem að um 90% brotþola upplifi tilfinningalegan stuðning (Ullman, 1996).

Rannsóknir benda til þess að þegar fólk lendir í áfalli þá sé mikilvægt að það fái tækifæri til að tjá sig um það hvað varðar tilfinningalegar og líkamlegar afleiðingar (Pennebaer, Kiecolt-Glaser og Glaser, 1988). Þá hafa rannsakendur ítrekað fundið í niðurstöðum sínum tengsl þess efnis að neikvæð félagsleg viðbrögð geti haft skaðleg áhrif á tilfinningalega aðlögun brotþola (Fiore, Becker og Coppel, 1983; Rook, 1984; Sandler og Barrera, 1984; Schuster, Kessler og Aseltine, 1990).

Sérfræðingar á sviði kynferðisafbrotá eins og lögreglumenn og heilbrigðisstarfsfólk geta haft veruleg áhrif á meðferð og bata brotþola (Madigan og Gamble, 1991). Um helmingur

brotapola hafa sagt frá því að þeir hafi haft áhyggjur af því hvort þeir myndu fá réttláta meðferð í réttarkerfinu (Konradi og Burger, 2000). Svo virðist sem að sami hluti, eða um helmingur brotapolu upplifi, verði fyrir sársaukafullri reynslu af hálfu réttarkerfisins (Campbell o. fl., 2001).

2.9.1. Áhrif viðbragða nærumhverfis á brotapolu

Niðurstöður rannsókna hafa ítrekað gefið til kynna að þau félagslegu viðbrögð sem þolendur upplifa í kjölfar þess að segja frá nauðgun geti vegið þungt þegar kemur að bata þeirra og verið beinlínis skaðleg ef þau eru neikvæð (Campbell, Sefl, Barnes, Ahrens, Wasco og Zaragoza-Diesfeld, 1999; Campbell o. fl., 2001; Filipas og Ullman, 2001; Golding o. fl., 1989; Sandler og Barrera, 1984; Ullman, 1999; Ullman, 2006).

Þá benda rannsóknir til þess að neikvæð félagsleg viðbrögð geti meðal annars ýtt undir frekari geðræn vandkvæði eins og kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun (Campbell o. fl., 1999; Campbell og Raja, 2005; Ullman, 2006). Eins geta slík viðbrögð stuðlað að ótta við frekari neikvæð viðbrögð, þöggun brotapolu, að finnast sem það gagnist þeim ekki að segja frá né að þeir fái þá aðstoð sem þeir þurfa, skömm og sektarkennd (Ahrens, 2006; Campbell og Raja, 2005).

Þessar niðurstöður benda til þess að neikvæð viðbrögð frá öðrum geti haft verulegar afleiðingar í för með sér fyrir brotapolu sem þurfa að þola refsandi fordæmingu ofan á það áfall sem þeir hafa áður þurft að þola. Slíkum félagslegum viðbrögðum hefur verið líkt við aðra árás (e. *secondary victimization*) á brotapolu (Campbell 1998; Madigan og Gamble, 1991; Martin og Powell, 1994; Williams, 1984).

Það að kenna brotapolu um hefur verið tengt við enska hugtakið **victim blaming** sem vísar í það þegar fólk er að ósekju talið ábyrgt vegna einhvers óláns sem það verður fyrir (Harber, Podolski og Williams, 2015). Ef þetta er yfirfært yfir á brotapolu nauðgunar þá vísar þetta til þess að hann sé talin ábyrgur fyrir að hafa verið nauðgað.

Þegar brotapolur fá jákvæðan félagslegan stuðning frá öðrum þá virðist sem það geti skipt sköpum fyrir hann. Slíkur stuðningur felur meðal annars í sér að brotapolur upplifi að þeim sé trúað og að á þá sé hlustað þegar þeir tjá sig um nauðgunina. (Campbell o. fl., 2001; Ullman, 2006). Rannsóknir benda einmitt til þess að brotapolur sem fá félagslegan stuðning eigi við minni andleg og líkamleg vandamál að stríða í kjölfar nauðgunar sem styður við það að slíkur stuðningur ýti undir bata þeirra (Campbell o. fl., 2001).

Sá stuðningur sem kemur úr röðum vina brotaþola virðist veða þyngst þegar kemur að bata hans (Ullman, 1996). En rannsóknir benda til þess að það séu einmitt þeir sem sýni brotaþola hvað mestan stuðning þegar á reynir (Golding o. fl., 1989, Popiel og Suskind, 1985).

Neikvæð félagsleg viðbrögð eru algeng og geta haft verulega alvarlegar afleiðingar fyrir brotaþola (Ahrens, 2006) og hafa því vaknað upp spurningar þess efnis hvort það geti verið rökréttast að sleppa því að kæra nauðgun þegar öllu er á botninn hvolft (Sudderth, 1998). Sumir brotaþolar sjá jafnvel eftir að hafa sagt frá nauðgun vegna þeirra viðbragða sem þeir upplifa. Að auki hefur verið bent á í þessu samhengi að rödd hvers og eins eigi að hafa tækifæri sem og rétt til þess að heyrast. Sá sem hefur ekki þennan möguleika er í raun þaggaður niður. Með þessu er rödd ákveðins einstaklings eða hóps þögguð niður og kúguð á meðan rödd annarra fær að heyrast. (Ahrens, 2006).

En líkt og áður hefur verið fjallað um eru þekkt raunveruleg dæmi þar sem stúlkur, sem kærðu nauðgun í litlum bæjarfélögum, uppskáru hörð viðbrögð annarra íbúa í kjölfarið. Raddir þeirra sem tók afstöðu gegn þeim stúlkum voru háværar og áberandi þannig að fjölmiðlar sögðu af því fréttir (DV, 2013; Peck, 2013).

3. Aðferðafræði

Í þessum kafla verður: a) gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar sem byggist á eigindlegum rannsóknaraðferðum, b) farið yfir rannsóknarsnið, c) rætt val og aðgengi á þátttakendum, d) skýrt frá gagnasöfnun og úrvinnslu, e) greining rannsóknargagna og f) rætt siðferðilegar áskoranir rannsóknarinnar.

3.1. Rannsóknaraðferð

Eigindleg rannsóknaraðferð er nálgun sem gerir rannsakanda kleift að skoða reynslu fólks í smáatriðum og til að dýpka skilning sinn á viðfangsefninu og miðla honum áfram í gegnum rannsókn sína. Þá er rannsóknaraðferðin gagnleg til að kanna ný viðfangsefni og skoða flókin viðfangsefni með það að markmiði að útskýra viðhorf og hegðun fólks þegar um viðkvæmt viðfangsefni er að ræða, þegar um er að ræða þætti sem erfitt er að mæla með megindlegum aðferðum, til að gefa ákveðnum hópum eða viðfangsefni rödd og koma einhverju á framfæri sem þarf að skoða betur (Chreswell, 2013). Þess vegna hentar aðferð eigindlegra rannsókna þegar skoða á viðfangsefni sem þetta.

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er ekki markmiðið að geta alhæft út frá úrtaki yfir á þýði líkt og í megindlegum rannsóknum. Heldur til að dýpka skilning á viðfangsefninu. Þátttakendur hvernar rannsóknar eru fulltrúar ákveðinnar sameiginlegrar reynslu (Neuman, 2014). Gögn rannsakenda byggjast meðal annars á viðtölum, athugunum og ýmis konar skjölum. Oftar en ekki er notast við fleiri en eina gerð af gagnasöfnun (Creswell, 2013).

Rannsakandinn sjálfur er mælitækið í eigindlegri rannsókn og því er mikilvægt áður en hann byrjar á rannsókninni að hann geri sér grein fyrir því hvar hann stendur í sambandi við ákveðna þætti varðandi viðfangsefni rannsóknarinnar. Hann þarf að þekkja eigin hugmyndir um viðfangsefnið, hvert hans innlegg er varðandi tiltekna þætti og sýn sína á heiminn. Þá þarf hann að gera sér grein fyrir því hvað hann telji sig vita fyrirfram um efnið og hvernig hann viti það. Einnig þarf rannsakandinn að afmarka rannsóknarefnið vel, það er markmið og tilgang rannsóknarinnar en það getur verið torvelt (Creswell, 2013).

Þar sem að kona mér nákomin fór í gegnum svipaða reynslu og brotapolarnir í þessari rannsókn er einkar mikilvægt fyrir mig að gera mér grein fyrir mínum fyrirfram gefnu hugmyndum um viðfangsefnið sem og að staðsetja mig sem rannsakandi. Ég geri mér grein

fyrir því að ég hafi mótað mér ákveðnar skoðanir og hef eftir bestu getu haldið þeim til hliðar sem rannsakandi á meðan á rannsóknarferlinu stendur. Það er mikilvægt að ég sýni hlutleysi við framkvæmd rannsóknarinnar en á sama tíma má ætla að þekking mín á slíkum málum geti ýtt enn frekar undir að ég hafi ákveðin skilning og þekkingu sem muni nýtast mér við greiningu og túlkun gagnanna. Þannig getur þetta haft bæði kosti og galla í för með sér fyrir rannsóknina en þó vonandi dregið úr göllunum að ég geri mér grein fyrir stöðu minni og skoðunum á viðfangsefninu. En eins og áður hefur komið fram er verulega mikilvægt að eigindlegur rannsakandi staðsetji sig innan rannsóknarinnar og geri sér grein fyrir sínum skoðunum á viðfangsefninu (Creswell, 2013).

Þegar rannsóknarsnið er valið þarf að gera það með tilliti til markmiðs og rannsóknarspurninga rannsóknarinnar. Þar sem ég skoða ákveðin sögu- og félagsleg tilvik sem áttu sér stað ákvað ég að beita tilviksrannsókn við framkvæmd rannsóknarinnar en hún er ein af rannsóknarhefðum eigindlegra rannsókna sem eru fimm talsins. Tilviksrannsókn miðar að því að skoða tiltekin tilvik með djúpum og nákvæmum viðtölum. Þá er gjarnan miðað við að gögnin komi úr ýmsum áttum eins og viðtölum, blaðagreinum og skýrslum (Creswell, 2013). Í þessari rannsókn er einungis notast við viðtöl en til að fá sem nákvæmasta svarið við rannsóknarspurningum var tekið viðtal við brotapolana og aðra íbúa sem komu að málinu á ólíkan hátt.

Við greiningu á gögnum er byggt á aðferðum grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*), sem er önnur hefð eigindlegra rannsókna (Creswell, 2013). En í þeirri aðferð er notast við opin töl og markvissa kóðun (Charmaz, 2004).

3.2. Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru eftirfarandi: Tvær konur sem höfðu á unglingsaldri kært nauðgun í litlu bæjarfélagi og níu einstaklingar sem höfðu búið í bæjarfélögunum á þeim tíma sem nauðgunin var kærð. Þessir níu einstaklingar voru vinir brotþola, foreldrar brotþola, kunningjar gerenda, íbúar sem tóku ekki afstöðu út á við og fólk sem fór gegn brotþolunum. Þegar ég afritaði viðtölin gaf ég öllum þátttakendum, bæjarfélögunum og hinum ýmsu stöðum gervinöfn til þess að gæta fyllsta trúnaðar og afmá persónueinkennandi þætti.

Þátttakendurnir voru á aldrinum 32 ára til 60 ára þegar viðtölin fóru fram. Þeir voru alls 11 talsins, þar af voru níu konur og tveir karlmenn. Þátttakendurnir skiptust nánast jafnt á bæjarfélögin tvö, það er fimm þeirra voru frá öðru bæjarfélaginu og sex frá hinu.

3.2.1. Val

Tilviksrannsókn byrjar með því að bera kennsl á tiltekin tilvik (Creswell, 2007). Í þessu tilviki vildi ég finna tvö lítil bæjarfélög þar sem stúlka hefði kært annan eða aðra íbúa fyrir nauðgun. Ég valdi að skoða tvö slík tilvik til að geta borið viðbrögðin þar saman. Ég tók viðtöl við stúlkurnar og aðra íbúa sem höfðu búið þar á þeim tíma sem nauðganirnar voru kærðar. Í öðru tilvikinu var einn gerandi en í hinu voru gerendurnir tveir.

Við valið á þátttakendum var markmið rannsóknarinnar haft í huga. Það er að skoða viðbrögð annarra íbúa við nauðgunarkærunum. Þess vegna fannst mér mikilvægt að skoða það út frá sjónarhornum brotapolanna sem og annarra bæjarbúa sem tengdust stúlkunum á ólíkan hátt. Með því tel ég að hægt sé að fá sem nákvæmustu lýsinguna á því sem átti sér stað.

3.2.2. Aðgengi

Forsendur fyrir því að hægt væri að nota tilvikin úr þessum bæjarfélögum voru að stúlkurnar sem lögðu fram kæru í þeim bæjarfélögum samþykktu að taka þátt í rannsókninni sem þær gerðu. Ástæðan fyrir því er sú að mér finnst mikilvægt að upplifun þeirra komi fram í rannsókninni þar sem viðbrögðin beindust að mestu leyti að þeim en líka að siðferðilegum ástæðum þar sem það þætti ekki við hæfi að fjalla um nauðgunarkæru sem þær lögðu fram án þeirra samþykkis.

Ég hafði uppi á tveimur stúlkum á mismunandi hátt sem áttu það sameiginlegt að hafa kært nauðgun í litlu bæjarfélagi. Þær samþykktu báðar að veita mér viðtal og vonuðust að með því væru þær að leggja sína reynslu á vogarskálarnar í sambandi við að hjálpa til við rannsóknir á sviði kynferðisofbeldis. En svo virðist sem að það hafi verið þeim mikils virði að hafa áhrif og ef til vill hjálpa öðrum sem stæðu í eða ættu eftir að standa í sömu sporum og þær.

Eftir að ég tók viðtölin við þær í tengslum við verkefni í námskeiðinu Eigindlegar rannsóknaraðferðir I við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, þá ákvað ég með samþykki þeirra að nota þeirra tilvik í þessari rannsókn. Þær bentu mér á hverja ég gæti haft samband við úr sínum bæjarfélögum og í sumum tilfellum settu þær sig í samband við einstaklingana áður til að athuga hvort þeir myndu vilja taka þátt í rannsókninni. Þeir sem ég hafði samband við vildu allir taka þátt í rannsókninni þó var einn einstaklingur sem ekki varð úr viðtali við þar sem okkur gafst ekki tími til að hittast, ég hafði á tilfinningunni að það væri að einhverju leyti af ótta hans við þátttöku.

Þátttakendur voru úr röðum íbúa sem höfðu tekið afstöðu með stúlkunum, með gerendunum eða verið hlutlausir. Í hópi íbúanna eru tveir foreldrar stúlkanna, tvær vinkonur brotþola, einn fullorðinn íbúi sem tengdist hvorki brotþola né geranda, ein kona sem var á svipuðum aldri og brotþoli og gerandi og þekkti þau bæði lítillega, þrjár konur sem tóku harða afstöðu með gerandanum en tvær þeirra tengdust þeim vina- eða kunningjaböndum. Ekki verður farið nánar út í þessi tengsl vegna trúnaðar við þátttakendur.

3.3. Framkvæmd rannsókna

3.3.1. Gagnasöfnun og úrvinnsla

Ég tók opin viðtöl við alla þátttakendurna sem fóru fram heima hjá sjö þátttakendum, eitt viðtalið tók ég heima hjá mér og tvö viðtalanna fóru fram í gegnum Skype. Með því að taka viðtöl við fólk er lagt áherslu á að skilja tiltekið sjónarhorn út frá reynslu þeirra (Brinkmann og Kvale, 2015).

Gagnasöfnun fór fram í gegnum hálfstöðluð og opin viðtöl sem stóðu yfir í um 45 til 90 mínútur. Viðfangsefni rannsóknarinnar er í félagslegu og sögulegu samhengi. Gagnasöfnunin fór fram í gegnum hálfstöðluð og opin viðtöl sem voru 11 talsins. Gagnaöflunin hófst í október, árið 2014 og lauk í ágúst, árið 2015. Allir þátttakendur fengu gervinöfn um leið og viðtölin við þá voru afrituð og því komu raunveruleg nöfn þeirra hvergi fram við framkvæmd rannsóknarinnar.

Ég tók viðtöl við stúlkurnar sem höfðu kært nauðgun, í október 2014. Þær bentu mér á aðra bæjarbúa sem komu að málunum þeirra á einn eða annan hátt. Ég tók fyrsta viðtalið við bæjarbúa í apríl, 2015 og það síðasta í febrúar, 2016.

Ég tók viðtölin upp með leyfi þátttakenda ýmist á upptökutæki eða á farsíma minn eins og venja er við vinnslu viðtala sem byggjast á aðferð eigindlegra rannsókna (Kvale og Brinkmann, 2015). Ég afritaði þau síðan orð fyrir orð auk þagna og alls kyns hljóða svo sem hósta, hiksta og innsog. Ég skráði inn athugasemdir jafnóðum og ég afritaði viðtölin, las viðtölin aftur yfir og skráði inn frekari athugasemdir sem er hluti ferlisins að túlka og greina gögnin. Næst kóðaði ég viðtölin og gat með því séð þau meginatriði eða þemu sem komu fram í rannsókninni. Þá flokkaði ég og greindi þemun sem ég mun fjalla frekar um í niðurstöðukafla. Meginþemu rannsóknarinnar sem komu fram eru átta talsins auk undirþema þar sem þau eiga við.

3.3.2. Greining rannsóknargagna

Gögnin eru eftirfarandi: Ríflega 400 blaðsíður af afrituðum viðtölum, vettvangsnótum, athugasemdum og hugleiðingum rannsakanda um viðtölin, nótur með meginþemum og tilvitnunum og ýmsum minnisblöðum. Gagnagreining fór fram jafnóðum og viðtölin voru tekin og afrituð sem og eftir að því ferli hafði lokið. Rannsóknin telst til tilviksrannsóknar og við greiningu gagnanna var notast við nálgun grundaðrar kenningar. En fyrsta stig hennar er opin kóðun (e. *open coding*) þar sem gögnin eru kóðuð með því að lesa hverja línu fyrir sig í afrituðum viðtölunum og greina með því meginatriði og þemu rannsóknarinnar. Næsta stig í ferlinu er að nota markvissa kóðun þar sem kappkostað er að skoða eitt þema í einu sem komið hefur fram og rannsakandi vill skoða betur út frá markmiði rannsóknarinnar og þeirri kenningu sem hann styðst við í rannsókninni (Creswell, 2013).

3.4. Siðferðilegar áskoranir

Viðfangsefni rannsóknarinnar er viðkvæmt og snertir stóran hluta fólks sem bjó í bæjarfélögum á þeim tíma sem nauðganirnar voru kærðar. Það af leiðandi er mikilvægt að gæta þess að afmá persónueinkenni þátttakendanna og eins úr hvaða bæjarfélögum þeir koma. Það getur reynst þrautinni þyngri að dylja slóð þátttakenda og því er mikilvægt að gæta mikillar nákvæmni þar sem að smábærir á landsbyggðinni eru litlir og fámennir. Mikilvægt er að vanda til að tryggja að trúnaður við alla þátttakendur haldist og að ekki sé

hægt að rekja þátttöku þeirra með neinu móti og hef ég haft það að leiðarljósi. En sumir hlutir eru betur greinanlegir en aðrir þannig að hægt er að finna út hvaða tilvik um ræðir í rannsóknum sem og hvaða einstaklinga er verið að ræða við (Saunders, Kitzinger og Kitzinger, 2015).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar verður gert grein fyrir þátttakendum, þegar vitnað er í orð þeirra án þess að nefna þá á nafn. Þegar þátttakendur nefna einstaklinga á nafn og ég vitna í það set ég inn gervinöfn í stað raunverulegra nafna. Bæjarfélögin sem fjallað er um eru ekki kölluð sínum réttu nöfnum heldur hafa þau fengið sitt hvort gervinafnið. Þetta er aftur gert til að vernda þátttakendur rannsóknarinnar þannig að það sé ekki hægt að rekja ummæli til þeirra. Viðfangsefni rannsóknarinnar er mjög viðkvæmt og er viðbúið að það geti snert á viðkvæmum strengjum þeirra sem taka þátt í henni og jafnvel aðstandendum þeirra.

Tilfelli sem þessi eru að líkindum ekki algeng, bæjarfélög á landsbyggðinni eru smá og því getur verið auðvelt fyrir þá sem þekkja til málsins að átta sig á hverjir eru þátttakendur í rannsókninni og eins á því um hvaða tilvik sé að ræða. Þess vegna er mikilvægt í niðurstöðum að ekki verði fyrir nokkurn mun hægt að átta sig á hverjir þátttakendurnir eru (Kvale og Brinkmann, 2009). Rannsakandi mun því leggja áherslu á upplýst samþykki þátttakenda í rannsókninni. Eins verður þeim gert kunnugt um að þeim beri ekki skylda til að taka þátt í rannsókninni og að þeir eigi kost á að draga sig út úr henni hvenær sem er.

Öllum gögnum verður eitt eftir að þessi ritgerð hefur verið skrifuð. Nú þegar hefur hljóðupptökum verið eytt en það var gert eftir hvert viðtal eftir að það hafði verið afritað. Þá verður afrituðum gögnum sem og minnisblöðum og öllu því sem telst til gagna tengt þessari rannsókn eytt eftir að ritgerð þessi hefur verið send til prentunar.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til persónuverndar. Að auki var lögð inn ítarleg umsókn til Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands með það að leiðarljósi að stofnunin þyrfti ef til vill að gefa umsögn þess efnis að leyfilegt væri að framkvæma hana. Í ljós kom að ekki þyrfti umsögn frá Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands til þess að fara af stað með rannsóknina.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Stúlkurnar sem kærðu nauðgun eru eins og áður hefur komið fram ekki nefndar á nafn heldur einungis vitnað í þær sem brotaþola eða stúlku. Hinir þátttakendurnir bera fleiri en eitt gervinafn til að enn minni líkur séu á að hægt sé að greina hver þeir eru. Þá er ekki tekið sérstaklega fram tengsl viðmælenda við brotaþola nema einstaka sinnum þegar þurfa þykir en þeir koma ýmist úr röðum þeirra sem tóku afstöðu með brotaþola, gerenda eða völdu hlutleysi. Aðrir sem nefndir eru af viðmælendum fá einnig gervinöfn. Bæjarfélögin tvö fengu gervinöfnin Kormáksvík og Skúlafjörður.

Í niðurstöðunum er fjallað um níu meginþemu rannsóknarinnar auk undirþema sem koma fyrir í sumum meginþemunum sem eru eftirfarandi:

- Umtal og sögusagnir
- Nauðgunarmýtur og staðalímyndir
- Liðamyndun
- Ógnun við sjálfsmynd hópsins
- Refsing
- Kyn
- Annað áfall
- Flótti
- Þöggun

4.1. Umtal og sögusagnir

Umtal og slúður er vel þekkt í minni bæjarfélögum en gera má ráð fyrir að fámennið og stuttar vegalengdir hafi ef til vill eitthvað um það að segja.

Báðum stúlkunum var nauðgað af ungum mönnum úr sínum heimabæ, annarri var nauðgað af einum manni en hin af tveimur mönnum. Þær upplifðu að brotið hefði verið á þeim, fyrir þeim lék enginn vafi á því. Það leið innan við sólarhringur frá því að þeim var nauðgað þar til þær kærðu og sögðu einhverjum nákomnum frá nauðguninni.

Eftir að önnur stúlkanna fór út úr húsinu, þar sem nauðgunin átti sér stað, lá leið hennar rakleiðis upp á lögreglustöðina en það gerði hún án þess að ráðfæra sig við nokkurn mann.

Hún kom að luktum dyrum þar sem ekki var búið að opna lögreglustöðina þann daginn. Hún brá á það ráð að setjast inn á næstu sjoppu og bíða þar eftir að lögregluþjónn mætti til starfa, svo ákveðin var hún og viss í sinni sök:

Ég fer náttúrulega beint á, á, á lögreglustöðina. Ég fór og sat í sjoppu í svona hálf tíma, klukkutíma á meðan ég beið eftir að lögreglustöðin, lögreglan opnaði sko og labbaði svo bara beint niður á lögreglustöð.

Það leið ekki á löngu í báðum tilvikunum þar til að fréttist af nauðgunarkærunni sem varð aðal umræðuefni bæjarbúa. Ég minnst orðræðu um kjaftasögur og kjaftakerlingar í mínum heimabæ frá því að ég var að alast upp. Einhverjar kjaftasögur voru alltaf á kreiki og ákveðnar konur og jafnvel karlar voru stimpluð sem kjaftakerlingar og var þá átt við einstaklinga sem dreifðu sögum af öðru fólki óháð því hvort þær ættu sér stoðir í raunveruleikanum eða ekki.

Kristjana, sem bjó í öðru bæjarfélaginu talaði einmitt um að hennar tilfinning væri að eðli og einkenni smábæja fæli í sér meira af umtali heldur en gengur og gerist í stærri bæjum eða borgum:

Þú heyrir, þú fréttir af öllu í litlum bæ. Þó þú búir ekki þar þá fréttirðu af því sko. Þannig að og bara eins og að búa í svona litlum bæ, ef það kemur kjaftasaga um þig að þá þú veist þá er það öðruvísi [...]

Fljótt flýgur fiskisagan er gamalt máltæki sem kom upp í huga mér þegar ég skoðaði þetta þema en svo virtist sem að sögurnar færu fljótt og hratt að stað sem má eflaust rekja til smæðarinnar en þess má geta að á þessum tímabilum voru samfélagsmiðlar ekki farnir að riðja sér til rúms. Svo virtist sem fólk tæki sig til og hefði þörf á að láta sögurnar berast en Hulda varð vör við mikið umtal strax í kjölfar nauðgunarkærunnar: „Það var bara strax daginn eftir þar sem að bara allir voru hringjandi í alla.“

Fullorðinn íbúi tók undir þau orð að umtalið um nauðgunarkærana færi snemma á flug í ferlinu og í orðum hans fólst að eitthvað verulega ógeðfellt hefði einkennt sögurnar sem fóru á kreik:

Svo líða bara nokkrir dagar sko. Þá kviknar bara eitthvað út í bæ sko sem síðan verður bara að þessu ógeði sko sem það var bara seinna meir sko. Þetta er svona eiginlega svona startið að þessu. Þetta var ekki neitt neitt. Brotið var bara brotið, afbrotið. Það lá alveg ljóst fyrir og það hefði bara fengið bara eðlilega afgreiðslu í dómskerfinu og og hefði bara verið bara low profile mál í sjálfu sér. Af því að þetta var ekki um neitt að deila sko. En svo, svo bara gerist eitthvað allt annað.

Í báðum tilvikunum virtist sem stór hluti bæjarbúa hafi haft skoðun á því hvað átti sér raunverulega stað og margir voru tilbúnir til að tjá sig um það og ræða við aðra. Þær sögur sem fengu mestan hljómgrunn og heyrðust hæst voru sögur um að stúlkunum hefði í raun ekki verið nauðgað heldur væru þær að ljúga til um það. Samræðið hefði farið fram með vilja beggja/allra aðila. Þessar sögur fengu sem sagt byr undir báða vængi. Fullorðinn íbúi heyrði sögur sem samkvæmt hans bestu vitund áttu sér ekki stoð í raunveruleikanum:

[...] bara einhverjar svona lognar skýringar á einhverri atburðarrás sem var bara, var bara ósönn, skilurðu?

Vinkona annarrar stúlkunnar er ein þeirra sem talaði um að umræðan hefði snúist mest um að stúlkun væri að ljúga og að hún hefði verið kölluð illum nöfnum. Sjálf sagðist hún ekki hafa heyrt neinn tala um gerendurna:

Hún var náttúrulega bara hóra og é, þú veist bara öll þessi nöfn, skilurðu? Lygari og ég veit ekki hvað og hvað bara. Drusla, alls konar gildishlaðin nöfn sem að þú veist fengu að fjúka á hana. Og ég man ekki eftir einu atviki þar sem að þeir voru eitthvað dregnir í skítinn sko. Það var aldrei talað um þá sko. Ekk, ekki í mín eyru allavega. Þú veist það var aldrei sagt eitthvað ljótt um þá. Ég man ekki einu sinni hvort það var sagt eitthvað fallett um þá heldur en þú veist.

Í viðtölunum kom það sem sé ítrekað fram að stúlkurnar væru taldar ljúga á meðan gerendunum var vorkennt. Þeir urðu að fórnarlömbum og þannig var rætt um þá. Kona sem er á svipuðum aldri og Birta tekur í sama streng og vinkona annars brotapolans þegar hún minnst þess að hafa heyrt stúlkuna vera kallaða lygara. Hún heyrði einnig að fólk fyndi til með gerendunum fyrir að verða fyrir barðinu á lygum stúlkunnar:

Þú veist eitthvað svona hérna væri algjört bull eitthvað bara. Greyið mennirnir að lenda í, verið að ljúga svona upp á þessa stráka og eitthvað svona.

Annar brotapolinn hafði samskonar sögu að segja. Hún heyrði ýmsar neikvæðar sögusagnir um sig á meðan umræðan um gerandann snérist um að tína til kosti hans sem áttu að styðja við sakleysi hans og að hann væri ekki nauðgari:

[...] það var náttúrulega bara verið að segja einhverjar alls konar kjaftasögur. Já, svo var bara mikið að tala um hvað hann væri góður strákur, hann myndi aldrei láta sér detta í hug að nauðga annarri manneskju. Þannig að ég hlyti bara að vera að ljúga. [...] já og svo náttúrulega svona kjaftasögur í gangi um að ég væri svo mikil drusla. Þú veist að hún hefur nú sýnt svo mikla druslutakta í gegnum tíðina að, að hérna henni hefði nú ekki verið nauðgað.

Foreldri annars brotapolans fannst sem fólk hefði farið markvisst að búa til sögur til útskýringa á meintum lygum dótturinnar sem átti að hafa reynt við gerandann og ætlað að sofa hjá honum en fengið bakþanka á eftir og ætlað að ljúga til um nauðgun til að koma sér úr vandræðunum:

[...] menn voru að reyna að ýja að því að hún hefði verið að gefa honum undir fótinn [...] og reyna að búa til svona einhverjar samsæris, samsæriskenningar gagnvart henni sko.

Báðir brotapolarnir áttu ekki von á því að orð þeirra yrðu dregin í efa eins og kom á daginn og urðu í rauninni mjög hissa þegar þær fóru að heyra af því. Þetta átti við um hina og þessa úr bænum, unga sem aldna og fólk sem þekkti þær ekki endilega. Önnur þeirra komst svona að orði: „En hérna, svona fólk út í bæ, það var fullt af efasemdum og það kom mér rosalega á óvart.“ Þannig virtist fólk vera tilbúið að mynda sér afstöðu í þessum málum og setja sig í dómarsæti burt séð frá því hvort að það hafði verið á staðnum þegar nauðgunin átti sér stað eða ekki og hafði í raun ekki hugmynd um hvað hefði átt sér stað eins og Þorsteinn komst að orði:

Sko, það var svona eitthvað druslatal um um Snæfríði. Og það var það að sko hún, þetta væri allt saman henni að kenna, skilurðu? Þú veist, bara eins og verður í svona dótarií einhvern veginn að, að hérna. Og það var náttúrlega fólk sem bara hafði ekki hugmynd um nokkurn skapaðan hlut sem var að bulla þetta sko.

Ein þeirra sem tók afstöðu gegn annarri stúlkunni án þess þó að varla að þekkja hana í sjón, man þó eftir að hafa undrað sig á staðfastri afstöðu vinkonu sinnar þegar nauðgunin var rædd og hún heyrði fyrst af þessu:

Og þetta var agalega mikið hitamál að þessi nauðgun hafi ekki átt sér stað hjá einni í bílnum. Og gott ef að ég var ekki búin að vera að, ég var örugglega ekki búin að vera heima eða eitthvað. Og ég man meira að segja hvar við vorum staddar [...] Og ég hugsaði strax þá: Bíddu, hvernig veit hún svona nákvæmlega að þetta hafi ekki átt sér stað?

Stór hluti fólks í báðum bæjarfélögum trúði orðum gerendanna og þeirra sem töluð máli þeirra og voru jafnvel sumir hverjir á þeirri skoðun að stúlkurnar ættu illt skilið fyrir framferði sitt eins og fullorðinn íbúi sagði:

[...] og það voru bara svona hrottalegir sleggjudómar [...] það var bara eitthvað á þá leið að hún vissi allt um [brotapolann] og það væru allir upp á henni alls staðar

og þetta væri bara. Það hlaut að koma að þessu og hún ætti þetta bara skilið, skilurðu?

4.2. Nauðgunarmýtur

Nauðgunarmýtur byggja á staðalímyndum, sem eiga sér ekki stað í raunveruleikanum, svo sem ábyrgð brotaþola á nauðguninni, sakleysi gerenda og að lítið sé gert úr alvarleika nauðgunar sem glæp (Lonsway og Fitzgerald, 1994).

Þær sögur sem urðu ofan á í bæjarfélögunum er hæglega hægt að tengja við ríkjandi mýtur og staðalímyndir um nauðganir. Umræðan snerist að mestu um að stúlkurnar væru að ljúga til um atburðinn eins og áður hefur komið fram, þær hefðu verið drukknar og væru lauslátar. Drengirnir voru aftur á móti álitnir svo góðir strákar að þeir myndu aldrei nauðga. Lítið var á að um eðlilegt kynlíf hefði verið að ræða þar sem allir hefðu verið viljugir en ekki nauðgun þar sem einhver eða einhverjir hefðu beitt manneskju harðræði til að ná fram sínum vilja. Eins virtist sem fólk hefði fyrirfram gefnar hugmyndir um hvernig viðbrögð þolenda ættu að vera í kjölfar nauðgunar.

Eins og áður kom fram var ekki búið að opna á lögreglustöðinni árla þess dags sem önnur stúlkanna hugðist fara og kæra nauðgunina þannig að hún settist niður í nálægri sjoppu og beið eftir að einhver lögregluþjónn mætti til starfa. Þetta fréttist eftir að hún lagði fram kærana og var notað gegn henni af sumu fólki til að færa rök fyrir því að henni hefði ekki verið nauðgað, hún væri að ljúga. Það að hún hafi farið beint á sjoppuna og kveikt sér í sígarettu segði allt sem segja þurfti um hvort hún væri brotaþoli kynferðisofbeldis eða ekki.

En svo virðist sem fólk hafi ákveðna staðalímynd af þolendum nauðgana og sé búið að ákveða fyrirfram hvernig þeim sem er nauðgað eigi að bregðast við sem og hvernig þeir eigi að hegða sér í kjölfarið. Viðbrögð og hegðun þolenda eftir á virðist því vera sett sem mælikvarði á um hvort verið sé að segja satt eða ekki, það er hvort um nauðgun hafi verið að ræða eða ekki. Stúlka sem þekkti brotaþolann og gerandann lítillaga heyrði af þessu og sagði fólk hafa talað á þessa leið að þeim sem væri nauðgað færu ekki beint niður á sjoppu og fengju sér sígarettu. Það voru ekki samþykkt viðbrögð: „Manneskja sem lendir í nauðgun fer ekki bara út í sjoppu og sest niður.“

Fleiri þekktar nauðgunarmýtur endurspeglast í viðhorfi fólks þar sem umræðurnar snérust um að stúlkurnar hefðu verið drukknar, þær ættu sér sögu um lauslæti, önnur þeirra hefði verið að halda fram hjá kærastanum sínum og ætlaði með þessari lygi að breiða yfir það og sagt var um aðra þeirra að hún hefði nú einhvern tímann verið hrifin af gerandanum. Foreldri annars brotapolans heyrði af því þegar fólk reyndi að gera dótturina ábyrga á forsendum sem þessum. Það var eins og það hefði ekki getað verið um nauðgun að ræða vegna ýmissa ástæðna:

Út af því að hún var full. [...] Og eitthvað fór það að hún hafði einhvern tímann verið skotin í stráknum [...] Hún hafði aldrei verið með honum eða neitt. Ég held að það hafi ekki verið lengur sko. Það var fyrir einhverjum árum. Eða fyrir ári eða tveimur árum sem hún var pínu skotin í honum.

Fyrrum lauslæti stúlkanna barst á góma hjá fólki þó svo að það ætti endilega ekki rétt á sér og ætti ekki við rök að styðjast. En það var rætt á þeim nótum að það drægi úr trúverðugleika þeirra líkt og stúlkum sem væru lauslátar væri ekki nauðgað eða kannski að þær hefðu þá ekki rétt á að neita karlmönnum um kynlíf og væru með því orðnar að einhvers konar almanna eign. Eins og annar brotapolinn segir:

[...] hvað hann væri góður strákur, hann myndi aldrei láta sér detta í hug að nauðga annarri manneskju. Þannig að ég hlyti bara að vera að ljúga. Uhm, já og svo náttúrulega svona kjaftasögur í gangi um að ég væri svo mikil drusla. Þú veist að hún hefur nú sýnt svo mikla druslutakta í gegnum tíðina að, að hérna henni hefði nú ekki verið nauðgað.

Vinkona annarrar stúlkunnar upplifði að sameiginlegar vinkonur þeirra ættu erfitt með að trúa því að vinkona þeirra segði satt frá um nauðgunina því hún hafði jú sofið hjá öðrum strákum án þess að það hefði verið eitthvað mál líkt og þær allar höfðu gert í alls kyns ástandi. Þeim fannst þá ef til vill að hún hefði alveg eins átt að hafa viljað sofa hjá þeim sem nauðguðu henni:

Og það kom held ég upp í vinkonuhópnum meira að segja þar sem uuu það var svona þú veist: Er hún ekki bara búin að sofa hjá öllum og eitthvað? Þú veist. Alveg eins og það væri eitthvað issue þú veist það kom málinu ekkert við.

Á sama tíma og fólk týndi til hluti í fari stúlkanna sem styddi við að þær tækju upp á því að ljúga fann það líka til hluti um gerendurna sem því fannst styðja við að þeir hefðu ekki framið þennan glæp. Þeir voru meðal annars sagðir vera svo góðir strákar og að þeir hefðu aldrei

sýnt af sér hegðun áður sem gæfi til kynna að þeir væru kynferðisglæpamenn. Þetta viðhorf kemur fram í orðum stúlku sem fór gegn brotapolanum og var ágætis vinkona gerandans:

Af því það trúði enginn að hann myndi gera þetta. Þú veist, það, hann hafði aldrei sýnt neina heg-, bara neitt hegðunarmunstur eða slæma hegðun eða mikla drykkju eða neitt slíkt. Hann hafði aldrei sýnt neitt slíkt þannig að fólk átti bara ógeðslega erfitt með að sætta sig við þetta einhvern veginn og svo þegar dómurinn kom þá, þá urðu allir bara ógeðslega reiðir og hérna í þessum litla bæ einhvern veginn.

Upptaldir þættir áttu ekkert endilega við raunveruleikann að styðjast, sem sagt það var ekki samasem merki milli þess sem fólk sagði um brotapolana og gerendurna og þess hvernig hegðun þeirra hefði verið áður. Það var heldur eins og fólk setti fram ákveðnar hugmyndir sem tengjast mýtum og staðalímyndum og yfirfærðu yfir á brotapolana og gerendurna. Allt neikvætt í fari stúlkanna virtist vera týnt til en það jákvæða hjá strákunum. Það var meira að segja týnt til ætterni þeirra ef svo bar undir og farið í vogamælingar með þess háttar atriði, það er hverra manna brotapolí og gerandi væri. Eins og áður hefur komið fram virðist sem fólk sjái gjarnan fyrir sér nauðgun á einn ákveðinn hátt fremur en annan. Það tengist þá gerandanum og þolandanum, hegðun þeirra og framkomu áður og eftir að nauðgunin á sér stað, tengslunum á milli þeirra sem og því hvernig nauðgunin fór fram.

Sumum þátttakendum fannst sem sagt erfitt að trúa nauðgun upp á sakborningana af ýmsum ástæðum og þá meðal annars vegna þess að þeim fannst þeir ekki vera dæmigerðir nauðgarar. Vinkona annarrar stúlkunnar átti erfitt með að taka afstöðu þó svo að þær væru búnar að vera vinkonur lengi. Hún átti sérstaklega erfitt með það út á við. Hún þekkti gerendurna líka og átti erfitt með að sjá þá fyrir sér sem nauðgara þannig að henni fannst þetta vera erfið staða. Fyrir henni var skilgreiningin á nauðgun óljós sem og nauðgurum en hún virðist hafa séð þá fyrir sér á ákveðinn hátt:

Ég var þúst, jú ég trúði henni en ég var samt svona þúst: Þeir?[...] Já, mér fannst, já mér fannst [erfitt að trúa nauðgun upp á þá] það svona einhvern veginn alveg bara þúst af því að þetta voru strákar sem maður hafði aldrei heyrt að hefðu sýnt einhverja óvirðingu á þennan hátt. Þannig að maður var svona alveg ókei. En eins og ég segi maður var bara ungur og vitlaus og maður í rauninni. Ég held að maður hafi ekki vitað almennilega hvað nauðgun væri. Af því að það var svo mikið á þessum tíma ef þú klæddir þig í stutt pils eða varst drukkin bauðstu bara upp á þetta. Það var bara svoliðis hugsun hjá öllum. Það bara einhvern veginn. En eins og ég segi jú, þúst ég trúði henni en já var samt einhvern veginn efins með þessa tvo [...]. Ætli það sé ekki bara það þeir voru alltaf obboslega almennilegir við mig.

Og þúst höfðu aldrei sýnt neitt sem að eins og maður segir nauðgarar eiga að vera, skilurðu?

Annar brotapolinn fjallar einmitt um að hafa heyrt af því hvernig nauðgunin átti að hafa gerst en sú staðhæfing var ekki rétt og heldur ekki útskýrð þannig að hún hefði átt rétt á sér. En þar kemur einmitt þetta viðhorf fram þar sem það er eins og konur þurfi að berjast um af lífs- og sálarkröftum til að vera teknar trúanlegar:

[...] þetta hefði ekki verið nauðgun, við hefðum bara verið saman þetta kvöld og svo var verið að tala um að... hvað heitir það? Drepist eins og maður sagði það þá sem sagt. Og hérna, sú kjaftasaga var reyndar þá að hann hefði nauðgað mér á meðan ég var ekki með meðvitund [...] Ég veit ekki hvort að fólk hafi þá meint að þetta væri nauðgun sem hefði gerst meðan ég var meðvitundarlaus og það væri þá allt í lagi, ég veit það ekki, veit ekki hvað fólk var að meina með því.

Vinkona annars brotapolans man eftir því að fólk hafi talað um að sú síðarnefnda hefði verið drukkin og það ætti að gefa til kynna að henni gæti ekki hafa verið nauðgað: „[...] mig minnir samt að maður hafi heyrt kannski svona auðvitað. Hún var náttúrulega þú veist blindfull. Hún var dauðadrukkin, skilurðu?“

4.3. Liðamyndun

Ákveðinnar liðamyndunar gætti í kjölfar þess að stúlkurnar lögðu fram nauðgunarkæru. Sem sagt fólk fylktist í lið. Vinkona annarrar stúlkunnar var ein þeirra sem talaði um þessa liðamyndun:

Mér fannst bara koma þetta þú veist að fólk skiptist bara í tvo hópa. Að það væri svona einhvers konar barátta um það þú veist hvort hún var að ljúga eða ekki. Þú veist í raun og veru.

Við umtalið og sögusagnirnar myndaði fólk sér afstöðu og ætti ekki að koma á óvart hvaða afstaða varð ofan á ef litið er til þess hvaða sögusagnir fengu hvað mestan byr undir báða vængi, það er að stúlkurnar væru að ljúga til um nauðgunina. Fólk varð reitt við að heyra að stúlkurnar væru að kæra saklausa drengina. Vinkona gerandans sem tók afstöðu með honum reynir að gera grein fyrir því hvernig hlutirnir æxluðust:

Og þegar að ein, einn byrjar með svona skoðun að þá vindur það upp á sig, koma fleiri og fleiri og svo verður bara einhver reiði.

Það má segja að í raun hafi bæjarbúar skipt sér í allt að þrjár fylkingar. Einn hópurinn stóð með stúlkunum, annar hópurinn stóð með gerendunum og svo var það þriðji hópurinn sem tók ekki afstöðu.

4.3.1. Afstaða með brotapolum

Svo virðist sem að verulega fáir hafi tekið afstöðu með brotapolunum, að minnsta kosti út á við. Stúlkurnar upplifðu báðar að fáir hafi sagst trúa þeim og sýnt þeim hluttekningu og það sama má segja um alla þátttakendur rannsóknarinnar. En svo virtist sem að þeir hefðu ekki orðið varir við að fólk væri almennt að sýna stúlkunum stuðning eða að fylkja sér á bakvið þær. Þetta lið hafði engan leiðtoga. Vinkona annarrar stúlkunnar er ein þeirra sem trúði henni en segist ekki hafa haft hugrekki til að standa með henni út á við:

Að sko maður var svo hræddur um að vera tekin svona í gegn eins og hún. Bara af því að segja: Ég trúi henni og styð hana. Ég hefði aldrei gert það. Bara ég hafði ekki hugrekki í það. Bara því miður.

Foreldrar beggja stúlkanna fundu lítinn sem engan stuðning nema frá nánustu fjölskyldu og ef til vill einhverjum vinum. Faðir annars brotapolans varð var við að það fór að fækka í vinkonuhóp eiginkonu hans:

Eins og með vinkonur hennar það bara sko. Hluti af þeim fór bara afsíðis sko. Ég er ekki að segja að að hafi verið fyrir það að það hafi verið eitthvað á hans bandi. Það kann vel að vera að það sé bara erfitt að vera í þessum sporum fyrir þetta fólk. Ég bara veit það ekki [...] Já, hún missti vinkonur út af þessu eða svona kannski miss, kannski missir þær ekki heldur svona það dofnaði vináttan. Hún dofnaði vináttan.

4.3.2. Afstaða með gerendum

Eins og áður hefur verið greint frá í þessum kafla þá var mikið rætt um nauðgunarkærana í báðum bæjunum. Sú umræða sem varð ofan á var sú að stúlkurnar væru að ljúga til um nauðgunina og að gerendurnir væru saklausir af þeim ásökunum.

Vinkona gerandans sem tók afstöðu með honum varð mikið vör við umtalið sem skapaðist í kjölfar nauðgunarkærunnar og í minningu hennar snérist það alfarið um að fólk hafi tekið afstöðu með gerandanum og verið á þeirri sömu skoðun að gerandinn væri saklaus:

[...] það voru bara allir að tala um þetta og það svona bb. Þú veist, þúst þú lentir í þessari umræðu. Svo lentirðu kannski í umræðunni þú veist. Ég reyndar man ekki eftir að hafa lent mikið í umræðunni um um að hún ætti rétt, hún hefði haft þúst rétt fyrir sér eða þú veist eitthvað þannig skilurðu. Það, ég man bara eftir, fyrir mér finnst mér eins og allur bærinn hafi bara verið þeirrar, sömu skoðunar [...] Að hann hefði ekki nauðgað henni sem sagt o o o og hún hefði ekki byrjað að kalla fyrir en að. Og einhvern veginn bara varð þetta bara aðal umræðuefnið. Og þetta varð bara, það urðu bara allir þessarar skoðunar.

Þeir sem tóku afstöðu gegn brotaþolunum sögðust í raun hafa gert það án þess þó einu sinni að velta fyrir sér hinni hliðinni. Þannig að svo virðist sem að mikill ákafi hafi verið til staðar allt frá byrjun og það hafi verið sumum hjartans mál að fólki yrði ljóst að ekki hefði verið um nauðgun að ræða heldur væri það uppspuni eins og vinkona gerandans sagði:

[...] þegar að maður heyrði frá þessu í byrjun þá heyrir maður þetta frá manneskjum hans megin minnir mig. Og maður fær strax þetta hugarfar. Þetta hafi gerst og þú veist í dag þegar maður hugsar, hugsar maður bara svona á, en hver er hin hliðin?. Þarna ég man bara ekki eftir að hafa hugsað hina hliðina, ég man bara ekki eftir því.

Þannig varð sá hópur í báðum bæjarfélögum stærri og fyrirferðarmeiri en sá hópur sem tók afstöðu með stúlkunum. Stúlka af sömu kynslóð og brotaþolinn og gerandinn upplifði mikla grimmd í fólki og jafnvel meðvirkni eins og hún orðar það. Fólk hafi af einhverri ástæðu verið tilbúnari til að trúá því að stúlkan væri að ljúga en að strákarnir hefðu nauðgað henni, þeir voru taldir allt of góðir drengir til þess:

Já, mér fannst það bara litað þannig að það sýndi fram hvað þessa grimmd í fólki og meðvirkni hjá öllum. Að bara ef þessi segir þetta þá segi ég það líka. Og grimmdin [...] að hérna ekki vera að trúá svona einhverri druslu. Aumingja strákarnir. Þetta eru góðir drengir.

Í báðum bæjunum virðist sem að sá hópur sem stóð með gerendunum hafi verið sá hópur sem heyrðist hvað mest í og hafði sig mest frammi þannig að það var ekki bara að hann væri fjölmennastur heldur háværastur. Stúlka sem þekkti brotaþola og geranda lítillaga komst að orði á eftirfarandi hátt: „[...] mér fannst fólkið sem stóð ekki með henni yfirgnæfa fólkið sem stóð með henni.“

Þeir sem tilheyrðu þessum hópi voru ekkert endilega nákomnir gerendunum. Stúlka sem tók afstöðu með gerandanum og fannst nær allir gera það sama burtséð frá því hvort þau tengdust honum einhvers konar vina- eða fjölskylduböndum:

[...] en það var, mér fannst þetta ekki mikið, mér fannst þetta ekki endilega vera hans vinir eða hennar vinir eða eitthvað þannig. Mér fannst þetta miklu frekar vera bara það þú veist. Í minningunni minni var enginn að trúá henni [...] En þetta er minningin mín, bara það hafi allir tekið sömu skoðun.

Stúlka sem þekkti gerandann ekki og þaðan af síður brotapolann auk þess sem hún var ekki á staðnum þar sem nauðgunin fór fram. Það kom þó ekki í veg fyrir að hún tæki harða afstöðu með gerandanum og þá gegn brotapolanum:

Ég þekkti hana ekki neitt. Ég vissi varla hver, hvernig hún leit út. Ég vi vissi hvaða, hverra manna hún var en bara ég hugsa að ef ég hefði mætt henni niðri í bæ þá hefði ég ekki verið viss um að þetta væri [brotapolinn].

Stúlkan var sem sagt tilbúin til að trúá lygi upp á brotapolann þó svo að hún þekkti hana ekki og vissi ekki hvaða manneskju hún hefði að geyma. Þannig má segja að fólk hafi jafnvel hrifist með því umtali og því andrúmslofti sem var í gangi eins og Sara segir: „Maður einhvern veginn svona fylgdi því og svo bara einhvern veginn [...] Fólki fannst þetta ósanngjarnt gagnvart honum.

4.3.3. Afstaða ekki tekin

Sumt fólk vildi ekki taka afstöðu, að minnsta kosti ekki út á við. Hvað olli því var eflaust af ýmsum ástæðum og þar á meðal að fólk gerði sér grein fyrir að það var ekki í aðstöðu til að dæma um hvað hefði átt sér stað eða að það vildi ekki eða þorði ekki að gefa upp hverju eða hverjum það trúði.

Fram kom í máli sumra þeirra sem vildu ekki taka afstöðu að þeim þótti of mikið gert úr því sem fram fór á milli gerandans og brotapolans, það er nauðguninni. Brotapolarnir upplifðu báðir að einhver hluti fólks gerði lítið úr nauðguninni sem þær urðu fyrir og kom það úr hópi fullorðins fólks og hafði önnur þeirra þetta að segja: „þetta hafa bara verið fullir og ruglaðir unglingar, það ætti náttúrulega ekki að vera að gera mál úr þessu og svoleiðis.“

Umræða sem þessi var alveg eins til þess fallin og neikvæð umræða sem byggðist á lygi stúlkunnar til að særa stúlkurnar og smána. En umræður sem þessar fela í sér lítilsvirðingu á

upplifun brotáþola. Það sama á við um þegar fólk neitar að taka afstöðu en þá aðallega þegar það á við um nákomna einstaklinga.

Það bar þó verulega á því hjá þátttakendum rannsóknarinnar að fólk hefði ekki viljað taka opinbera afstöðu af ótta við þau viðbrögð sem þau gætu uppskorið í framhaldinu. Svo virðist sem að fólk hafi ekki þorað að segjast trúa stúlkunum af hræðslu við þau öfl sem fóru gegn stúlkunum og kölluðu þær lygara.

Vinkona annarrar stúlkunnar trúði henni en tók ekki afstöðu út á við og vildi sem minnst skipta sér af þessu máli. Hún valdi að láta sem hún væri hlutlaus þó svo að hún væri góð vinkona stúlkunnar:

Nei, eins og ég segi ég held það hafi bara verið þessi hræðsla [...] Að þú veist ég vildi, ég studdi vinkonu mína skilurðu? En ég var samt svona á þessari eins og ég segi ég vildi ekki velja svart, ég vildi ekki velja hvítt. Ég var bara á þessu gráa svæði, skilurðu?

Stúlka sem þekkti brotáþolann og gerandann trúði stúlkunni líka en hún gerði sér grein fyrir því að ef hún segði það út á við gæti hún fengið að finna fyrir því:

[...] Svona, þú veist þetta fór ekkert á milli mála. Ef þú ert að fara að gera þetta þá ertu drepin. Og það eru miklu fleiri sem stóðu á móti henni en með henni.

Þannig má gera ráð fyrir að sumir þeirra sem tóku ekki afstöðu og neituðu að tjá sig um málin virtist vera fólk sem jafnvel trúði stúlkunum en þorðu ekki að tjá sig um það af ótta við þau viðbrögð sem þau gætu uppskorið fyrir vikið.

Vinkona brotáþolans talar einnig um að þær stúlkur sem voru hvað mest áberandi í að fara gegn brotáþolanum kunni hafi átt að vita að hún stæði með vinkonu sinni en þær vissu líka að hún væri ekki að skipta sér af þessu máli:

Nei, þær vissu náttúrliga alveg að ég stæði með Brynhildi. Þær vissu það náttúrliga alveg. En þær vissu alveg að ég væri ekki með neinar yfirlýsingar, segja eitthvað þúst. Ef einhver hefði sagt eitthvað við mig hefði ég örugglega sagt: Já, ókei. Þú veist, skilurðu? [...] Og ég meina Gróa, Eik og Lilja, Katla og allar þessar stelpur. Maður vissi alveg að Katla gæti barið mann sko. Þetta var ekkert af því að ef maður gerði þessari eitthvað þá myndi Katla lemja mann fyrir þær, skilurðu? Þetta var alltaf svona. Þannig að maður var alltaf svona: Ég er bara litla stelpa hérna og ætla að vera góð. Þú veist maður var ekkert að segja neitt eða vera með einhverjar yfirlýsingar.

Í öðru tilvikinu virtust sumar af nánustu vinkonum stúlkunnar vera hræddar við að segjast trúa og standa með vinkonu sinni. Þær voru eins og margir unglingar uppteknar af því að falla í hópinn og að vera meðteknar af öðrum vinsælum unglingum. Vinkona annarrar stúlkunnar tók afstöðu með henni út á við og varð vör við að sumar sameiginlegar vinkonur þeirra voru ekki alveg tilbúnar til þess. Hún segir: „Ég held líka sko það sem gerðist í vinkonuhópnum hafi verið svoldið pressa frá öðrum.“

Hún segir einnig frá því að hún hafi þurft að taka afleiðingum þess að standa með vinkonu sinni sem styður við það að fólk hafi í raun staðið ógn af því að taka afstöðu með stúlkunni: „[...] þú veist þá stóð ég alltaf í hárinu á þeim og fékk alveg bággt fyrir sko. Ég man það.“

Eftir því sem tíminn hefur liðið hefur fólk tjáð sig um þessa atburði við stúlkunnar og meðal annars sagst sjá eftir að hafa tekið afstöðu gegn þeim og hafa sumir bætt því við að þeir hafi ekki þorað öðru eða að þetta hafi verið einhvers konar múgsefjun sem margir fylgdu eftir. Annar brotapolinn sagði til dæmis frá samtali við einn af þeim sem tók afstöðu gegn henni á sínum tíma þrátt fyrir að hafa trúað henni að hans sögn:

Að hérna, þetta hefði verið svolítið svona múgsefjun bara. Fólk hafi verið, hann hafi alveg trúað mér. Hann hafði alveg haft svona pínu, hann hafi bara ekki þorað að gera neitt annað þannig að þú veist þetta greinilega smitaðist í fólk. Þá þorði fólk kannski ekki að standa með mér. Múgæsingurinn varð það mikill [...]

Ein kona tekur undir umræðu um múgsefjun en hún skilur ekki alveg í dag af hverju hún tók afstöðu gegn brotapolanum og finnst hún í raun ekki getað afsakað sig þar sem hún var orðin fullorðin á þessum tíma:

Hvað er að samfélaginu? Af hverju sagði engin neitt? Og ég meina þetta er fullt af fólki [...] Ég get ekkert skýlt mér á bakvið það að hafa bara verið einhver unglingsasni sko. Að þetta var bara að einhverjum svona múgæsing.

4.3.4. Áróður

Það var áberandi í báðum bæjunum að þeir sem fóru fyrir því að tala máli gerendanna var mikið í mun að safna í lið þannig að segja má að ákveðinn áróður hafi verið í gangi. Báðir brotapolarnir upplifðu að sumir hefðu reynt að hafa áhrif á afstöðu annarra og reynt að fá aðra með sér í lið og segir önnur þeirra frá því hvernig tiltekin stúlka hefði gert það:

En, en hún hafði nú samt svolítið svona, hún hafði svolítið alltaf verið svona leaderinn í grunnskóla og þú veist. Hún hafði alltaf svolítið svona getað stjórnað og haft einhverja svona undir já undir sínum væng og þannig að hún, hún reyndi það. Og jú, jú, auðvitað voru margir sem að fóru með henni í lið.

Ein af þeim stúlkum sem fór gegn öðrum brotaþolanum kom að máli við vinkonur hennar og vildi vita af hverju þær bæru alltaf að bjóða henni á rúntinn en ekki sér. Þetta þótti brotaþolanum undarlegt þar sem að þær tilheyrðu alls ekki sama vindahópi og stúlkan sem hafði hvorki boðið þeim á rúntinn né sóst eftir því áður að vera boðið á rúntinn með þeim. Ef til vill var þetta ein af leiðum stúlkunnar til að fá fleiri til að snúast gegn brotaþolanum. Ein af vinkonum brotaþolans segir frá samskiptum sínum við stúlkuna:

Já. Ég man einhvern tímann eftir því já að Gróa var að vinna niðr'á sjoppunni og ég var náttúrliga þú veist liggur við þegar Gróa var að afgreiða og svona þá var ég að panta mér eitthvað að éta. Og ég man ekki hvort að Brynhildur var með mér. Það var allavega einhver með mér og svo kom hún með þetta og svo horfði hún eitthvað svona á mig og sagði þúst: Ég hata þig ekkert. Skilurðu? Af því að ég vinkona hennar. Þá var hún með eitthvað svona attitude, skilurðu?

4.4. Ógnun við sjálfsmýnd hópsins

Svo virðist sem að þegar stúlkurnar kærðu nauðgun í hvoru bæjarfélaginu, þá hafi þær í raun farið gegn viðurkenndu samfélagslegu viðmiði og með því orðið að fráviki í samfélaginu. Samkvæmt þessu viðmiði hefðu þær átt að þegja um nauðgunina og halda henni fyrir sig. Eins og annað foreldri brotaþolans sagði: „Ég held að þetta hafi þótt herna óþægilegt að vera með kæru.“

Þannig má segja að þær hafi brotið gegn fyrirfram ákveðnu normi og með því orðið einhvers konar frávik í bæjunum. Fólk varð þeim reitt fyrir þetta, eflaust fyrir að leggja þetta á drengina en einnig á bæjarfélagið í heild sinni. Rétt eins og þær hefðu varpað skugga á heimabæina sína. Margir bæjarbúar urðu reiðir út í stúlkurnar og sú sameiginlega afstaða þjappaði þeim saman og þau fundu fyrir heildinni sem þau tilheyrðu auk þess sem þau höfðu eitthvað sameiginlegt til að tala um á förnum vegi. En þetta styður við þema í kenningu Durkheims sem áður hefur verið fjallað um, það er að frávikinn þjappar hópnum saman. Eins og ein stúlkan, sem var vinkona gerandans og tók afgerandi afstöðu með honum, sagði:

Bara, þú veist, þú, þú einhvern veginn. Þú varst kannski að rölta einhvers staðar og þarna var þessi hópur og þú eiginlega bara vissir um hvað hann var að tala. Og þú bara, já. Þú veist ég er ekki að segja að ég eignaðist vinkonu eða vin út frá þessu eða eitthvað slíkt sko. En já, fólk svona hafði eitthvað um að tala. Það er svoldið mikið þannig í litlum bæjum, að hafa eitthvað um að tala. Þarna voru þessir sem voru sammála um hlutinn [...] Þannig að þú veist það var þessi ákveðni tími sem að fólk var sem reiðast sem að fólk hafði hvort annað í.

Sama stúlkan velti því fyrir sér hvort þetta hafi verið hennar leið til að komast enn betur inn í samfélagið þar sem hún var aðflutt og átti ekki stórfjölskyldu þarna:

Þú veist þessi bær er ótrúlega mikið svona, þú bara, ég til dæmis á ekkert skyldfólk þarna. Ég flutti bara þarna og [...] hvort ég hafi verið að reyna einhvern veginn að, já, koma mér inn í einhvern hóp.

Meðal annars af þessum orðum má draga þá ályktu að myndun afstöðu snúist um fleira en þá sannfæringu sem hver og einn hefur. Þetta virðist nefnilega líka snúast um að vera með, að standa með einhverjum og síðast en ekki síst að tilheyra einhverjum hópi og taka afstöðu með honum.

Hulda talar einnig um að hafa tekið afstöðu út frá því sem ráðandi hópur gerði og það hafi í raun ekki hvarflað að henni hver hin hliðin væri, það er að stúlkan væri mögulega að segja satt:

Maður lét bara sína og afstöðu bæjarins stjórna sínum tilfinningum. Það var alveg í einhvern tíma á eftir. Þangað til maður áttaði sig bara.

Ein kona sem tók afstöðu með gerandanum talar um að sú sem að fór fyrir þeim hópi sem tók afstöðu gegn stúlkunni hafi fengið mikið lof að launum frá mörgum og vitnar í hana orðrétt þegar hún sagði: „Mér leið eins og þjóðhetju.“

Þá virðist sem að hluti bæjarbúa hafi þótt sem nauðgunarkæran kæmi illa við ímynd bæjarins og væri til þess fallin að varpa skugga á orðspor hans. Bæjarbúar gætu í raun ekki tekist á við uppákomu sem þessa. Bátnum var ruggað og fólk virðist hafa átt mis auðvelt með að höndla það. Þetta átti einkum við í öðru tilvikinu eins og fullorðinn íbúi sagði:

Það kveiknar þarna einhver umræða og ég svona veit það ekki hvort að svona. Hvort að þetta séu hreinlega bara svona ósjálfráð viðbrögð þarna fólks að vera þátttakendur í samfélagi. Og þetta sé bara sko, þetta beri það bara ii ofurliði, skilurðu? Hvernig á ég að höndla það að þessi umræða sé í samfélaginu sem ég bý í sko? Ég hef stundum bara farið í það að hvort það sé eitthvað á því kaliberi.

Þetta sé, þetta snúist kannski ekkert um drenginn eða stúlkuna heldur bara sko að hérna.

Annar brotapolinn upplifði að vera gerð ábyrg fyrir ástandinu í bænum ef svo má segja og að ímynd bæjarins væri í hennar höndum:

Uhm, og að það væri verið að skemma ímynd bæjarins og mér leið svolítið eins og það væri verið að kenna mér um það. Að ég hefði verið að skemma ímynd bæjarins.

Fullorðinn íbúi vildi meina að fólki þætti það óþægilegt að einhver væri að kæra nauðgun innan bæjarins og vildu vernda bæinn fyrir raunum sem þessum. Nauðgunarkæra væri í raun eitthvað sem ætti að þagga:

Þeir, þeir bara, þeir náttúrliga höndluðu bara ekki það í hvaða farveg þetta var komið sko. Og þetta var ábyggilega á sama hátt og ég sagði sko að hitt, fyrst var þetta tilraun einhverra til þess að, að hérna litla fallega samfélagið sko veist. Menn voru svona þetta var árás á það sko að þetta skyldi gerast.

Ofan á aðrar afleiðingar virðist því sem að brotapolar í litlu bæjarfélögum þurfi að huga að ýmsum þáttum áður en kemur að því að leggja fram kæru vegna nauðgunar. Sólhildur Selma lítur svo á að það sé erfiðara að takast á við afleiðingar þess að kæra nauðgun í smábæ en annars staðar af umræddri ástæðu sem og að eiga á enn frekari hættu að hitta gerandann:

Ég held að það sé mun verra að upplifa svona í litlu bæjarfélagi. Hvað þá kannski að þurfa að horfa á manneskjuna sem að gerði þér þessa hluti, sem nauðgaði þér.

Þetta hafði vissulega mikil áhrif á bæjarfélögin tvö sem voru mjög svo lituð af þessum málum eins og fullorðinn íbúi sagði: „Það var bara þungt yfir bæjarfélaginu lengi sko [...] út af þessu.“

4.5. Refsing

Það er þekkt að brotapolar nauðgunar sem kæra verknaðinn eiga á hættu að upplifa neikvæð viðbrögð annarra eins og áður hefur verið fjallað um. Út frá kenningu Durkheims má áætla að þegar stúlka kærir nauðgun í smábæ upplifi hún enn harðari refsingu en ella þar sem að slík bæjarfélög eru fámenn og einsleit. Stúlka sem þekkti brotapolann og gerandann lítillaga sagði þetta um að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi: „Þetta er bara dauðadómur.“

Brotapolarnir sem við var rætt búa sameiginlega að þeirri reynslu að hafa upplifað ýmis einkenni af refsingu eins og beina vandlætingu, vefengingu, útskúfun, líkamlegt ofbeldi, höfnun, lítinn stuðning og umtal.

Vinkona annarrar stúlkunnar minntist þess að hún hefði átt virkilega erfitt uppdráttar í bæjarfélaginu eftir að hafa lagt fram nauðgunarkæru og í raun verið komið fram við hana eins og sökudólg:

En hún, ég man að hún lenti í rosa mótlæti yfir því að hún hafi kært. Þú veist ég man ekki hvort einhver hafi hótað henni einhverju eða hafi kallað eitthvað á eftir henni eða. Ég man ekki hvernig það var til komið en ég man að það var rosalega erfitt fyrir hana að vera til í bæjarfélaginu af því hún kærði. Eins og hún hefði gert eitthvað að sér sko.

4.5.1. Bein vandlæting

Bein vandlæting er meðal annars gefin til kynna með augnaráði, hunsun og fúkyrðum en báðir brotapolarnir upplifðu slíkt ítrekað. Augnaráð og hunsun er hægt að beita á fólk án þess að færa rök fyrir hegðuninni og andúðinni og má líta á það sem tilfinningalegt ofbeldi.

Báðar stúlkurnar upplifðu sig sem einhvers konar annars flokks manneskjur í sínum heimabæ eftir að hafa lagt fram nauðgunarkæru vegna viðbragðanna sem þær upplifðu. Það var ekki síst vegna þeirra vandlætingar sem þær mættu frá fólk. Annar brotapolinn minnst á ónotaleg augnatillit fólks sem gáfu til kynna að hún hefði gerst brotleg um eitthvað og eins man hún eftir því að fólk hafi alls ekki litið í átt að henni:

Þannig það var svona aðallega, það var litið á mig eins og ég væri bara sem sagt, úrhak. Í raun og veru, horft á mig eins og ég væri að gera eitthvað slæmt. Og hérna og ekki yrt á mig [...]

Þessi viðbrögð fólks ættu ekki að koma á óvart í ljósi þess að margir tóku afstöðu gegn brotapolunum og vildu þar af leiðandi ekkert hafa saman að sælda við þá og slepptu því að heilsa þeim ef svo bar undir. Svona lýsti stúlka sem fór gegn öðrum brotapolanum því: „Það bara datt engum í hug að heilsa henni. Þú veist, það var bara, svona var bara.“

En stúlkurnar urðu einmitt varar við það að þeim væri ekki heilsað eða þá að kveðjan sem þær fengu frá sumum væri köld og breytt frá því áður. Stúlka sem fór gegn brotapolanum man eftir að hafa verið í hóp þegar hún mætti öðrum brotapolanum:

Þú veist þá var kannski bara hópurinn sem maður var að labba með. Maður labbaði bara. Já [...] og maður heilsaði henni ekki.

Það sama var upp á teningnum hjá stúlku sem tók afstöðu gegn öðrum brotapolanum. Þegar hún mætti henni einsömul en hún man eftir að hafa ekki litið í áttina að henni og ef hún gerði það sendi hún henni svip sem benti til vandlætingar og reiði svo það færi ekki fram hjá stúlkunni hvað henni þætti um hana:

Eins og ég man núna ef maður var að keyra fram hjá henni, maður alveg bara passaði sig á því að horfa sko alls ekki á hana eða. Eða horfa með reiði þú veist.

Umrædd hegðun fór ekki fram hjá brotapolunum sem báðar ræddu um að hafa ekki verið heilsað eins mikið af fólki og jafnvel öðruvísi en áður. Önnur þeirra minnst meðal annars þess þegar hún vann í búð en það var á þeim tíma sem hún kærði nauðgunina:

[...] uu fólk yrti ekki á mig sem sagt ef ég sagði : Góðan daginn. Það var ekki sagt góðan daginn, vörurnar bara settar á bandið og hérna og fólk borgaði án þess að segja eitt né neitt.

Það má því segja að þessi hegðun hafi skilað til ætluðum árangri fólks þó svo að það hafi ekki sagt neitt beint við stúlkurnar en þeim sárnaði slík viðbrögð engu að síður. En annar brotapolinn komst svona að orði:

Engin viðbrögð eru heldur ekkert góð. Þegar fólk bara svona horfir í gegnum þig og labbar fram hjá þér kannski þínu með svona kalda kveðju, ekki kannski kalda heldur bara svona hálfá kveðju eða eitthvað. Það er svona varla sagt hæ. Kannski svona brosað aðeins út í, ég veit það ekki.

Eins og áður sagði var ráðist á brotapolana með fúkyrðum og annars konar neikvæðum athugasemdum og gat slík hegðun sumra farið yfir velsæmismörk annarra og minnst stúlka sem þekkti brotapolann og gerandann lítillega, þess að hafa upplifað það:

En ég náttúrliga missti mig þarna einu sinni. Þá fékk ég ógeð [...] Þá var ég, við vorum niðri í bæ að drekka [...] við vorum eitthvað nokkur þarna, sátum. Ég man eftir að ég sat á stéttinni [...] Þá kemur bíll að með tónlist í botni og fullt af einhverjum strákum [...] Og þeir fara út um gluggann og öskra: Nauðgun, nauðgun, nauðgun, nauðgun. Og [brotapolinn] var þarna og hún bara brotnaði saman, stóð. Ég bara, ég gleymi þessu ekki.

Margir tjáðu sig þó ekki við brotapolana heldur tóku þátt í að rægja þá svo þær heyrðu ekki en þegar fólk var undir áhrifum áfengis var eins og það losnaði um málbeinið á því líkt og önnur þeirra lýsti:

Og [...] já, man ekki [...] í bænum þegar fólk var drukkið þá var náttúrulega hreytt hinu og þessu í mig að ég væri ógeðsleg og lygari [...] Uhm, það endaði nú nokkrum sinnum þannig að ég fór grátandi heim sko ... Og það voru bæði, það var bæði ungt fólk og og fólk miklu eldra en ég sko. Fólk, fertugt, fimmtugt... Þannig að ég upplifði alveg svona heilan helling þarna í, í bænum. Viðbrögð sem að voru svona leiðinleg.

Í öðru tilvikinu nýtti fólk sér tæknina, eins og farsíma, til að fá útrás fyrir reiðina gegn stúlkunni og segja það sem þau treystu sér ekki til að gera beint við hana:

Svo fékk ég einhver sms líka. Þar sem að stóð að ég væri hóra o og eitthvað. Sms-in voru send af netinu þannig að maður sá ekki símanúmerin. Sem voru í raun og veru send til þess að gera mig bara leiða.

Hin stúlkan fann ekki fyrir slíkum viðbrögðum enda var tæknin ekki eins langt á veg komin þegar hún lagði fram nauðgunarkæru, það er farsímar voru ekki komnir til sögunnar í þeirri mynd sem eru núna.

Stúlka sem tók afstöðu með gerandanum minnst þess að hafa tekið þátt í að segja neikvæða hluti við brotapolann og í dag á hún erfitt með að skilja af hverju hún gerði það. Henni finnst skrítið að hún hafi leyft sér að tala á slíkan hátt við aðra manneskju og iðrast þess mjög nú eftir á að hyggja:

Og þú veist ég sagði ljót orð við hana sem að ég bara í dag þú veist ég er búin að þurfa bara að klóra mér í hausnum til að reyna að muna. Að ég mundi virkilega segja við manneskju.

Stúlkurnar voru kallaðar lygarar, hórur og druslur auk þess sem önnur þeirra fékk viðurnefnið drusla sem var skeytt fyrir aftan raunverulegt nafn hennar:

Bara að hún [brotapolinn] væri algjör drusla og væri búin að ríða hérna fullt af strákum og hún fékk viðurnefnið Brynhildur drusla út af þessu, skilurðu?

4.5.2. Vefenging

Með vefengingu er átt við að tiltekin orð eru dregin í efa, það er að fólk sé talið segja ósatt. En það er einmitt eitt af því sem stúlkurnar upplifðu, það er að fólk vefengdi orð þeirra og taldi þær vera að ljúga til um nauðgunina en svo virðist sem að það hafi mikið að segja um bata brotapolu að honum sé trúað (Campbell, 2001).

Vinkona annarrar stúlkunnar var ein af fáum sem tók afstöðu með henni út á við og hún minnst þess að stúlkunni hafi ekki verið trúað af mörgum: „Henni var bara ekki trúað sko. Og það þótti mér alltaf verst sko að henni var ekki trúað og það var alveg.“

Stúlkurnar fengu að heyra það beint frá sumum að þeim væri ekki trúað en líka mjög oft í gegnum þriðja aðila. Vinahópur kærasta annarrar þeirra hans trúði henni alls ekki og þeir fóru ekki leynt með það:

Já, vinahópur kærasta míns [...] þeir virtust einhvern veginn trúa því að ég væri einfaldlega bara að ljúga þessu og, og hérna [...]

Á sama tíma upplifði hún að fólk væri ekki að segja beint við hana að henni væri ekki trúað heldur við aðra sem svo sögðu henni frá því, þannig gat boðleiðin verið:

Ég upplifði það ekki mikið sjálf af því að fólk sagði voðalega lítið við mig. Það var alltaf verið að tala í kringum mig. En það var voðalega lítið sagt við mig. Þannig að hérna ég heyrði það bara frá kærastanum mínum að einhverjir hefðu sagt við hann að ég væri náttúrulega bara að ljúga þessu.

Eins og áður hefur komið fram þá þurftu þær ekki að hugsa sig tvisvar um þegar kom að því að kæra, því fyrir þeim var svo skýrt að brotið hafði verið gegn þeim og þess vegna urðu þær svo hissa. Þær áttu ekki von á því að orð þeirra yrðu vefengd eins og önnur þeirra orðaði það: „En hérna, svona fólk út í bæ, það var fullt af efasemdum og það kom mér rosalega á óvart.“

Stúlkurnar upplifðu báðar efasemdir frá fólki sem þær þekktu lítið og eins sem þær þekktu mikið. Þrátt fyrir að önnur stúlkan upplifði stuðning frá vinkonum sínum og þá sér í lagi einni þeirra þá fann hún fyrir því að nánustu vinkonur hennar efuðust um orð hennar:

Þær bara töluðu um þetta og og sýndu mér bara að þær stæðu með mér. Bara bæði bara svona í orðum og gerðum. Á meðan kannski hinar hérna, þær trúðu mér alveg en komu samt með svona en var þetta svona eða gerði, þú veist, ertu alveg viss að þetta hafi verið svona. Svona þær svona spurðu mig spurninga sem að, svona efasemdasurninga og eins og bara ein mín besta vinkona endaði svo á að sofa hjá gaurnum svona kannski mánuði seinna. Sem að þar með þá sá ég náttúrulega að hún var ekkert að trúa mér almennilega.

Frásögn vinkonu hennar styður við þetta en hún hafði svipaða sögu að segja:

Og það kom held ég upp í vinkonuhópnum meira að segja þar sem uuu það var svona þú veist: Er hún ekki bara búin að sofa hjá öllum og eitthvað? Þú veist. Alveg eins og það væri eitthvað issue þú veist það kom málinu ekkert við.

Annar brotapolinn var að hitta strák sem hún var verulega hrifin af þegar nauðgunin átti sér stað en hann efaðist um orð hennar meðal annars með því að hleypa henni ekki inn í partý sem hann hélt. Þetta særði hana verulega þar sem hún trúði kannski að hann af öllum ætti að vita að hún færi ekki að búa til sögur sem þessar:

Þarna er ég að fá höfnun frá gaur sem að ég hafði verið að sofa hjá [...] Sem var bara, ég var bara mjög hissa að hann skildi trúna því að, að ég myndi ljúga svona.

Önnur stúlnanna var beðin um að draga kærana til baka af manni sem var hátt settur í bænum. Hann gaf til kynna við hana að hún væri hvort eð er ekki að segja satt og vefengdi þannig orð hennar og vitnisburð:

Og var svona að nefna það við mig hvort að [...] mér leið svona eins og hann væri bara að segja við mig að ég væri bara að ljúga þessu og hvort ég ætti ekki bara að draga þessa kærna til baka. Og það náttúrulega var búið að dæma í málinu þannig að ég fer ekki að draga kærana til baka því mér var nauðgað. Fáránlegt. Þannig að hann svona kom því einhvern veginn að, að ég væri nú að ljúga þessu og hvort við ættum ekki að sleppa þessu bara.

4.5.3. Hótanir

Nokkrir íbúar brugðust við með því að hóta stúlkunum með einhvers konar líkamsmeiðingum beint eða óbeint. Það fór ekki á milli mála að hvað biði annarrar ef hún léti sjá sig á sveitaballi sumarsins en það átti að refsa henni þar. Stúlka sem ekkti brotapolann og gerandann lítilega minnst þessara orðróms sem var í gangi dagana fyrir ballið og voru orðin efnd þegar til þess kom:

Nei, það var búið að hóta. Shit, ég fæ bara gæsa húð. Vá, þetta var í X [á sveitaballi]. Það var búið að láta hana vita af því að það átti að stúta henni [...] en mér fannst ógeðslega gott hjá henni að hún fór samt. Ég man samt eftir henni, hún var alltaf svona til baka og hræðsla í augunum á henni [...] Og hún náttúrulega reyndi að verja sig sko [...] Hún réðist á hana [...] Hún var með eitthvað lið með sér sko [...] bakvið sig. Og það átti að bara að berja þessa druslu og það var búið

að hótta henni vel áður að hún yrði lami fyrir þetta. Og þetta gerðist fyrir utan ballið. Mig minnir þetta sko [...] Og ég man ekki. Þetta var eitthvað. Ég man ekki hvernig þetta endaði. Löggan kom eða eitthvað.

Önnur stúlkanna sagði frá því þegar pabbi gerandans þóttist ætla að keyra á hana í eitt skipti. Hún varð að vonum mjög óttaslegin:

[...] og pabbi hans [...] hann, ég var skíthædd við hann sko. Hann hérna [...] einhvern tímann var ég að labba heim frá þáverandi kærastanum mínum að nóttu til eða seint. Þetta hefur verið um 12 leytið, bærinn var eiginlega ó, auður og hann kom á móti mér í bíl. Og hann keyrði alveg að mér eins og hann ætlaði að keyra á mig. Og hérna, en svo vék hann skyndilega. Þá var ég hrædd.

4.5.4. Höfnun

Stúlkurnar upplifðu höfnun úr ýmsum áttum, með höfnun er í raun átt við að fá ekki að tilheyra. Viðbrögðin sem hafa verið útlistuð í þessum niðurstöðum vísa flest ef ekki öll til höfnunar á einhvern hátt. Frásögur stúlkanna benda til þess að þær hafi upplifað verulega höfnun frá ýmsum bæjarbúum og tekur önnur þeirra svo djúpt í árinna að höfnunin sem slík hafi jafnvel verið erfiðari en nauðgunin sjálf:

Að ég fengi ekki að fara inn í partý og það væri svona endalaust verið að já, bara þessi höfnun frá öllum bænum bara. Það er bara verra heldur en nauðgunin ef ég á að segja alveg eins og er. Nauðgunin bara sér þú veist, hún, þótt hún hafi verið hræðileg þá held ég að það hafi verið bara miklu erfiðara að fá alla þessa höfnun.

Stúlkunum þótti báðum erfitt að upplifa höfnun frá svo mörgum íbúum og það hafði áhrif á sjálfsmynd þeirra og líðan eins og komið verður betur inn á seinna í niðurstöðum en eins og önnur þeirra sagði:

En að fá alla þessa höfnun úr mörgum áttum, það var lang erfiðast. Og það er kannski þess, þú veist. Þess vegna hafnaði ég svolítið sjálfri mér [...] og ég veit ekki. Stundum hugsa ég bara að ég sé heppin að vera eins heil í hausnum og ég er í dag þrátt fyrir allt. Ég hefði alveg getað [...] ég man bara alveg eftir því að mig langaði bara ekkert að lifa lengur. Ég var bara eitthvað um nítján, tvítug þegar ég hugsaði það að mig langaði ekkert að lifa lengur [...] Og ég get alveg sagt það að það kom allt, að allar svona tilfinningar komu í framhaldinu af þessari nauðgun. En eins og ég segi það hefði ekki þurft að vera þannig. Ef að ég hefði fengið viðeigandi aðstoð, ef að ég hefði fengið bara stuðning. En að fá heilt bæjarfélag á

móti sér bara [...] fyrir litla unglingsstelpu sem er að mótast og þarf á endalausri viðurkenningu. Það er bara meira en að segja það [...]

Nauðgunarkæra annarrar stúlkunnar fór ekki alla leið í dómskerfinu heldur var hún felld niður þar sem sönnunargögn voru ekki næg. Ekkert vitni var að nauðguninni og orð hennar dugðu ekki til og heldur ekki marblettir né rifinn brjóstahaldari og sokkabuxur. Þetta var orð gegn orði. Þannig upplifði hún ekki einungis höfnun frá heimabæ sínum heldur einnig réttarkerfinu:

En málið náttúrulega endaði þannig að það var enginn fundinn sekur. Þetta var bara orð gegn orði. Og það var kannski bara enn erfiðara fyrir mig að kyngja. Að ég fékk ekki einu sinni, ekki einu sinni dóm. Dómsalur eða þú veist gat svona já [...] trúði mér, já. En þar, þar kannski brást kerfið mér líka.

Það að kæran rataði ekki á borð dómara var af sumum talin enn frekari staðfesting á því að stúlkan væri að ljúga sem í raun á ekki við rök að styðjast þar sem að fæstir gerendur fá á sig dóm fyrir verknaðinn (Campbell og Johnson, 1997).

4.5.5. Lítil stuðningur

Stúlkurnar og fjölskyldur þeirra upplifðu mjög takmarkaðan stuðning. Bæjarbúar völdu oft að vera hlutlausir frekar en að segjast trúa þeim. Þeim virtist vera meira í mun að sýna þeim ákærðu og þeirra fjölskyldum stuðning þar sem stúlkurnar væru að ljúga upp á þá. Vinkona annarrar stúlkunnar segir:

Bara eins og ég sagði það er bara þúst [brotapolinn] var bara að ljúga þúst. Það sem hún sagði var náttúrulega bara kjaftæði og lygi. Og greyið Lúðvík bara.

Foreldrar stúlkanna töluðu einnig um að hafa fengið mjög takmarkaðan stuðning frá íbúum bæjanna. Nánasta stórfjölskyldan stóð við bakið á þeim og þau vissu en ekki mikið meira en það eins og foreldri annars brotapolans sagði:

Ég greindi það nú ekki. [...] Ég skal viðurkenna það sko að ég varð fyrir vonbrigðum með það hvað [...]okkur var sýnd lítill hluttekning. Ég eiginlega bara náttúrulega mín systkini og það allra nánasta en [...] Ég var virkilega fyrir vonbrigðum hvað við fengum [...] já, litla samúð [...]. En þarna var stór hópur sem var að þjappa sér upp að honum sko [...]

Þannig má segja að lítið hafi verið um að einhver sýndi þeim algjöran stuðning eins og með því að segjast styðja þau eða trúna orðum dætra þeirra eins og foreldri annarrar þeirra hafði orð á:

Hann [stuðningurinn] var mjög lítill eða engin. Jú, það var staðið með mér eða Þórdís sagði það. Hún sagði það við mig að hún stæði með mér.

Það sama var þó ekki upp á teninginn með aðra bæjarbúa en stór hluti þeirra virtist fremur hafa áhyggjur af líðan og velferð gerendanna og fjölskyldum þeirra og teygði sá hópur anga sína til fleiri en einnar kynslóðar og olli til að mynda vinamissi hjá móður annars brotapolans eins og faðirinn komst að orði:

Eins og með vinkonur hennar [móður brotapolans] það bara sko. Hluti af þeim fór bara afsíðis sko. Ég er ekki að segja að að hafi verið fyrir það að það hafi verið eitthvað á hans bandi. Það kann vel að vera að það sé bara erfitt að vera í þessum sporum fyrir þetta fólk. Ég bara veit það ekki [...] Já, hún missti vinkonur út af þessu [...] eða svona kannski miss, kannski missir þær ekki heldur svona það dofnaði vináttan. Hún dofnaði vináttan.

Annar brotapolinn sem talaði um að hafa áður verið ágætlega vinamörg stelpa sem hafði gaman af því að vera innan um fólk og taka þátt í félagslífinu uuplifði stuðning fárra og þar á meðal innan síns nánasta vinkonuhóps:

Ég átti kannski svona tvær, þrjár vinkonur sem að trúðu mér, svona sem ég fann að trúðu mér. Þótt að þú veist vinkonuhópurinn svona talaði þannig en en það voru nú samt bara kannski tvær sem að stóðu þannig séð með mér.

Önnur stúlkanna upplifði svik frá bestu vinkonu sinni þegar sú sama svaf hjá gerandanum og með því fannst henni vinkona sín gefa yfirlýsingu út á við að hún trúði ekki nauðguninni upp á hann og þá því að henni hefði verið nauðgað:

Og hérna, en eins og ég segi þá fór besta vinkona mín og svaf hjá honum. Við vorum búnar að vera alveg bestu vinkonur, þjuggum í sömu götu alveg alla tíð og hún fór og svaf hjá honum [gerandanum].

Vinkona annars brotapolans hafði þetta að segja:

En ég held að stelpurnar hafi reynt að standa við bakið á henni en ég veit ekki hvað þeim fór á milli. En mér fannst þær ekki vera að gera það út á við. Þú veist hvort sem þær hafi gert það inn á við en mér fannst þær ekki standa sig út á við.

Þessi afstaða gefur mögulega til kynna ótta þeirra við að segja sína skoðun og þá sér í lagi ef hún snéri að því að segjast trúa stúlkunum því þeir sem það gerðu gátu einnig átt von á refsingu eins og ein þeirra varð fyrir.

4.5.6. Líkamlegt ofbeldi

Í öðru tilvikinu bar verulega á líkamlegu ofbeldi sem brotapolinn varð fyrir. Þá voru tvær stúlkur í bænum jafnframt beittar slíku ofbeldi eftir að hafa sýnt henni stuðning. Móðir hennar var kölluð til að sækja dóttur sína á sveitaball þar sem ráðist hafði verið á hana af stúlku sem hafði með sér lið til að fara gegn henni:

Stuttu seinna þá er þetta ball í Siggubúð sem að ég ræð ekkert við [brotapolann] og hún fer [...] Og þar var allt í háa látum og djöflagangi og ég þurfti að fara og sækja hana [...] Þá eru byrjuð slagsmál út af þessu að hún hefði verið að kæra [...] Ætli hún hafi ekki verið að rífast við Lísu minnir mig. Og eitthvað gekk á þarna. Ég var allavega, það var hringt í mig og ég fór suður að Gunnubúð [...] og ég óð þar inn [...] og það var allt í hers höndum þar [...] Hún var náttúrlega brjáluð. Það var verið að halda henni eins og sökudólg. Hún var reið [...] Og hún var náttúrlega grátandi yfir þessu. Hún var ekkert sökudólgur [...]

Stúlka sem þekkti brotapola og geranda lítillega var stödd á umræddu balli og varð vitni að því sem átti sér stað:

[...] Jú, jú, hún [Lísa] reif svoleiðis í hárið á henni [...] Hékk í hárinu á henni [...] Þetta var alveg. Hún var lamin sko. Ekki ryskingar. Þetta kallast að lemja.

Þetta var ekki eina skiptið sem stúlkan var beitt líkamlegu ofbeldi en hún minnst þess að hafa staðið ásamt nokkrum einstaklingum fyrir utan dansleik sem var að hefjast þegar aðr bíll ekur á bílaplanið og að henni, skransar þar og snarstoppar. Út úr honum steig Katla sem rauk að henni og kýldi hana umsvifalaust í andlitið. Brotapolinn sagði frá því á þessa leið: „Ég til dæmis var ég kýld fyrir utan ball [...]“ Vinkona annars brotapolans var stödd á sama stað og minnst áverka sem stúlkan hlaut við að vera kýld:

[...] og hérna ég man meira að segja eftir því [brotapolinn] var með svona járn að innan verðu eftir teinana [bendir á munninn á sér] og það gekk aðeins inn í þúst tennurnar þegar hún kýldi hana. Ég man ekki hvort það var efri eða neðri.

Ráðist var á aðra stúlku í bænum þegar sú sama tók upp á hanskann fyrir brotapolanum:

Hún kýldi mig svoleiðis og steinrotaði mig einu sinni. [...] Ég held það bara hafi verið út af þessu. Ég kem hlaupandi að henni. Hún stendur fyrir utan hótelið og er að tala. Ég kem hlaupandi og var brjáluð yfir einhverju og ætlaði að fara að rífast við hana sko. Heyrðu, hún tekur hnefann bara á móti mér og kýlir mig og ég flýg þú veist örugglega einhverja fjóra metra og á einhvern bíl. Þú veist ég skell svona og bara kku.

Stúlka sem þekkti brotapolann og geranda líttillega segir frá því þegar henni ofbauð framkoma nokkurra stráka við brotapolann og reyndi að fá þá til að hætta og fékk í kjölfarið að kenna á því:

Og stóð þarna frá og það var einhver að hugga hana. Það þorði engin að gera neitt af því þetta voru skilurðu ógeðslegir strákar [...] Og ég stóð upp og sagði eitthvað bara: Djöfulsins ógeð. Og hérna svo komu þeir út úr bílnum og þá var ég lamin eða þú veist [...] réðst á mig og tók mig svona [...] já lyfti mér upp. Já og bara barði mig þannig en ekki kýldi mig eða neitt. Maður mátti ekki segja neitt á móti, skilurðu? Þetta var viðbjóðslegt. Þetta var viðbjóðslegt. [...] Svo mikil illkvittni. [...] Þeir náttúrliga voru viðbjóður, voru að áreita hana. Kalla á hana drusla og ógeð og hóra og gera grín og eitthvað. Svo bara fóru þeir eða eitthvað.

4.5.7. Útskúfun

Stúlkunum var útskúfað af háværum og stórum hópi bæjarbúa samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar, um það verður ekki auðveldlega deilt. Annar brotapolinn segir frá því sem hún fer að upplifa eftir að hafa lagt fram nauðgunarkærana þegar kom að því að party voru haldin í hennar heimabæ: „Og hérna, en það fer að vera svona. Ég fæ ekki að fara í party neins staðar, mér var, það var, ég var útilokuð úr öllu svoleiðis og hérna“. Henni var sem sagt meinaður aðgangur að partyjum sem haldin voru í bænum og þá meðal annars af strák sem hún hafði átt vingott við á þeim tíma sem henni var nauðgað. En hann sagði bara: „Nei, þú kemur ekki inn“, þegar hún mætti ásamt vinkonum sínum í party. Fyrir nauðgunina hafði hún alltaf fengið aðgang í party sem tilheyrðu hennar aldursflokki í bænum. Það hafði aldrei áður verið vandamál þannig að þetta voru viðbrigði fyrir hana.

Hin stúlkan upplifði þetta ekki þar sem að hún fór lítið sem ekkert út eftir nauðgunina þannig að í raun reyndi ekki á þennan þátt. Einn viðmælandinn sagði aðspurður að hann hefði getað ímyndað sér út frá ástandinu í bænum að brotapolinn hefði ekki fengið að koma inn í einhver party. Annar brotapolinn segir frá móttökum sem mættu honum í eitt skipti þegar hann kom inn á stað ásamt einhverjum vinum sínum: „Þá sagði hún bara: Út með

hana. [...] Já, það er sem sagt þessi Katla sem hafði kýlt mig áður. Hún segir: Þið megið koma inn en ekki hún. Svona gekk þetta fyrir sér og svona framkomu leyfði fólk sér. Viðbrögðin voru þó ekki alltaf svona ýkt en þau þurftu þó ekki að vera það til að stúlkurnar upplifðu sig fyrir utan samfélagið og í raun útskúfaðar. Þær fundu sig ekki eins velkomnar lengur eins og önnur þeirra komst að orði: „Og ég fann það kannski líka bara hjá foreldrum vinkvenna minna, svona þú veist, ég var kannski ekki alveg beint velkomin inn á heimilin og svona.“

Ein þeirra kvenna sem tók afstöðu gegn annarri stúlkunni fannst sem að henni hefði verið útskúfuð með því að stór hluti bæjarbúa studdi gerandann og eins með þeirri umræðu sem átti sér stað í bænum:

Bara með því að styðja við hann. Þannig var henni útskúfað [...] og í rauninni umræðunni. Ég meina hún hefur pottþétt heyrt eitthvað af þessari umræðu að hún hafi verið vondi kallinn og hafi alls ekki átt að gera þetta. Og að allur bærinn setti sig í dómarasæti og setti hana í stöðu í rauninni þess vonda.

Annarri stúlkunni fannst hún aldrei verða meðtekin aftur inn í samfélagið en hún virðist hafa verið að vonast eftir því að verða samþykkt á ný:

En ég var líka, á þeim tíma var ég líka mikið í Reykjavík. Svo var ég alltaf svona að koma til baka og hélt kannski að nú væri ég kannski velkomin en ég fann alltaf að það var ekki. En það var kannski ekkert, það minnkaði alveg. Það minnkaði svolítið bara þarna á því að bróðir hans og hún töluðu svona með mér. En þetta var aldrei eins. Ég átti mér aldrei séns í þessu bæjarfélagi. Það var bara þannig. Það var bara ekki möguleiki.

4.5.8. Umtal

Eins og áður hefur komið fram var umtal mjög mikið og á tímabili var varla annað rætt. Hægt er að setja þetta sem refsingu þar sem að umtal sem gengur út á að einstaklingur sé að ljúga alvarlegum og refsiverðum glæp sem nauðgun er þannig að hann verður fyrir umtalinu. Umtalið er neikvætt og beinist gegn tilteknum manneskjum. Ein stúlka sem tók afstöðu með gerandanum vann í sjoppu á þessum tíma og varð því töluvert vör við umtalið:

Ég var að vinna í sjoppu á þessum tíma og þar voru bara svona umræður [...] Já, það voru svoldið umræður um þetta. Þá kannski komu bara einhverjir inn, einhver vinkona eða bara einhverjir þú veist inn sem voru með þessa afstöðu rétt á meðan þúst. Svona hlutir kannski í litlum bæjum eru kannski ekkert endalaust,

það er talað um þá í skorpum. Það er bara smá tími sem er talað um þetta og það er ekkert annað um rætt.

Umtalið gekk út á að vefengja orð brotapolanna og vorkenna gerendunum og jafnvel foreldrum þeirra eins og fram hefur komið eins og stúlka sem þekkti brotapolann og gerandann lítillega sagði: „Bara eins og ég sagði það er bara þúst [brotapolinn] var bara að ljúga þúst. Það sem hún sagði var náttúrulega bara kjaftæði og lygi. Og greyið Lúðvík bara.“

Þó var það þannig að stúlkurnar fréttu oft í gegnum þriðja aðila hvernig verið var að tala á bakvið þær í raun. Önnur þeirra minnst þess og segir:

Ég upplifði það ekki mikið sjálf af því að fólk sagði voðalega lítið við mig. Það var alltaf verið að tala í kringum mig. En það var voðalega lítið sagt við mig. Þannig að hérna ég heyrði það bara frá kærastanum mínum að einhverjir hefðu sagt við hann að ég væri náttúrulega bara að ljúga þessu.

Orðræðan í bænum um nauðgunarkærana gekk verulega nærri brotapolunum og fjölskyldum þeirra. Móðir annars þeirra varð vör við að yngri systkini brotapolans fengu meðal annars að heyra að systir þeirra væri að ljúga sem bendir enn frekar til þess að orðrómurinn hafi farið víða og til allra aldurshópa: „Ég man þetta ekki alveg en krakkarnir voru að segja að hún hefði bara verið svo full og hún hefði ekki átt að drekka [...]“ Móðurinni fannst að foreldrar þessara barna bæru vissa ábyrgð á orðum þeirra og var reið yfir því að þau skyldu ekki fræða börnin sín heima: „En að fólk skyldi [...] skyldi ekki passa það að börnin þeirra væru ekki að tala við systkinin eða á neikvæðan hátt. [...] Ég var svo reið yfir því að það væri ekki passað. Umtalið snérist svo upp í áróð eins og annar brotapolinn lýsti:

Hún gekk svolítið um bæinn og eitraði fyrir mér, talaði um hvað ég væri ömurleg [...] gekk á milli minna vinkvenna og sagði þeim að ég hefði, að ég hefði verið að segja öllum [...] að þær hefðu verið, já þær sögðu mér. Nei, hún var að segja við þær að ég væri búin að vera að segja hverjum þær væru búnar að sofa hjá og einhver svona leyndarmál sem voru bara okkar á milli, vinkvennanna. Sem sko var bara lygi, hún var bara að ljúga því. Og hérna, og hún var svona að reyna að eitra fyrir mér. Hún labbaði á milli og og hérna talaði um hvað ég væri ömurleg og og svoleiðis. Og hérna [...] uhh.

4.6. Kyn

Það vakti athygli við vinnslu rannsóknarinnar að svo virðist sem að konur hafi verið meira áberandi í að taka afstöðu gegn báðum stúlkunum eins og önnur þeirra sagði: „Þetta voru

mikið stelpur af einhverjum orsökum [...]“ Stúlkur og konur virtust sýna hvað grimmasta framkomu í garð brotapolanna. Foreldri annars brotapolans átti erfitt með að átta sig á því hvað olli þessu:

Það fólk sem var aggressívast í þessu, það var kvenfólk. Svo undarlegt sem það er. Og fjöldinn allur af [...] gömlum kellingum þarna sem að ekkert þekktu dóttur mína. Ekki vitundarögn [...] ég átta mig engan veginn á því. Jafnvel ekki nema máltakið, konur eru konum verstar.

Því má velta upp hvort að einn þáttur þess að stúlkur létu eins mikið fyrir sér fara og raun bar vitni að um einhvers konar samkeppni eða valdabaráttu hafi verið að ræða. Í öðru tilvikinu bar allavega á því að vinkonur brotapolans urðu fyrir einhvers konar aðkasti stúlknaþóps fyrir að vera vinkonur hennar en þær minntust á að áður en að nauðgunarkæran kom til hafi þær stundum fundið fyrir einhvers konar afbrýðisemi frá tilteknum stúlkum. Sú afbrýðisemi fól meðal annars í sér að fá athygli frá einhverjum strákum og þá stundum strákum sem voru nýir í bænum. Þessi umræða verður þó tekin betur fyrir í kafla um niðurstöður.

Vinkona annars brotapolans benti á að þær hafi verið vinsælli hjá strákunum yfir höfuð og þær hafi fundið fyrir afbrýðisemi hinna stúlkanna vegna þess:

Ég man bara að þær voru alltaf bara svona við okkur. Bara gjóandi augunum og af því að við vorum eitthvað lægra settar en þær sko en en þær voru samt alltaf svo fúlar yfir því að við vorum samt alltaf eitthvað hærra en þær sko.

Í hinu tilvikinu bar einmitt á því sama, það er að örlítið eldri stúlknaþópur, og þá sér í lagi ein þeirra, hafði sig mjög svo fram í að fara gegn annarri stúlkunni eins og hún sagði:

[...] þetta voru stelpur sko, vinaþópur sem að [...] og voru þremur árum eldri en ég og fjórum árum eldri en ég þannig að þær hafa verið um tvítugt, 21 á þessum tíma, 22 kannski] [...]

Þá voru ungar konur forsprakkar í báðum tilvikunum til að fara gegn stúlkunum. Í báðum bæjunum má segja að það hafi verið leiðtogi/leiðtogar sem fóru fyrir því að refsastúlkunum. Í Skúlafirði var ein stúlka mest áberandi í þessu eins og fullorðinn íbúi sagði en hann furðaði sig einnig á því að hún og hennar vinkonur hafi ekki bara setið á sér heldur dæmt stúlkuna og reynt að fá fleiri í lið með sér:

Ég man það allavega að það var þarna einhver stúlka, jafnvel tvær, þrjár sem að maður hugsaði með sér, rosalega er þetta skríttin svona skríttin viðbrögð hjá sko raunverulega svona stúlknaþóp. Að sitja þá ekki bara hjá og sá aðeins til heldur

en að vera að kokka svona bull sko. Og það var til dæmis hún, Halldóra held ég að hún heiti. Hún var alveg rosaleg í þessu.

Í Kormáksvík voru það tvær stúlkur sem voru leiðandi í að fara gegn brotapolunum. Þær leiddu ekki beint hesta sína saman en tengdust þó í gegnum sömu vini og kunningja. Þær voru sem fyrr segir aðeins eldri en brotapolinn eins og vinkona brotapolans minntist á:

Þetta er þessi árgangur þú veist, Gróa og hennar árgangur og stelpurnar sem eru árinu eldri [...] En þetta var aðallega bara það að vera ekkert að gera eitthvað eða segja eitthvað til þess að þúst reyta þær eitthvað til reiði.

Þessar niðurstöður hafa vakið athygli og jafnvel furðu fólks sem hefur spurt af hverju svona hafi verið í pottinn búið. Fólk virðist hafa áhuga á að vita og skilja það. Á þeim tíma sem umræddir atburðir áttu sér stað virðist sem að fólk hafi velt því upp og átt erfitt með að skilja hvað lág að baki þessarar framkomu og hegðunar. Fullorðinn íbúi var einn þeirra:

Mér finnst svo skrítið sko að að kona skuli verða svona hryllilega grimm við einhverja aðra konu. Ég hef bara aldrei séð svona grimm. Í svona orði og framkvæmd, skilurðu?

En hvaða ávinning höfðu þessar stúlkur af þessari hegðun? Var það réttlætiskennd þeirra sem dreyf þær áfram og hugsjón sem vakti upp þessa miklu reiði? Var það kannski lofið sem þær fengu frá öðrum og klappið á bakið til dæmis frá hátt settum karlmönnum? Því verður reynt að svara í niðurstöðukafla.

Fullorðinn íbúi talaði um að ein þeirra sem fór gegn brotapolanum hafi fengið klapp á bakið fyrir vikið og kannski var það ákveðin driffjöður fyrir hana:

Hún er svona éég, einhvern tímann sagði ég rosalega þetta væri skrítið hvað hún væri hörð í þessu, svona sinni framgöngu. Það var eins og hún væri búin að fara með eitthvað af stað. Hún myndaði sér skoðun á einhverju og sló einhverju föstu [...] Þá var hún bara alltaf eins og riddari bara með gun fána sko á fullu bara allt út í gegn.

Kona sem tók afstöðu með gerandanum sagði að stúlkunni sem leiddi það lið sem fór gegn öðrum brotapolanum, hafi liðið eins og þjóðhetju á meðan á þessu stóð sem hæst. Henni var boðið í kaffi hjá fólki í bænum til að ræða þessi mál til dæmis hjá einum ágætlega metnum manni í bænum. Því má segja að hún hafi hlotið lof fyrir og jafnvel fundið svolítið til sín við þetta og fundist hún skipta máli, hafa rödd. Ef til vill gladdi það hana að fá viðurkenningu frá karlmönnum fyrir þetta ef litið er til þess að samfélagið var fremur karllægt þá var þetta ef til

vill tækifæri fyrir konur að láta ljós sitt skína og verða upphafnar af þeim sem voru ráðandi hópur, sem sagt karlmönnum.

Því skal þó haldið til haga að karlmenn voru ekki undanskildir frá því að fara gegn stúlkunum þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið forsprakkar. Þeir veittust til að mynda að þeim þegar þeir voru undir áhrifum áfengis með hrópum og köllum og annarri stúlkunni var meinaður aðgangur að partyi af karlmanni.

Stúlka sem þekkti brotþola og geranda lítilla var ein af þeim sem minntist á uppákomu þar sem strákar réðust að öðrum brotþolanum með fúkyrðum og niðurlægðu hana þannig og gerðu lítið úr nauðguninni:

Hún bara fór að gráta og ég man eftir andlitinu á henni og allt sko [...] Og stóð þarna frá og það var einhver að hugga hana. Það þorði engin að gera neitt af því þetta voru skilurðu ógeðslegir strákar.... Hún stóð bara í sjokki. Vissi ekkert hvernig hún átti að vera.

4.7. Annað áfall

Eins og áður hefur komið fram geta afleiðingar nauðgana verið alvarlegar (Anna Bentína Hermansen, 2010; Koss, 1993; Krug o. fl., 2002; Mason og Lodrick, 2013; Nagel o. fl., 2005; Sadock, Sadock og Ruiz, 2015). Þá benda rannsóknir til þess að félagslegur stuðningur hafi jákvæð áhrif á bata þolenda svo sem að hlustað sé á hann og honum sé trúað. Neikvæð viðbrögð geta því haft töluverðar afleiðingar á það hversu vel þolendum tekst að vinna úr því áfalli sem nauðgun er (Ullman, 1996). Af þessum sökum má leiða líkum að því að um annað áfall sé að ræða þegar þolendur nauðgana mæta neikvæðum viðbrögðum í svo miklum mæli eins og í þeim tilvikum sem hér eru tekin fyrir.

Önnur stúlkanna útskýrir þetta vel og í orðum hennar felst að eftir að hafa verið nauðgað þá sé fólk varnarlaust þar sem brotið hefur verið svo svívirðilega á því og liggja því vel fyrir höggi. Varnarleysið kemur meðal annars fram í þeirri tilfinningu að það sé í lagi að halda áfram að brjóta á þolandanum og koma illa fram við hann. Þannig er sjálfsmyndin, skömmin og sektarkenndin til staðar sem elur á slíkum hugsunum:

Mér leið náttúrulega ömurlega. En það er náttúrulega bara það sem er svo skrítið með þetta að að þegar maður lendir svona, í svona nauðgun. Það er búið að brjóta svona á manni þá fer manni að finnast í lagi að allir aðrir geri það. Þannig að þetta verður bara svona [...]

Við greiningu gagnanna kom einmitt skýrt fram að sálrænar afleiðingar af reynslu stúlkanna voru verulegar bæði af nauðguninni sjálfri sem og þeim viðbrögðum sem þeim mættu í kjölfar þess að þær lögðu fram nauðgunarkæru eins og önnur þeirra vitnar hér um:

Já, mér leið svolítið bæði það að mér leið illa fyrir það að mér hafði verið nauðgað. Mér fannst ég skítug og ég var náttúrulega notuð og og þau viðbrögð sem ég fékk var, það var alveg jafn, jafn slæmt af því mér leið þá eins og fólk væri illa við mig. Að ég væri vond manneskja vegna þess að fólk trúði ekki að ég væri að segja satt [...] uhm ég var náttúrulega 17 ára þannig að allt sem að maður speglar sig í öllu sem maður heyrir.

Þannig styðja meðal annars þessi ummæli við það að stúlkurnar urðu fyrir áfalli þegar þeim var nauðgað og viðbrögðin sem þær upplifðu varð þeim svo annað áfall og hafði áhrif á sjálfsmynd þeirra og líðan. Þessir þættir komu meðal annars fram í kvíða, að upplifa sig f annars flokks, í skömm, sektarkennd, sjálfseyðingarhvöt, sjálfsvígshugsunum, áfengis- og vímuefnaneyslu, brostinni sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitningu og ótta.

Stúlkurnar mættu neikvæðum viðbrögðum mjög fljótlega eins og komið hefur fram. Viðbrögðin voru útbreidd og svo virðist sem stór hluti bæjarbúa hafi tekið harða og afgerandi afstöðu gegn þeim. Leiða má líkum að slík viðbrögð geti haft alvarlegar afleiðingar á líðan þeirra sem fyrir þeim verða. Þegar fullorðinn íbúi varð var við umtalið í sínum bæ og aðförina gegn stúlkunni hugsaði hann með sér að hún gæti ekki þolað við nema í stuttan tíma:

Það er bara spurning hvað getur sá aðili, hvað getur hann sem óharðnaður unglingur staðið lengi uppi, skilurðu? Ég var bara búin að sjá það að slík svona óhörðnuð manneskja, hún stæði ekkert uppi í marga daga sko.

Þau undirþemu sem dregin eru fram í þessu þema eru fimm talsins: andleg vanlíðan, sjálfsmynd, skömm, sektarkennd og tengslamyndun.

4.7.1. Andleg vanlíðan

Báðar stúlkurnar töluðu um að hafa átt við kvíða og aðra andlega vanlíðan að etja eftir nauðgunina. Sjálfsvígshugsanir sem og slíkar gjörðir eru þekktar hjá þolendum nauðgana (Mason og Lodrick, 2013). Önnur þeirra sagði frá því að, um tveimur til þremur árum eftir að henni var nauðgað þá hefði hún upplifað uppgjöf og misst lífsviljann þannig að hún íhugaði að taka eigið líf:

[...] ég man bara alveg eftir því að mig langaði bara ekkert að lifa lengur [...] ég hugsaði það að mig langaði ekkert að lifa lengur [...] Og ég get alveg sagt það að það kom allt, að allar svona tilfinningar komu í framhaldinu af þessari nauðgun. En eins og ég segi það hefði ekki þurft að vera þannig. Ef að ég hefði fengið viðeigandi aðstoð, ef að ég hefði fengið bara stuðning. En að fá heilt bæjarfélag á móti sér bara, fyrir litla unglingsstelpu sem er að mótast og þarf á endalausri viðurkenningu. Það er bara meira en að segja það.

Í þessum orðum hennar kemur fram að viðbrögðin sem hún mætti ollu henni verulegri vanlíðan. Hún upplifði að heilt bæjarfélag væri á móti sér og að önnur viðbrögð eins og stuðningur hefði getað haft mikið að segja um líðan sína á eftir. Þekktar afleiðingar þeirra sem er nauðgað er áfengis- og vímefnaneysla (Mason og Lodrick, 2013). Hún átti erfitt með að vinna úr tilfinningunum sínum eftir áföllin þannig að hún hóf að nota áfengi og önnur vímuefni til að deyfa þær:

[...] þú veist ástæðan fyrir því að ég þurfti að deyfa mig svona mikið var svona fyrirleitningin á sjálfri mér þú veist. Ég náttúrulega kannski horfði bara á mig með augum hinna bæjarbúanna og já.

Hún deyfði sig og fyrirleit sjálfa sig rétt eins og henni fannst margir bæjarbúar gera. Henni var nauðgað aftur síðar í fleiri en eitt skipti og lagði ekki fram kæru sem kemur ef til vill ekki á óvart eftir fyrri reynslu hennar, það er að hún hafi ekki kært:

Ég held ég hafi lent meira að segja í nokkrum nauðgunum eftir þetta sem ég man ekkert eftir. Man ekkert, ég myndi ekki einu sinni þekkja þá menn út í bæ [...] Nei, mér datt það ekki í hug [kæra seinni nauðganir] [...] og eiginlega já mér fannst svona, eins og ég þyrfti að hreinsa mig oft frá einhverju eða mér var bara illa við sjálfa mig.

4.7.2. Sjálfsmynd

Báðar stúlkurnar töldu nauðgunina og viðbrögð fólks hafa haft veruleg áhrif á þeirra sjálfsmynd á þann hátt að hún hefði hlotið skaða af. Þær upplifðu mikla breytingu á sér eftir á og fannst muna miklu á því hvernig þær hefðu verið fyrir og svo eftir nauðgunina eins og önnur þeirra sagði:

Þetta hefur fylgt svo rosalega mikið, bara hugsanir og það að líta til baka fyrir nauðgunina og eftir nauðgunina, svona punktur í lífinu, svona fyrir og eftir [...]

Uhm bæði varðandi mig sem persónu og hvernig ég lifði lífinu mínu og, og bara hvernig lífið var.

Önnur stúlkanna upplifði að sjálfsmynd hennar hefði verið brotin niður og það hafi meðal annars komið fram í að hún átti erfitt með að horfa framan í fólk. Henni fannst hún ekki hafa haft þann stuðning til að komast í gegnum erfiðleikana:

[...] með svona brotna sjálfsmynd og þú veist eiga erfitt kannski með að feisa fólk af því ég hafði enga trú á sjálfri mér. Það var engin til að, til að hérna aðstoða mig eða til að peppa mig upp í það. Þannig að, já, ég var svolítið mikið brotin niður þarna á þessum árum.

Foreldrar beggja stúlkanna voru á sama máli, það er að nauðgunin hefði haft eyðileggjandi áhrif á þær og þeirra sjálfsmynd. Faðir annarrar þeirra segir frá því að hann ásamt móður stúlkunnar hafi upplifað að þetta hefði ævarandi áhrif á dóttur þeirra að einhverju leyti þannig að þetta myndi alltaf fylgja henni:

[...] þegar þetta gerðist í upphafi var náttúrulega það að við gerðum okkur grein fyrir því að það væri búið að stórskada dóttur okkar. Við vorum búin að stunda uppeldi þar [...] og það var búið að brjóta það niður að einhverju leyti og skemma hana að einhverju leyti til frambúðar [...] gera hennar framtíðarlíf kannski og ekki kannski erfiðara heldur en að það annars hefði orðið[...]

Foreldri annarrar stúlkunnar tók í sama streng og bætti því við að þau, foreldrar hennar, hafi misst dóttur sína í áfengis- og vímuefnaneyslu af þessum sökum: „[...] ég er samt sár út í samfélagið [...] mér finnst þetta hafa skemmt [brotaþolann] svo.“

Þetta viðhorf kristallast enn frekar í eftirfarandi orðum annars föðurins en svo virðist sem foreldrar beggja stúlkanna séu enn sárir í garð þeirra íbúa sem tóku afstöðu gegn dætrum þeirra. Viðbrögðin höfðu mikil áhrif á þær en einnig á foreldra þeirra og systkini eins og foreldri annarrar stúlkunnar kemst að orði:

En ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er draugur sem hún þarf að draga með sér allt lífið. [...] Og sá stóri draugur hann náttúrulega er að hluta til í okkur líka og sem við þurfum að bera líka. En það er smotteri miðað við það sem hún þarf að bera. Það er sárast náttúrulega að vita af því.

Það ber á því að stúlkurnar hugsi einnig til fortíðarinnar og velti því fyrir sér hvað hefði getað orðið, ef þeim hefði ekki verið nauðgað. Ef þær hefðu fengið meiri stuðning og ef þær hefðu fengið frið frá öðru fólk til að jafna sig á nauðguninni. Önnur stúlkanna hefur unnið vel í sér

og úr áfallinu en auðvitað hlýtur slík reynsla að skilja eftir sig ör á sálartetrinu og alls kyns spurningar. Hún veit að hún gekk í gegnum víti án þess að eiga þar sök á:

Uu þannig að kannski hefði ég valið öðruvísi leið í lífinu líka að einhverju leyti og ég held bara að ég hefði losnað við mikla vanlíðan sem ég var að burðast með næstu árin á eftir og óöryggi og kvíða og sem sagt það að finnast ég annars flokks [...]

Þessi reynsla sem brotapolarnir upplifðu virðist hfa verið ansi stór biti að kyngja fyrir ungar stúlkur og hér segir önnur þeirra frá því hversu erfitt hún átti með að komast undan áhrifunum sem þetta hafði á hana:

Og eiginlega já mér fannst svona, eins og ég þyrfti að hreinsa mig oft frá einhverju eða mér var bara illa við sjálfa mig. Og fór bara mjög illa svona með mig já í nokkur ár. Þótt ég svona kannski reyndi að fara til baka, þetta var orðið bara svo fast í mér að ég væri svolítið mikið rusl.

Hér skýrir önnur stúlnanna frá því hvernig hún upplifði að líf sitt væri ónýtt og allt sem hún hafði gert væri það líka sem bendir til brotinnar sjálfsmýndar:

Þetta jók náttúrulega bara á þessa tilfinningu að ég væri fyririlitin og fólk héldi að ég væri að ljúga og einmitt hvað ég hefði eiginlega gert til þess að verðskulda þetta. Ég bara skyldi það ekki. Já, bara, bara þessi tilfinning að skilja ekki. Af hverju er þetta svona? Og bara allt er ónýtt. Líf mitt bara ónýtt. Það var þessi tilfinning sem ég hafði [...] Þannig að já. Ég var bara niðurbrotin sko.

4.7.3. Skömm

Rannsóknir benda til þess að brotapolar upplifi skömm eftir að vera nauðgað líkt ábyrgðin sé þeirra (Ahrens, 2006; Anna Bentína Hermansen, 2010). Önnur stúlnanna sagði frá því að hún vildi ekki að fólk vissi að henni hefði verið nauðgað og að hún hefði upplifað þau viðbrögð sem hefur verið fjallað um hér:

Að fólk vissi að ég væri stelpan frá Skúlafirði sem var nauðgað og enginn vildi sem sagt hafa með ne sem sagt, hvað á ég að segja, uu og sem sagt allir fyrirlitu eins og mér leið á þessum tíma.

Þessi orð hennar gefa til kynna að hún hafi óttast að fá höfnun og að litið væri á hana sem einhvers konar annars flokks manneskju vegna þeirra reynslu sem hún átti. Hún tók á það

ráð þegar fólk sem hún hafði nýlega kynnst fór að ræða hennar mál, án þess að vita að um hana væri að ræða, að láta sem það væri verið að tala um aðra manneskju en hana:

Og ég átti það til að lenda í samtölum við fólk þar sem að fólk spurði mig út í þetta þar sem ég fór bara í leikarahlutverkið og talaði um mig sem aðra persónu. Sem sagt sagði ekki að þetta væri ég heldur sagði, talaði um mig sem aðra persónu. Þessa stelpu sem var ekki ég. Og hérna það stóð alveg yfir í nokkur ár. Uhm, þannig að þetta mótaði mig [...]

Slík var skömmin sem hún upplifði: „Mér fannst ég alltaf vera að burðast með eitthvað ljótt leyndarmál [...]“ Önnur stúlkanna fann að þessi reynsla hennar af því að kæra nauðgun hafði áhrif á samskipti hennar við fólk og að hún átti erfitt með að horfa framan í fólk líkt og hún hefði eitthvað að skammast sín fyrir:

En hérna, ég var náttúrulega bara ógeðslega lítil í mér á þessum tíma þannig að ég fann þetta rosa sterkt. Og fyrir vikið fór ég kannski að vera svolítið mikið inn í mér og eiga kannski erfitt með að horfa framan í fólk og svona [...]

4.7.4. *Sektarkennd*

Rannsóknir benda ítrekað til þess að brotaþolar nauðgana finni hjá sér sektarkennd líkt og þeir beri einhvers konar ábyrgð á nauðguninni. Stúlkurnar áttu það sameiginlegt að hafa kennt sér um á einhvern hátt og leitað ábyrgðar á nauðguninni hjá sjálfum sér. Þar koma þættir eins og nauðgunarmýtur og staðalmyndir inn í myndina sem ætti ekki að koma á óvart þar sem að stúlkurnar ólust upp og þrifust þannig í sama veruleika og aðrir bæjarbúar. Þannig virðist sú orðræða meðal annars geta ýtt undir sektarkennd og að stúlkunum finnist þær eiga einhvers konar refsingu skilið líkt og þær beri einhverja ábyrgð. Orð annars brotaþolans eru til vitnis um það:

[...] maður fer náttúrulega að kenna sjálfum sér um [...] að hafa verið í þessum aðstæðum og að hafa verið, komið sér í þetta. Að hafa verið of drukkin og hafa verið ein inni í húsi með karlmönnum og að bara að hafa treyst þeim. Þannig að það kemur manni svo sem ekkert á óvart að þetta byrjar svona. Að maður fari að fá þessi viðbrögð frá, frá fólkinu í kringum mann að þessi efasemdarviðbrögð að maður bara. Að manni fer að finnast maður eiga þau skilið.

Hinn brotapolinn hefur svipaða sögu að segja. Stúlkunni fannst hljóta að vera að hún hefði gert eitthvað rangt þar sem hún upplifði eins hörð viðbrögð og hún gerði. Hún hafði áhyggjur af því að vera að eyðileggja líf gerandans sem og ímynd heimabæjar síns:

Maður speglar sig í, í því sem maður heyrir frá fólki þannig að ég var náttúrulega óörugg og ég var alltaf að þæla í hvað ég hefði gert. til þess að herna, til þess að ég hefði fengið þessi viðbrögð. Þú veist að ég hefði gert eitthvað rangt. Já. Sem sagt að þetta væri allt mér að kenna, ég var að skemma ímynd bæjarins. Ég var að skemma lífið hans af því ég hafði kært hann.

Hún átti erfitt með að losa sig undan sektarkenndinni og þeirri tilfinningu um að hún ætti einhverja sök á máli þó hún hafi að lokum náð að losna undan því:

Ég var óörugg og einmitt fór mikið í leikarahlutverkið og fannst erfitt að vera ég sjálf [...] uhm fannst ég annars flokks og já [...] og það var ekki fyrr en bara, fyrr en síðustu ár sem að ég svona náði að komast upp í það að herna að geta sagt að það var ekkert af þessu mér að kenna. Og það var heldur ekki mér að kenna að herna umtalið var svona. Það tók alveg, ég held það hafi tekið, hvað er langt síðan þetta gerðist? 13 ár eða eitthvað svoleiðis, 14 ár. Ég hugsa að það hafi tekið alveg 10 ár.

Önnur stúlnanna reyndi að leita eftir orsökum hjá sjálfri sér varðandi nauðgunina. Henni fannst hún ekki hafa unnið fyrir þessum neikvæðu viðbrögðum en á einhverjum tímamarki virðist hún hafa látið þau lönd og leið ásamt fólkinu sem brást þannig við sem og sjálfri sér: „Ég verð alltaf bara: Hvað gerði ég? [...] En eins og ég segi svo verður manni bara svona drullusama, mér var bara skítsama bara um mig og þetta lið.“ Hin stúlkanna reyndi einnig að finna skýringu hjá sjálfri sér bæði á nauðguninni og neikvæðu viðbrögðunum:

[...] uhm og þessi minnimáttarkennd sem ég hafði, ég hafði hana alveg í mörg ár og hafði oft áhyggjur af því að ég væri vond manneskja. Að ég væri að gera eitthvað rangt og skildi ekki hvað það var uhm [...]

4.7.5. Tengslamyndun

Félagslegar afleiðingar fyrir þá sem er nauðgað geta verið alvarlegar og haft mikið að segja til um bata brotþola (Campbell, Sefl, Barnes, Ahrens, Wasco og Zaragoza-Diesfeld, 1999; Campbell o. fl., 2001; Filipas og Ullman, 2001; Golding o. fl., 1989; Sandler og Barrera, 1984; Ullman, 1999; Ullman, 2006).

Nauðgunin og þau viðbrögð sem stúlkurnar uppskáru fyrir að kæra virtust hafa töluverð áhrif á þær varðandi tengslamyndun, það er þær hafa báðar upplifað erfiðleika við að kynnast nýju fólki og eins í sambandi við hitt kynið. Önnur stúlkan vildi til að mynda ekki að fólk, sem hún hafði nýlega kynnst, vissi að hún væri stelpan frá Skúlafirði sem var nauðgað. Þannig virðist hún að vissu leyti hafa skilgreint sig út frá því og óttast að henni yrði hafnað af þeim líkt og henni var hafnað af stórum hluta bæjarbúa:

[...] uhm [...] og eins líka þegar ég var í samböndum uhm [...] mér fannst það erfitt. Þú veist að bæði hræðsla við að gefa sig alveg 100% í sambandið og uuh þessi hræðsla við að sem sagt að opna sig alveg. Ég átti það til að halda svona, þegar ég var að kynnast nýju fólki, að svona halda mig aðeins í burtu frá þeim af því að ég vildi ekki að þau vissu þetta ljóta leyndarmál mitt. Og ég átti það til að lenda í samtölum við fólk þar sem að fólk spurði mig út í þetta þar sem ég fór bara í leikarahlutverkið og talaði um mig sem aðra persónu. Sem sagt sagði ekki að þetta væri ég heldur sagði, talaði um mig sem aðra persónu. Þessa stelpu sem var ekki ég. Og hérna það stóð alveg yfir í nokkur ár. Uhm, þannig að þetta mótaði mig [...]

Önnur stúlkan átti erfiðara með að treysta fólki auk þess sem hún upplifði sig ekki verðuga eða samboðna öðru fólki:

Ég fór að svona að hætta að treysta fólki eða svona getað gefið mig að fólki. Þú veist, ég hélt alltaf fólki svona í ákveðinni fjarlægð af því að mér fannst ég ekki eiga þau skilið.

Eins og áður hefur verið fjallað um höfðu ákvarðanir beggja stúlnanna, um að kæra nauðgun, veruleg áhrif á líf þeirra. Samband og samskipti þeirra við fólk breyttust en önnur þeirra segir eftirfarandi:

En ég var svolítið mikið útundan [...] Ég sem hafði alltaf verið bara ógeðslega hress, ógeðslega vinamörg og bara svona vinsæl frekar og alltaf bara frekar svona glöð og aldrei nein leiðindi eða vesen í kringum mig. Og þarna er ég allt í einu bara orðin aðal vesenið í bænum [...] Og það var svolítið erfitt einhvern veginn að kyngja því.

Enn þann dag í dag hefur þetta einhvers konar áhrif en hún upplifir ótta við höfnun annarra:

Og eiginlega bara átti ég erfitt með samskipti við fólk öðruvísi en að vera í glasi. [...] Og ég upplifi það ennþá í dag svolítið. Ég er svona, er alltaf tilbúin að fá höfnun frá fólki. Eða svona, að ég sé ekki nógu góð. Þótt það sjáist kannski ekki einu sinni á mér, þá bara mér finnst alltaf auðveldara að vera í kringum fólk þegar ég er búin að fá mér í glas því að. En ég get líka, upplifi mig stundum, verða oft

svona svolítið hrokafulla í glasi. Út af því að ég er bara svo tilbúin til að fá hrokann frá öðrum.

Þannig má segja að stúlkurnar hafi farið að upplifa sig sem annars flokks manneskjur. Skilaboðin sem þeim hafði verið send, af stórum hópi bæjarbúa, voru þess eðlis eins og áður hefur komið fram að það er ef til vill erfitt að standa uppréttur eftir það.

4.8. Flótti

Hvorug stúlnanna býr í sínum heimabæ í dag. Önnur þeirra flutti mjög fljótlega eftir að henni var nauðgað og það vakti athygli mína að einn bæjarbúinn, fullorðinn íbúi, virtist hafa séð fljótlega í hvað stefndi og að brotapolinn gæti ekki búið þarna mikið lengur:

Maður bara fékk það eiginlega bara strax á tilfinninguna án þess að maður geti munað hvað var sagt en bara ég vissi það bara um leið að það sem búið var að segja, það var búið að segja svo margt og það var svo ógeðslegt. Að ég vissi það bara um leið að þessari manneskju væ, yrði ekki vært í bænum framar. Ég bara hugsaði bara hvaða dag þarf hún að sko að koma sér úr bænum bara til þess að halda lífi, skilurðu? Ég fékk þetta bara á tilfinninguna bara eftir nokkra daga sko.

Stúlka sem þekkti brotapolann og gerandann lítilega bjó í hinu bæjarfélaginu og segist hafa hugsað eftirfarandi þegar hún heyrði umtalið í bænum: „Ég vissi það að hún yrði bara jörðuð.“ Tilfinningar þessara bæjarbúa virtust vera á rökum reistar miðað við það sem á eftir kom en báðar stúlkurnar fluttu í burtu á einhverjum tímapunkti. Þannig að þau viðbrögð sem þær upplifðu gengu það nærri þeim að þær gátu ekki hugsað sér að búa lengur í bænum og fóru.

Önnur stúlkan sóttist eftir samþykki bæjarbúa að eigin sögn og flutti aftur á æskulóðirnar en allt kom fyrir ekki. Henni fannst hún aldrei samlagast né vera velkomin:

En ég var líka, á þeim tíma var ég líka mikið í Reykjavík. Svo var ég alltaf svona að koma til baka og hélt kannski að nú væri ég kannski velkomin [...] En þetta var aldrei eins. Ég átti mér aldrei séns í þessu bæjarfélagi. Það var bara þannig. Það var bara ekki möguleiki.

Fjölskyldur stúlnanna fóru ekki varhluta af þeim neikvæðu viðbrögðum sem hér hefur verið fjallað um þannig að þau íhuguðu að gera það sama. Faðir annarrar stúlkunnar og eiginkona hans töluðu um að flytja í burtu en hann gat ekki hugsað sér að setja í lægri poka fyrir fólk sem kom illa fram við dóttur hans:

Já, það stóð alveg til og við ræddum það aðeins ég og konan mín að bara koma okkur burt úr þessu samfélagi. Þetta væri svo skítugt allt saman og. En það var eiginlega mér að kenna að við fórum ekki sko. Ég gat ekki hugsað mér að snúa baki í þessi kvikindi. Ég vildi horfa framan í þau og sýna þeim það að ég væri ekki minni maður en það. Ég væri fullsæmdur um að standa þeim jafnfætis og ég gat ekki tekið undir kveðjur frá þessu fólki. Það reyndi oft að bjóða góðan daginn og þess háttar en ég gat aldrei sko. Ég leit alltaf undan.

Foreldrar hinnar stúlkunnar töluðu um að vilja flytja í burtu en aðstæður þeirra komu í veg fyrir það. Þau sáu ekki fram á að hafa efni á að flytja þar sem húsnæði var mun dýrara á höfuðborgarsvæðinu og ekki var útséð með örugga vinnu en þau höfðu hvorug lokið stúdentsprófi. Í dag örlar á reiði hjá stúlkunni fyrir að hafa ekki verið hjálpað af foreldrum sínum að komast í burtu um leið og atburðarásin fór af stað eftir nauðgunarkærana. Hún upplifði að foreldrar sínir hefðu gert allt til að halda henni í bænum, það er hjá þeim. Ef til vill var það svo þau gætu passað upp á dóttur sína og haft auga með henni þar sem móðir hennar talaði um að þau hefðu misst hana í greipar áfengis- og vímuefnaneyslu eftir á. Þessi togstreita virðist hafa valdið því að hún fór að gera allt hvað hún gat til að komast í burtu þar sem hún vildi vera alls staðar annars staðar en í sínum heimabæ:

Og þannig að, foreldrar mínir gerðu síðan allt. Þau reyndu allt hvað þau gátu til að halda mér þarna svo ég væri nú ekki í einhverju rugli í Reykjavík. En málið er það að mér leið miklu betur í Reykjavík. En þarna leið mér eins og skít. Þannig að ég fór, þetta endaði, fór svolítið upp í ranghverfu síðan. Ég fór bara að berjast í því að vera í bænum, stinga af.

Vinkona hennar minnst þess hversu örvæntingarfull hún var þegar kom að því að vilja komast í burtu. Hún til að mynda skar sig viljandi í fingurinn þegar hún var stödd í vinnunni sinni svo hún þyrfti ekki að mæta til vinnu næstu daga: „Einu sinni ætlaði hún að koma í bæinn til mín og fékk ekki frí í vinnunni og skar sig, skar sig út í taug.“ Hún flutti þó að lokum í burtu og enn þann dag í dag á hún erfitt með að vera í gamla heimabænum sínum og upplifir í raun sorg fyrir vikið þar sem þetta er jú, bærinn sem hún ólst upp í:

Mér gat aldrei liðið vel þarna í bænum. Það voru alltaf þessir draugar sem að, sem að svona lágu yfir mér og ég bara þú veist þetta er minn heimabær og mér getur ekki einu sinni þótt vænt um hann. Ég bara, ég fæ ógeð þegar ég keyri inn í þennan bæ. Ég fæ bara svona hroll við tilhugsunina um að þurfa að fara þangað. Og ég sé bara leifarnar af þessum fortíðardraugum þarna, bara í börnum manneskjanna sem að gerðu mér grikk og sem að voru þarna í kring þú veist. Þetta eru já, mér finnst bara svona slæmir fortíðardraugar svífandi þarna alls

staðar. Sem er ógeðslega leiðinlegt því að ég hef engan annan bæ til að þykja vænt um. Ég ólst þarna upp og bjó þarna alla mína tíð.

Það sama á við um hina stúlkuna þegar kemur að gamla heimabænum hennar en þessi reynsla hefur sett mark sitt á tilfinningar hennar til hans. Hún á ekki erfitt með að koma inn í bæinn í dag og eflaust spilar þar inn í að hún hefur unnið vel úr sínum málum í dag eins og með aðstoð Stígamóta. Þrátt fyrir það líður henni ekki heim eins og hún orðar það og hún syrgir það á vissan hátt líkt og hin stúlkan:

Uhm sko mér finnst ekkert mál að fara þangað núna. Mér fannst það mjög erfitt árin á eftir. Uuu af því að ég var ennþá, ég var bara hrædd um að fá svipi og og fólk færi að segja eitthvað við mig og, og ég var hrædd við pabba hans og fékk hjartslátt þegar ég var í sömu búð og nauðgarinn og og bara hræðsluviðbrögð. Eitthvað sem býr bara í manni sem að, eitthvað sem líkaminn man frá þessu kvöldi. En núna finnst mér ekkert mál að koma til Skúlafjarðar. Það skiptir mig engu máli en mér líður ekki heim. Mér líður ekki eins og þetta sé staðurinn minn. Ég fæ ekki þessa, ég fer ekki þangað til að slappa af eða, eða svona já, slappa af eða hvað á maður að segja? Svona kúpla sig úr uuu já, úr stressi eða neitt svoleiðis eins og maður fer í sumarbústað og, og hérna ætlar að slappa alveg af og hafa það gott. Það geri ég ekki á Skúlafirði sko. Uhm, það eru aðrir staðir sem ég nota í það. Uhm [...] já, þannig að það er aðallega þetta með að komast heim og finnst maður vera heima. Það er ekki til staðar. Ég á önnur heima en mér finnst það rosalega leiðinlegt því að mér finnst fólk oft tala um að: Nú ætla ég að fara heim og nú ætla ég að vera heima hjá mömmu og pabba og hitta gömlu vinina og svoleiðis. Og ég geri það en það er ekki í neinum rólegheitum sko. Það eru minningar þarna inni sem að ég líka þarf að díla við þegar ég er á þessum stað og þar af leiðandi slappa ég ekki af.

Í dag er önnur stúlkan ekki viss um að hún hefði flutt að heiman á þessum tímapunkti ef ekki væri fyrir nauðgunina og þau viðbrögð sem hún fékk í kjölfarið. Hún býst við því að hún hefði allavega lokið námi sínu í framhaldsskólanum sem hún hafði verið í. Þannig að enn og aftur koma fram hugsanir um það hvað hefði getað orðið og augljóst er að þessi reynsla hafði mikil áhrif á líf beggja stúlkanna. Hún segir:

Já, þannig að já, já svo náttúrulega veit ég ekki hvort að ég hefði valið að fara, flytja frá Skúlafirði nema af því að þetta gerðist. Ég hefði líklega ekki gert það þannig að, ég hefði klárað framhaldsskólann þar. Þannig að það eru ýmis, ýmsar leiðir sem ég hef kannski valið í lífinu sem ég hefði kannski ekki valið ef að, ef að þetta hefði ekki gerst og viðbrögðin hefðu ekki verið svona.

Viðbrögð fólks við því að stúlkurnar fluttu voru mun skýrari í öðru tilvikinu þar sem hún var alfarin í burtu stuttu eftir að hún kærði nauðgunina. Stúlka sem tók afstöðu með

gerandanum segir frá því að sumum hafi þótt það vera viss merki og staðfesting á því að hún hefði logið til um nauðgunina og sagði að umtalið hefði verið á þessa leið: „Hún flutti bara úr bænum, hún hefur bara, hún hefur ekkert bara meikað að vera hér eftir að hafa logið svona.“ Á sama tíma fagnaði fólk því að stúlkan væri flutt þar sem bærinn væri betur settur án fólks eins og hennar. Stúlka sem tók afstöðu með gerandanum sagði:

Ég man bara eftir og einhvern tímann man ég eftir að hún sem sagt ætlaði var flutt úr bænum eða eitthvað. Fólk þú veist tók því bara, það var bara frábært. Flott að losna við svona fólk úr bænum.

Í dag horfir þetta öðruvísi við hjá Huldu en hún lítur svo á að stúlkan hafi farið því hún hafi ekki þolað lengur við í bænum þar sem hún gat hvergi gengið óhult um götur bæjarins án þess að þola til dæmis augngotur frá fólki.

Tímabilið eftir að stúlkurnar lögðu fram nauðgunarkærurnar hafði áhrif víðar en á þær. Til að mynda á fjölskyldur þeirra en faðir annarrar stúlkunnar talaði einmitt um að tengdamóðir hans hefði átt erfitt gagnvart bænum eftir á:

Og nú er aftur tengdamóðir mín lokaðri en ég sá það að þetta hafði virkilega sterk áhrif á hana og hún er fæddur og uppalin Skúlafirðingur og mikill Skúlafirðingur í sér. Hún sagði við mig: Ég verð alveg að viðurkenna það, ég lít bara ekki lengur á Skúlafjörð eins og ég gerði áður. Ég hef ekki eins gaman af því að koma til Skúlafjarðar eins og ég hafði áður.

Einum þátttakandanum var nauðgað seinna í sama bænum og annar brotaþolinn sem um ræðir í þessari rannsókn. Eftir að hafa séð hvað sú stúlka gekk í gegnum eftir að hafa kært nauðgun gat hún ekki hugsað sér að kæra þannig að hún gerði það ekki og meðal annars vegna þess að hún átti barn. Hún hafði áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á barnið ef hún kærði og að það fengi að finna fyrir því. Hún flutti í burtu eftir að hafa verið nauðgað og var þá farin að finna fyrir umtali þess efnis að hún hefði verið að halda við manninn sem nauðgaði henni:

Já og svo lenti ég í nauðgun og ég gat ekki hugsað mér að búa í smábæ [...] skilurðu? Af því að þótt að ég hafi ekki kært og ég þaggaði þetta niður þá var samt. Fólk var farið að fréttu að ég væri að halda við manninn [...] Ég var spurð að því: Varst þú að sofa hjá Herði? Ég fékk bara viðbjóð. Ég bara: Nei, nei. Ég er ekki búin að sofa hjá honum. Og hérna ég vissi að þetta mundi hafa áhrif samt þótt ég reyndi að þagga þetta niður. Ég var hræddust um [barnið]. Að það yrði litið á [barnið] sem drasl, bara druslu[barn].

Kona sem tók afstöðu með annarri stúlkunni skilur vel í dag að stúlkun hafi flutt í burtu og viðurkennir sinn þátt í því þar sem hún var ein þeirra sem snérist gegn henni:

Hún hefur náttúrlega fundið að bara bæjarfélagið var á móti henni og og hún fyrir það fyrsta lendir hún í þessu hryllilega að vera nauðgað. Það er alveg eitt. Svo í ofanálag, hún hefur pottþétt upplifað að allt bæjarfélagið var á móti henni. Það setti sig upp á móti henni að hún hafi gert eitthvað rangt. Þannig að sko að mörgu leyti skil ég hana vel að hafa farið en að sama skapi náttúrlega. Ég hugsa að ég ber ábyrgð á því að hún hafi þurft að flytja frá Skúlafirði, frá fjölskyldunni sinni [...] En ég meina ég ber ábyrgð á því að hafa bara útskúfað hana í rauninni frá bæjarfélaginu.

Sama konan sagði einnig:

Og að allur bærinn setti sig í dómarsæti og setti hana í stöðu í rauninni þess vonda. Þannig að mér finnst það bara því miður þá skil ég hana bara vel að hún hafi þurft að flýja.

4.9. Þöggun

Þemað þöggun vísar annars vegar til þess að reynt sé að þagga niður umtal um að nauðgun hafi orðið og í raun gerð krafa um að brotapolí segi ekki frá. Hinsvegar vísar þöggun til þess þegar fólk velur þögnina af ótta við afleiðingar þess að segja frá.

Báðar stúlkurnar uppskáru viðbrögð sem fólu í sér refsingu fyrir að hafa kært gerendurnar fyrir nauðgun. Þær veltu þess vegna báðar fyrir sér hvort það hefði verið heillavænna fyrir þær að hafa sleppt því. Þær voru þó ekki einar um að velta því fyrir sér eins og stúlka sem þekkti brotapolann og gerandann lítillega sagði:

Og, og hugsaði oft : Hún hefði ekki átt að segja frá þessu. Hún hefði bara átt að þaga. [...] Og ég er viss um að hún hafi hugsað það líka oft sko. [...] Bara þagga þetta niður, bara ekki segja orð og bara halda áfram.

Annar brotapolinn varð var við að einhverjir væru að gera lítið úr nauðguninni á þann hátt að það ætti ekki að vera að gera svona mál úr henni eða að tala um hana yfir höfuð en hann sagði:

Út á við heyrði ég sko, fjölskylda kærasta míns, á þessum tíma, hún var svona meira, það mátti ekki tala um þetta og hérna og þetta spyrðist líka út því eldra

fólkið í bænum átti ekki að vita þetta. Þetta væri eitthvað unglíngamál og eitthvað svona. Ég var svolítið sár út af því.

Vinkona annarrar stúlkunnar sagðist hafa trúað henni en hún þagði yfir því og vildi ekki þurfa að tjá sig um það þar sem hún óttaðist hvernig því yrði tekið af þeim sem stóðu með gerandanum:

Maður var ekkert að fara inn á þetta, skilurðu? Maður reyndi bara einhvern veginn helst að þú veist vera ekkert að ræða þetta, skilurðu? Þannig að maður þyrfti ekki að, skilurðu jú víst, skilurðu? Af því að ég hefði aldrei, ég hef ekki bein í nefinu til þess. Þannig að þú veist maður einhvern veginn kom sér alltaf þú veist undan eða passaði að það færi ekkert í þær samræður að ræða þetta.

Það örlaði fyrir vonbrigðum og ef til vill uppgjöf hjá hjá foreldri annars brotapolans sem upplifði að það að kæra nauðgun skilaði ekki tilætluðum árangri fyrir þá sem er nauðgað en hún sagði:

Ég veit það ekki en en þegar ég heyri svona fréttir þá hugsa ég alltaf: Æi, aumingja hún. Hver er tilgangurinn? Hún fær ekkert út úr því annað en að [...] Mér finnst þetta alltaf vera niðurlægingar bara. Það er alltaf verið að. Þetta verður aldrei nema það er eins og þetta verði aldrei annað nema niðurlæging fyrir stelpuna að kæra nauðgun. [...] Svoleiðis er samfélagið. Svoleiðis er landið. [...] Þó ég sé mjög á móti því og ég vill að allir kæri nauðgun [...]

Svövu fannst miðað við það sem hún hefur upplifað við að búa í smábæ að fólk ætti ekki að leggja fram nauðgunarkæru án þess að vera með stórt og þétt bakland. Hún lítur svo á að ferlið að kæra nauðgun og viðbrögðin við því taki langan tíma:

Ég, mitt álit bara að kæra í smábæ það er ekki að ganga upp. Fyrir fólknið nema það sé rosalega sterkt og bara með þvílíkt hérna af fólkni á bakvið sig, fjölskyldu og vini og að þurfa að fara í baráttu við fólknið og bæjarfélagið sko. Og þetta mun taka nokkur ár. Það eru ekki nokkrir mánuðir, ár. Þetta eru nokkur ár svo fjarar þetta kannski svona út [...] smátt og smátt en gleymist aldrei.

Annar brotapolinn hefur gengið í gegnum fleiri en eina nauðgun eftir að honum var nauðgað fyrst. Viðbrögðin sem hann upplifði urðu þó til þess að hann lagði ekki fram kæru né tilkynnti nauðganirnar til lögreglu í seinni skiptin og með því má færa rök fyrir því að viðbrögðin hafi valdið þöggun:

Ég held ég hafi lent meira að segja í nokkrum nauðgunum eftir þetta sem ég man ekkert eftir. Man ekkert, ég myndi ekki einu sinni þekkja þá menn út í bæ [...] Nei, mér datt það ekki í hug [að kæra seinni nauðganir] [...] Og eiginlega já mér fannst

svona, eins og ég þyrfti að hreinsa mig oft frá einhverju eða mér var bara illa við sjálfa mig. Og fór bara mjög illa svona með mig.

Stúlku sem bjó í bæjarfélaginu þegar nauðgunin var kærð og varð vör við viðbrögðin sem brotapolinn sætti var nauðgað seinna af öðrum bæjarbúa í sama bæ. Hún kærði ekki af ótta við það hvernig fólk myndi bregðast við: „Ég bara hélt kjafti og hélt áfram með lífið. Og hérna, en um leið og ég flutti í bæinn fannst mér opnast dyr. Ég gat haft val.“

Eins og fram hefur komið í rannsóknum þá geta neikvæðar athugasemdir eða önnur slík viðbrögð frá fólki við því að brotapolí segir því frá nauðgun valdið því að hann hætti að vilja tjá sig um það sem gerðist (Ahrens, 2006). Það átti við báða brotapolana sem hér um ræðir. Þær reyndu að halda áfram með lífið eins og þær gátu líkt og ekkert hefði í skorist meðal annars með því að tala sem minnst um nauðgunina. Annar brotapolinn komst svona að orði:

En, en ég lokaði það mikið á þetta og reyndi bara að halda áfram með allt annað sem ég var að gera. Að ég var kannski ekki, það var ekkert auðvelt að tala um þetta við mig sko. Því ég bauð ekki upp á það þá vissu þær [vinkonurnar] ekki hvort þær ættu að nefna þetta við mig eða ekki [...] Þannig að því var bara sleppt.

5. Umræða

Rannsóknin sem hér um ræðir er byggð á svipuðum atvikum sem áttu sér stað í tveimur minni bæjarfélögum á landsbyggðinni. Tekin voru viðtöl við 11 einstaklinga sem skiptust nánast jafnt á milli bæjarfélaganna. Fyrst voru tekin viðtöl við tvær konur sem áttu það sameiginlegt að hafa kært nauðgun á unglingsaldri í litlu bæjarfélagi. Síðan voru tekin viðtöl við aðra íbúa sem komu úr röðum þeirra sem tóku afstöðu með stúlkunum, þeirra sem tóku afstöðu með gerendunum og þeirra sem tóku ekki afstöðu.

Stúlkurnar sem kærðu nauðgun áttu það sameiginlegt að gera það innan þess bæjarfélags sem þær höfðu alist upp í og áttu ættir að rekja til. Þær brugðust við nauðguninni með því að fara beinustu leið upp á lögreglustöð og leggja fram kæru. Það var engin vafi í þeirra huga um hvað hefði átt sér stað, það hafði verið brotið gegn þeim. Eins og fram hefur komið urðu þær báðar hissa þegar þær heyrðu af því umtali sem skapaðist í kjölfarið, það er að þær væru að ljúga til um nauðgunina. Umtalið var litað af nauðgunarmýtum og staðalímyndum sem fólu í sér hvernig nauðganir fara fram, hvernig nauðgarar eru, hvernig brotapolar eiga að bregðast við og hvernig stúlkum er nauðgað. Þessar hugmyndir ríma ekki við raunveruleikann.

Það er athyglisvert að stúlkurnar hafi báðar kært nauðganirnar svo skjótt sem raun ber vitni og þá sér í lagi vegna þess hversu fáar nauðganir eru yfirleitt kærðar í okkar samfélagi. Ef til vill voru þær undir áhrifum frá kvennabaráttunni sem hafði átt sér stað í þó nokkurn tíma án þess þó að þær gerðu sér í hugarlund hvaða afleiðingar það gæti haft. Stúlkurnar héldu að þeim yrði trúað og í raun hvarflaði ekki annað að þeim. Það var alveg skýrt í tilvikum þeirra beggja og því var það þeim enn meira áfall þegar sögurnar sem fóru af stað dundu yfir þær. Viðbrögðin sem þær fengu eru að minnsta kosti ekki til þess fallin að ýta undir vilja brotþola til að kæra.

Sögurnar voru fljótar að berast á milli manna í báðum tilvikunum og það að þær væru að ljúga til um nauðgunina varð ofan á í umræðunni. Fólk vildi meina að vilji allra aðila hefði verið til staðar og allt hefði átt sér stað með eðlilegum hætti en stúlkurnar fengið einhvers konar bakþanka á eftir og þess vegna sagt að um nauðgun hefði verið að ræða og gengið svo langt að leggja fram kæru í þeim efnum.

Stúlkunum óraði ekki fyrir þeim ósköpum sem áttu eftir að dynja yfir þær. Háværar og reiðar raddir hljómuðu sem kölluðu þær druslur og lygara. Fáir stóðu með stúlkunum að minnsta kosti út á við og þá mikið til vega ótta við að verða fyrir sama aðkasti og stúlkurnar.

Á einhverjum tímapunkti flúðu stúlkurnar, þær þoldu ekki við. Foreldrar þeirra íhuguðu að flytja en það varð ekki af því.

Stúlkurnar þurftu ekki einungis að takast á við afleiðingar nauðgunar heldur upplifðu þær annað áfall sem fól í sér refsingu annarra íbúa. Refsingin fól í sér beina vandlætingu, illt umtal, lítinn stuðning, líkamlegt ofbeldi, hótanir, höfnun og útskúfun. Enn þann dag í dag finnst þeim gamli heimabærinn sinn sem þær ólust upp í ekki vera „heim“ eins og önnur stúlkunnanna orðar það og þær hafa þurft að takast á við afleiðingar þessara viðbragða sem hafa komið niður á andlegri líðan og sjálfsmynd þeirra svo dæmi séu tekin. Svo virðist sem að hegðun og framkoma íbúanna hafi ýtt enn frekar undir þætti hjá stúlkunum eins og skömm og sektarkennd sem eru algengar afleiðingar nauðgana (Anna Bentína Hermansen, 2010; Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Koss, 1993).

Óhætt er að segja að öryggi stúlkunnanna hafi verið ógnað í litlu bæjunum sem þær höfðu alist upp í og þekktu eins og handarbakið á sér þar sem þær upplifðu meðal annars útskúfun og höfnun. Það sem hafði alltaf verið heim fyrir þeim og átti að vera þeim skjól og öryggi í lífsins ólgusjó var það ekki lengur. Þeim fannst þær ekki lengur hultar.

Í þessu samhengi má velta upp ýmsum mögulegum skýringum út frá félagsfræðilegum sjónarhornum. Við framkvæmd rannsóknarinnar var lagt upp með kenningu Emile Durkheim um einsleit samfélög sem einkennast svo sem af fámenni, mikilli félagslegri samstöðu og líkum skoðunum og gildum íbúanna sem byggjast á fyrirfram ákveðnum normum. Sá sem brýtur gegn gildum og/eða venjum samfélagsins uppsker harða refsingu fyrir vikið (Morrison, 2003).

Kenningin er vel til þess fallin að skýra það sem átti sér stað í bæjunum tveimur sem teljast til einsleitra samfélaga. Bæirnir eru fámennir og staðsettir úti á landsbyggðinni þar sem fjölbreytni er til að mynda lítil hvað varðar störf og menntun fólks. Skoðanir og gildi íbúa eru lík innbyrðis auk þess sem að norm eru fyrirfram ákveðin í samfélaginu, það er búið er að ákveða hvaða hegðun sé leyfileg og hver ekki.

Út frá þessum forsendum má þess vegna leiða líkum að því að í bæjarfélögum sem hér um ræðir hafi það ekki fylgt ákveðnu normi að stúlkum væri nauðgað, að minnsta kosti ekki að þær kærðu athæfið. En það kom einmitt fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að einhverjum og þá sér í lagi eldra fólki í bæjarfélaginu hafi þótt óþarfi að það væri verið að gera svona mikið mál úr einhverju unglingsveseni. Þess vegna má velta því upp hvort að það geti verið raunin að einhverjum hafi þótt þetta of dramatískt af stúlkunum og kannski höfðu

fleiri stúlkur upplifað kynlífsreynslu sem var á gráu svæði ef svo má segja, það er að þeim hafi í raun verið nauðgað en þær ekki vitað hvernig ætti að skilgreina slíkt athæfi. Þegar stúlkurnar svo kærðu nauðgun voru þær ef til vill að snerta á viðkvæmum strengjum.

Báðar nauðganirnar áttu sér stað á 10. áratug síðustu aldar en á þeim tíma var lítil sem engin umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi og má færa rök fyrir því að ráðandi félagsleg formgerð samfélaganna hafi verið litað af ójafnrétti kynjanna. Á þessum tíma var litið svo á að karlmenn væru fyrirvinnur á heimilum og eins voru ólíkar hugmyndir um kynhegðun kynjanna. Strákar sem áttu marga rekkjunauta voru álitnir njóta hylli kvenpeningsins á meðan stúlkur sem áttu marga rekkjunauta voru álitnar lauslátar eða druslur. Það kom einmitt fram í máli kvenna og þá sérstaklega úr öðru bæjarfélaginu hversu ríkt það hafði verið í umræðunni að kalla stelpur sem þóttu lauslátar druslur. Þannig var gerð ólík krafa til kynjanna um kynhegðun þeirra.

Svo virðist sem að þegar stúlkurnar kærðu nauðgun hafi þær brotið fyrirfram ákveðin norm og ruggað með því bátnum í litlu samfélögunum. Vegna viðhorfa og orðræðu um nauðganir á þessum tíma hafi það orðið ofan á í umræðunni að þær væru að ljúga og að strákarnir væru í raun fórnarlömb enda hefðu þeir aldrei sýnt af sér neina hegðun sem benti til þess að þeir væru kynferðisglæpamenn. Þeir voru bara venjulegir strákar og slíkir strákar nauðguðu ekki. En þegar kom að stúlkunum þá virtist það vera öðruvísi þar sem fólk var tilbúið að trúá að þær væru að ljúga, eins alvarlegum glæp og nauðgun er, upp á strákana.

Í raun voru gerðar kröfur um ákveðna hegðun stúlkanna og önnur þeirra segist finna mun eftir að hún flutti á höfuðborgarsvæðið en hún sagði: „bara manni er tekið eins og maður er og maður þarf ekkert að vera steyptur í eitthvað mót [...]“. Orð hennar styðja við að fólk í smábæjum finni fyrir meiri þrýsting en ella hvað varðar að vera í ákveðnu normi og að gerð sé meiri krafa um að fólk sé líkt hvort öðru en skeri sig ekki úr fjöldanum svo sem með hegðun, skoðunum og venjum.

Það vakti athygli mína að stúlkur sem voru litlu eldri en brotapolarnir voru forsprakkar í báðum tilvikum í að fara gegn brotapolunum og gerðu það af mikilli hörku og ákefð. Þetta kom mér á óvart og eins höfðu einhverjir viðmælendur mínir orð á því að þeim hafi þótt þetta skrítið. Einn viðmælenda minna reyndi að finna skýringar á þessu hjá sér og talaði um að þetta væri ef til vill líkt og í orðatiltækinu „konur eru konum verstar“ og það er auðvelt og kannski þægilegt að setja punktinn þar við eins og um einhvers konar lögmál sé að ræða. En

hvað getur það verið sem í rauninni veldur þessu viðhorfi fólks og hvað olli því að það voru stúlkur sem voru forsprakkar í að fara gegn brotaþolunum?

Samkvæmt kenningunni um ráðandi karlmennsku (Connell og Messerschmid, 2005) er sá hópur sem er efstur í stigveldinu skipaður karlmönnum úr efri stéttum samfélagsins og ef við miðum við lítil bæjarfélög á Íslandi má það teljast líklegt að þann hóp skipi til dæmis forstjórar, bankastjórar og kvóta- og útgerðaeigendur. Konur og verkamenn væru þá ef til vill þeir hópar sem tilheyrðu neðri þrepum stigveldisins.

Þessi kenning styður ágætlega við þá reynslu sem kom fram í máli viðmælenda minna, það er stúlkurnar sem fóru fyrir liðunum sem stóðu með gerendunum fengu ýmist klapp á bakið og/eða viðurkenningu frá öðru fólki. Það kom meðal annars fram að einni af forsprökkunum hefði verið boðið inn í kaffi fyrir vikið af manni sem var ágætlega settur í bæjarfélaginu. Þetta hefði verið ákveðin upphafning fyrir stúlkuna. Þarna fengu stúlkurnar í raun tækifæri til að sanna sig og ef til vill komast ofar í stigveldinu. Með þessu má segja að þær hafi lagt sitt af mörkum til að viðhalda ráðandi karlmennsku í samfélaginu.

Fólk safnaðist í fylkingar með gerendunum og tók afstöðu gegn brotaþolunum. Þau voru færri sem tóku einharða afstöðu með stúlkunum og þær töluðu um að hafa fengið lítinn sem engan stuðning. Stuðningurinn sem þær hafi fengið hafi verið frá nánustu fjölskyldu og einstaka vinkonum. Svo virðist sem að fólk hafi óttast að fá bágð fyrir að sýna stúlkunum og þeirra fjölskyldu hluttekningu. Þá sýndi fólk gerendunum frekar stuðning og fjölskyldum þeirra og virtist vorkenna þeim fyrir aðstöðu þeirra.

Svo virðist að við myndun afstöðu hafi fólk ekki endilega beitt fyrir sig rökum heldur hafi það frekar hrifist með í ráðandi umræðu og sem dæmi má nefna að tveir viðmælendur sögðust ekki einu sinni hafa leitt hugann að hinni hlið málsins áður en þeir tóku harða afstöðu gegn brotaþolanum. Einn viðmælandinn sagði frá því að hann hefði í raun ekkert fyrir sér nema sögusagnir sem bárust honum til eyrna. Myndun afstöðu virðist einnig hafa verið undir áhrifum af orðræðu um staðalímyndir og mýtur um nauðganir.

Mikil reiði og samstaða einkenndi ráðandi hóp í báðum bæjarfélögum, það er hópana sem fylktu sér á bakvið gerenduna. Einn viðmælandinn hafði á orði að hann hafi jafnvel fundið sig tilheyra betur samfélaginu á meðan umræðan var sem mest og taldi að það hefði jafnvel verið eitt af því sem hvatti hann áfram í harðri afstöðu gegn brotaþolanum. Hann var aðkomumaður og átti ekki skyldfólk í bænum og þarna var í raun tækifæri fyrir hann til þess að komast betur inn í samfélagið og öðlast vissa viðurkenningu. Jafnframt virðist sem að

forsprakkarnir hafi fengið einhvers konar klapp á bakið sem birtist á mismunandi hátt eins og að vera boðið í kaffi, fá að vera í sviðsljósinu og í öðru tilvikinu var líkt og forsprakkinn hefði drýgt hetjudáð fyrir að hafa farið gegn stúlkunni og staðið með gerandanum en þannig var því lýst af nokkrum viðmælendum.

Að sumu leyti var eins og fólk gerði lítið úr reynslu stúlnanna af því að vera nauðgað með því að leggja á sameiginlegar vogaskálar vorkunnsemi við piltana líkt og það væri verra að vera ákærður fyrir nauðgun en að vera nauðgað. Auðvelt er að fá á tilfinninguna að það hafi ekki þótt mikið tiltökumál að manneskju væri nauðgað og því má spyrja sig að því hvort að nauðganir hafi verið mun algengari en talið er, að margar konur hafi borið harm sinn í hljóði. Þær hafi verið nauðbeygðar í raun til þess að segja ekki frá. En rannsóknir sýna að nauðgunarkærur endurspegli ekki fjölda nauðgana þar sem einungis hluti þeirra er tilkynntur til lögreglu (Hildur Fjóra Antonisdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Þegar stúlkurnar kærðu nauðgunina virðist sem það hafi hrikt í stoðum bæjarins og þær í raun verið að fara gegn ríkjandi venjum sem var fordæmt af stórum hluta bæjarbúa sem reiddist þeim fyrir vikið og brást við með því að refsa þeim.

Þegar brotapolar segja frá því að hafa verið nauðgað er þeim oft og tíðum refsað fyrir það en með refsingu er átt við að þeir mæti viðbrögðum annarra sem eru á neikvæðum nótum. Slík viðbrögð geta valdið þöggun sem lýsir sér í því að brotapolar hætta að tjá sig um nauðgunina (Ahrens, 2006). Sama átti við um báða brotapolana sem sögðu frá því að hafa þagað og lokað á það sem gerðist. Þær vildu svolítið láta eins og þetta hefði ekki gerst. Önnur talaði um að hafa harkað af sér og bara viljað að þetta myndi klárast allt saman svo hún gæti haldið áfram með sitt líf. Þær voru ekki vissar um að hafa viljað kæra ef þær gætu farið til baka þar sem að viðbrögðin sem þær mættu voru eins harkaleg eins og fram hefur komið. Brotapolunum fannst sem þeim hefði verið valdið varanlegum skaða á einhvern hátt. Móðir annars brotapolans vildi meina að það væri betra að sleppa því að kæra í ljósi þess sem dóttir hennar gekk í gegnum en á sama tíma fannst henni það hvorki rétt né sanngjarnt. Hún sagðist alltaf vorkenna brotþola og þess sem biði hans þegar hún heyrði af nauðgunarkærum í fréttum.

Að refsingin hafi beinst gegn stúlkunum vekur athygli þar sem að þær eru brotapolar í því sambandi en ekki gerendur og af því sögðu er ef til vill ekki skrítið að fólk hugsar með sér að eðlilegra hefði verið að gerendurnir hefðu sætt refsingunni frekar en brotþolarnir. Eða er kannski til önnur leið sem felur ekki í sér refsingu almennings og dómstóla götunnar? Er hægt

að sporna við því að sagan endurtaki sig? Ég man eftir að hafa hugsað af hverju verða allir svona reiðir við brotapolann? Af hverju beinist reiðin ekki að gerendum? Hér má staldra við og velta upp hver sé rétta leiðin. Eiga dómsstólar götunnar að sjá um að fella dóma um sekt og sakleysi sem og að ákvarða refsingu? Það getur ekki verið heillavænlegt en til þess að slík atvik eigi sér ekki stað er mikilvægt að fólk finni að það geti treyst dómskerfinu.

Svo virðist sem fólk sé nú reitt dómskerfinu ef litið er til þeirrar umræðu sem til dæmis fer fram innan lokaðra hópa á samfélagsmiðlum. Fólk virðist vera búið að fá nóg. Líklegt er að þeir sem kæra nauðgun, án þess að gerandi eða gerendur eru sakfelldir, upplifi höfnun frá réttarkerfinu. Annar brotapolinn sem ég talaði við kærði tvo menn fyrir nauðgun og málið var fellt niður. Brotapolinn talaði um að hafa fundist réttarkerfið hafna sér. Í rannsókninni veltu sumir viðmælendur kom fram að fólk sagði að það væri bara betra að sleppa því að kæra og mér fannst eins og fólk hefði upplifað vonbrigði með réttarkerfið. Að fólk liði eins og það gæti ekki treyst því að þeirra mál eða aðstandenda þeirra, æra eða líf væri í traustum höndum. Hvað er hægt að gera?

Frekari rannsókna er þörf á þessu viðfangsefni en það hefur ekki verið skoðað mikið hingað til, að minnsta kosti ekki á Íslandi. Það væri áhugavert að skoða önnur tilvik út frá sögulegu sjónarhorni. Annars vegar eldri tilvik sem áttu sér stað í smábæjum áður eða á þeim tíma sem seinni bylgja kvennabaráttunnar átti sér stað eða á áttunda áratugnum. Hins vegar nýrri tilvik þar sem nauðgun hefur verið kærð í litlu bæjarfélagi á síðustu árum. Þessi nálgun væri áhugaverð og þá sér í lagi vegna þess hve orðræðan um nauðganir hefur breyst á síðustu árum og rödd þolenda kynferðisbrota orðið háværrari þar sem krafist er réttlátara og þolendamiðaðra réttarkerfis og afnáms druslustimpils. Þá væri fróðlegt að skoða hvort að munur sé á viðbrögðum fólks við nauðgunarkærum í litlum bæjarfélögum eftir tímabilum.

Í nýlegum nauðgunarmálum sem komið hafa fram í fjölmiðlum hafa gerendur í auknum mæli brugðið á það ráð að kæra brotþola fyrir rangar sakargiftir og því velti ég því fyrir mér hvort að það sé hin nýja birtingarmynd þöggunar. Lagalegar útfærslur eru oft flóknar og hafa ef til vill áhrif á viðhorf sem skipta töluverðu máli þegar litið er til þeirra viðbragða sem brotþolar mæta.

Mismunandi skilgreiningar endurspeglar ef til vill ólíkar hugmyndir og viðhorf til nauðgana en það hlýtur að vera mikilvægt að samræma þær og fræða fólk þannig að það sé skýrt hvað teljist til nauðgana. Ef borið er saman skilgreiningar á nauðgunum við mýtur um nauðganir má sjá töluverðan mun þar á. Í þessu samhengi má sjá tækifæri fyrir rannsakendur

að skoða viðfangsefnið út frá þessu sjónarhorni. En mikilvægt er að taka á mýtunum þar sem þær lita orðræðu og viðhorf fólks. Ein leiðin er ef til vill að fræða og setja fram skýrar skilgreiningar á því hvað sé nauðgun.

Þá tel ég vera þörf á að rannsaka enn frekar hversu hátt hlutfall þeirra sem segja frá nauðgun uppskeri neikvæð viðbrögð fyrir vikið. Til þess væri gagnlegt að nota megindlega rannsóknaraðferð með stóru úrtaki þeirra sem kært hafa nauðgun eða sagt frá henni. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð héraendis samkvæmt minni vitneskju.

Heimildir

- Ageton, S. S. (1983). *Sexual assault among adolescent*. Lexington: D. C. Health.
- Ahrens, C. E. (2006). Being silenced: The impact of negative social reactions on the disclosure of rape [rafræn útgáfa]. *American journal of community psychology*, 38, 3-4, 263-274.
- Allison, J. og Wrightsman, L. (1993). *Rape: the misunderstood crime*. California: Sage publications.
- Almenn hegningarlög nr. 19/1949.
- Anderson, I. og Lyons, A. (2005). The effect of victims' social support on attributions of blame in female and male rape [rafræn útgáfa]. *Journal of applied social psychology*, 35, 7, 1400-1417.
- Anderson, K. B., Cooper, H., og Okamura, L. (1997). Individual differences and attitudes toward rape: A meta-analytic review [rafræn útgáfa]. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 23, 3, 295-315.
- Anna Bentína Hermannsdóttir. (2010). „Mér var stolið.“ *Af kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi. Afleiðingar og áhrifavaldar*. Meistararitgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands. Stjórn málafræðideild.
- Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. (2013). *Ársskýrsla 2012. Stígamót*. Reykjavík: Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan.
- Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. (2016). *Ársskýrsla 2015. Stígamót*. Reykjavík: Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan.
- Ben-David, S., og Schneider, O. (2005). Rape perceptions, gender role attitudes, and victim-perpetrator acquaintance [rafræn útgáfa]. *Sex Roles*, 53, 5, 385-399.
- Black, B. A. og McCloskey, K. A. (2013). Predicting date rape perceptions: The effects of gender, gender role attitudes and victim resistance [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 19, 8, 949-967.
- Bondurant, B. (2001). University women's acknowledgement of rape: individual, situational and social factors [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 7, 3, 294-314.
- Bouffard, J. (2000). Predicting type of sexual assault case closure from victim, suspect and case characteristics [rafræn útgáfa]. *Journal of criminal justice*, 28, 6, 527-542.
- Brownmiller, S. (1975). *Against our will: men, women and rape*. New York: Fawcett columbine.
- Burt, M. (1980). Cultural myths and supports for rape [rafræn útgáfa]. *Journal of personality and social psychology*, 38, 2, 217-230.
- Campbell, R., Ahrens, C. E., Sefl, T., Wasco, S. M. og Barnes, H. E. (2001). Social reactions to rape victims: Healing and hurtful effects on psychological and physical health outcomes [rafræn útgáfa]. *Violence and victims*, 16, 3, 287-301.

- Campbell, R. og Johnson, C. R. (1997). Police officers' perceptions of rape: is there consistency between state law and individual beliefs [rafræn útgáfa]? *Journal of interpersonal violence*, 12, 2, 255-274.
- Campbell, R., Sefl, T. Barnes, H. E., Ahrens, C. E., Wasco, S. M. og Zaragoza-Diesfeld, Y. (1999). Community services for rape survivors: enhancing psychological well-being or increasing trauma? *Journal of consulting and clinical psychology*, 67, 6, 847-858.
- Campbell, R. (2005). What really happened? A validation study of rape survivors' help-seeking experiences with the legal and medical systems [rafræn útgáfa]. *Violence and victims*, 20, 1, 55-68.
- Campbell, R. og Raja, S. (2005). The sexual assault and secondary victimization of female veterans: help seeking experiences with military and civilian social systems [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 29, 1, 97-106.
- Chapleau, K. M. og Oswald, D. L. (2013). Status, Threat, and Stereotypes: Understanding the function of rape myth acceptance [rafræn útgáfa]. *Social justice research*, 26, 1, 18-41.
- Chapleau, K. M., Oswald, D. L. og Russell, B. L. (2008). Male rape myths: The role of gender, violence and sexism [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 23, 5, 600-615.
- Charmaz, K. (2004). Grounded theory. Í S.N. Hesse-Bieber og P. Leavy (ritstj). Approaches to qualitative research: A reader to theory and practice (bls. 496-522). New York: Oxford University press.
- Chiroro, P., Bohner, G., Viki, G. T. og Jarvis, C. I. (2004). Rape myth acceptance and rape proclivity: expected dominance versus expected arousal as mediators in acquaintance-rape situations [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 19, 4, 427-442.
- Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept [rafræn útgáfa]. *Gender & society*, 19, 6, 829-859.
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. California: Sage publications Inc.
- Davis, R. C., Brickman, E. og Baker, T. (1991). Supportive and unsupportive responses of others rape victims: effects on concurrent victim adjustment [rafræn útgáfa]. *American journal of community psychology*, 19, 3, 443-451.
- DV. (2013). Guðný efast um að hún hefði kært hefði hún vitað hvaða afleiðingar það hefði. Sótt 12. Janúar 2016 af <http://www.dv.is/frettir/2013/4/8/gudny-efast-um-ad-hun-hefdi-kaert-hefdi-hun-vitad-hvada-afleidingar-thad-hefdi/>
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

- Erikson, K. (2004). *Wayward Puritans: A study in the sociology of deviance*. Boston: Allyn and Bacon.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Estrich, S. (1987). *Real rape*. Cambridge: Harvard university press.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir. (2014). „Þær segja svo margar að það megi bara nauðga.“ *Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar*. Meistararitgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands. Félagsvísindadeild.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). „Það er svo óþolandi að maður þurfi að sætta sig við það að maður þurfi í raun að gera ráð fyrir að þetta geti gerst!“ Um áhrif nauðgunarmenningar á daglegt líf kvenna. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XV* (bls. 1-9). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Filipas, H. H. og Ullman, S. E. (2001). Social reactions to sexual assault victims from various support sources [rafræn útgáfa]. *Violence and victims*, 16, 6, 673-692.
- Foa, E. B. og Riggs, D. S. (1993). Posttraumatic stress disorder and rape. Í J. M. Oldham (ritstj.), *Review of psychiatry* (12. útgáfa). Washington: American psychiatric press.
- Frank, D. J., Camp, B. og Boutcher, S. (2008). „Worldwide trends in the criminal regulation of sex, 1945-2005.“ Working paper, department of sociology. University of California-Irvine.
- Frank, D. J., Hardinge, T. og Wosick-Correa. (2009). The global dimensions of rape-law reform: A cross-national study of policy outcomes [rafræn útgáfa]. *American sociological review*, 74, 2, 272-290.
- Frazier, P. A. (1996). Sexual assault cases in the legal system: police, prosecutor and victim perspectives [rafræn útgáfa]. *Law and human behavior*, 20, 6, 607-628.
- Giddens, A. og Sutton, P. (2009). *Sociology* (6. útgáfa). Cambridge: Polity
- Golding, J. M., Siegel, J. M., Sorenson, S. B., Burnam, M. A. og Stein, J. A. (1989). Social support sources following sexual assault [rafræn útgáfa]. *Journal of community psychology*, 17, 1, 92-107.
- Greenberg, M. S. og Ruback, R. B. 1992). *After the crime: victimdecision making*. New York: Plenum.
- Grubb, A. og Harrower, J. (2008). Attribution of blame in cases of rape: An analysis of participant gender, type of rape and perceived similarity to the victim [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 13, 5, 396-405.
- Grubb, A. og Turner, E. (2012). Attribution of blame in rape cases: a review of the impact of rape myth acceptance, gender role conformity and substance use on victim blaming [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 17, 5, 443-452.

- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Mengandi myndugleiki og óhlýðni. Femínískur baráttukvenleiki hróflar við áru kynjafnréttis. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XIII* (bls. 1-9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Harber, K. D., Podolski, P. og Williams, C. H. (2015). Emotional disclosure and victim blaming [rafræn útgáfa]. *American psychological association*, 15, 5, 603-614.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2013). *Qualitative research methods*. London: Sage publications ltd.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. (2013). *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotþola og málsmeðferð*. Sótt 17. febrúar 2016 af <https://edda.hi.is/wp-content/uploads/2014/04/Einkenni-og-me%C3%B0fer%C3%B0-nau%C3%B0gunarm%C3%A1la-okt%C3%B3ber-2013.pdf>
- Jeness, V. og Grattet, R. (2001). *Making hate a crime: from social movement to law enforcement*. New york: Russell Sage.
- Johnson, B. E., Kuck, D. L., og Schander, P. R. (1997). Rape myth acceptance and sociodemographic characteristics: A multidimensional analysis [rafræn útgáfa]. *Sex Roles*, 36, 11, 693-707.
- Kahn, A., Mathie, V. A. og Torgler, C. (1994). Rape scripts and rape acknowledgement [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 18, 1, 53-66.
- Kahn, A., Jackson, J., Kully, C., Badger, K. og Halvorsen, J. (2003). Calling it rape: differences in experiences of women who do or do not label their sexual assault as rape [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 27, 3, 233-242.
- Konradi, A. og Burger, T. (2000). Having the last word: an examination of rape survivors' participation in sentencing [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 6, 4, 351-395.
- Koss, M. P. (1993). Rape: scope, impact, interventions and public policy responses [rafræn útgáfa]. *American psychologist*, 48, 10, 1062-1069.
- Koss, M. P. (1998). Hidden rape: sexual aggression and victimization in a national sample of students in higher education. M. E. Odem og J. Clay-Warner (ritstj.) í *Confronting rape and sexual assault*. Wilmington: Scholarly resources.
- Koss, M. P., Dinero, T. E., Seibel, C. A. og Cox, S. L. (1988). Stranger and acquaintance rape [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 12, 1, 1-24.
- Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (2002). World report on violence and health. Geneva: World Health Organization.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Aarhus: SAGE.

- Lafree, G. (1989). *Rape and criminal justice: the social construction of sexual assault*. Belmont: Wadsworth
- Laub, J. H. (1983). Patterns of offending in urban and rural areas [rafræn útgáfa]. *Journal of criminal justice*, 11, 2, 129-142.
- Layman, M., Gidycz, C. og Lynn, S. (1996). Unacknowledge versus acknowledged rape victims: situational factors and posttraumatic stress [rafræn útgáfa]. *Journal of abnormal psychology*, 105, 1, 124-131.
- Levine, P. og Frederick, A. (1997). *Waking the tiger: healing trauma*. California: North Atlantic books.
- Lodrick, Z. (2007). Psychological trauma: what every trauma worker should know [rafræn útgáfa]. *The British journal of psychotherapy*, 4, 2, 18-28.
- Lonsway, K. A. og Fitzgerald, L. F. (1994). Rape myths: in review [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 18, 2, 133-164.
- Læknablaðið. (2000). *Heimsókn í Neyðarmóttöku*. Sótt 26. janúar 2016 af <http://www.laeknabladid.is/2000/12/umraeda-frettir/nr/650/>
- MacKinnon, C. (1987). *Feminism unmodified: discourses on life and law*. Cambridge, MA: Harvard university press.
- Madigan, L. og Gamble, N. (1991). *The second rape: society's continued betrayal og the victim*. New york: Lexington Bkmkooks.
- Maier, S. L. (2008). „I have heard horrible stories...“: Rape victim advocates' perceptions of the revictimization of rape victims by the police and medical system [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 14, 7, 786-808.
- Martin, E. K., Taft, C. T. og Resick, P. A. (2007). A review of marital rape [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 12, 3, 329-347.
- Mason, A. og Lodrick, Z. (2013). Psychological consequences of sexual assault [rafræn útgáfa]. *Best practice & research clinical obstetrics and gynaecology*, 27, 1, 27-37.
- Matoesian, G. M. (1993). *Reproducing rape domination through talk in the courtroom*. Chicago: University of Chicago press.
- Menon, P. K. (1983). „The law of rape and criminal law administration with special reference to the commonwealth Caribbean“ [rafræn útgáfa]. *International and comparative law quarterly*, 32, 4, 832-870.
- McVeigh, R., Welch, M. R. og Bjarnason, T. (2003). „Hate crime reporting as að successful social movement outcome“ [rafræn útgáfa]. *American social review*, 68, 6, 843-867.
- Morrison, K. (2003). *Marx, Durkheim, Weber: Formations of modern social thought*. London: Sage publications ltd.
- Muehlenhard, C. L. og Rodgers, C. S. (1998). Token resistance to sex: new perspectives on an old stereotype. *Psychology of women quarterly*, 22, 3, 443-463.

- Nagel, B., Matsuo, H., McIntyre, K. P. og Morrison, N. (2005). Attitudes toward victims of rape [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 20, 6, 725-737.
- Neuman, W. L. (2014). *Social research methods: Qualitative and Quantitative approaches*. England: Pearson.
- Peck, A. (2013). Victim's house burned down after she accuses football star of rape. Sótt 12. janúar 2016 af <http://thinkprogress.org/health/2013/10/14/2777431/maryville-missouri-rape/>
- Pennebaker, J. K., Kiecolt-Glaser, J. K. og Glaser, R. (1988). Disclosure of traumas and immune function: health implications for psychotherapy [rafræn útgáfa]. *Journal of consulting and clinical psychology*, 56, 2, 239-245.
- Ruback, R. B. (1993). The victim-offender relationship does affect victim's decision to report sexual assaults [rafræn útgáfa]. *Criminal justice and behavior*, 20, 3, 271-279.
- Ruback, R. B. (1994). Advice to crime victims: effects of crime, victim and advisor factors [rafræn útgáfa]. *Criminal justice and behavior*, 21, 4, 423-442.
- Ruback, R. B. og Ménard, K. S. (2001). Rural – urban differences in sexual victimization and reporting [rafræn útgáfa]. *Criminal justice and behavior*, 28, 2, 131-155.
- Sadock, B. J., Sadock, V. A. og Ruiz, P. (2015). *Synopsis of psychiatry. Behavioral sciences/clinical psychiatry* (11. útgáfa). New York: Wolters Kluwer.
- Sandler, I. N. og Barrera, M. (1984). Toward a multimethod approach to assessing the effects [rafræn útgáfa]. *American journal of community psychology*, 12, 1, 37-52.
- Saunders, B., Kitzinger, J. og Kitzinger, C. (2015). Anonymising interview data: Challenges and compromise in practice [rafræn útgáfa]. *Qualitative Research*, 15, 5, 616–632.
- Schuster, T. L., Kessler, R. C. og Aseltine, R. H. (1990). Supportive interactions, negative interactions and depressed mood. *American journal of community psychology*, 18, 3, 423-437.
- Shaw, C. R. og McKay, H. D. (1942). *Juvenile delinquency and urban areas*. Chicago: University of Chicago press.
- Shearer, C. L., Hosterman, S. J., Gillen, M. M. og Lefkowitz, E. S. (2005). Are Traditional Gender Role Attitudes Associated With Risky Sexual Behavior and Condom-related Beliefs [rafræn útgáfa]. *Sex roles: A journal of research*, 52, 5, 311-324.
- Shotland, R. L. og Goddstein, L. (1983). Just because she doesn't want to doesn't mean it's rape: an experimentally based causal model of the perception of rape in a dating situation [rafræn útgáfa]. *Social psychology quarterly*, 46, 3, 220-232.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2011). *Nauðgun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sims, C. M., Noel, N. E. og Maisto, S. A. (2007). Rape blame as a function of alcohol presence and resistance type [rafræn útgáfa]. *Addictive behaviors*, 32, 12, 2766-2775.
- Sudderth, L. K. (1998). „It'll come right back at me.“ The interactional context of discussing rape with others [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 4, 5, 572-594.

- Sugar, N. F., Fine, D. N. og Eckert, L. O. (2004). Physical injury after sexual assault: findings of a large case series [rafræn útgáfa]. *American journal of obstetrics and gynecology*, 190, 1, 71-76.
- Taslitz, A. (1999). *Rape and the culture of the courtroom*. New York: New York University Press.
- Ullman, S. E. (1996). Do social reactions to sexual assault victims vary by support provider [rafræn útgáfa]. *Violence and victims*, 11, 2, 143-157.
- Ullman, S. E. (2000). Psychometric characteristics of the social reactions questionnaire: a measure of reactions to sexual assault victims [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 24, 3, 257-271.
- Ullman, S. E. (2006). Social reactions, coping strategies and self-blame attributions in adjustment to sexual assault [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 20, 4, 505-526.
- Ullman, S. E. (1999). Social support and recovery from sexual assault: a review [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 4, 3, 343-358.
- Walby, S. (2010). Structuring patriarchal societies. Í A. Giddens og P. W. Sutton (ritstjórar), *Sociology. Introductory readings (3. útgáfa)* (bls. 30-35). Cambridge: Polity.
- Ward, C. (1995). *Attitudes toward rape: feminist and social psychological perspectives*. London: Sage.
- Weisheit, R. A., Wells, L. E. og Falcone, D. N. (1995). *Crime and policing in rural and small-town America: an overview of the issues*. Washington: Bureau of Justice Statistics.
- Whatley, M. A. (1996). Victim characteristics influencing attributions of responsibility to rape victims: a meta-analysis [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 1, 2, 81-95.
- White, B. H. og Robinson Kurpius, S. E. (1999). Attitudes toward rape victims effects of gender and professional status [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 14, 9, 989-995.
- Williams, J. E. (1984). Secondary victimization: confronting public attitudes about rape [rafræn útgáfa]. *Victimology: an international journal*, 9, 1, 66-81.
- Williams, L. S. (1984). The classic rape: When do victims report [rafræn útgáfa]? *Social problems*, 31, 4, 459-467.
- Yamawaki, N. (2007). Rape perception and the function of ambivalent sexism and gender-role traditionality [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 22, 4, 406-423.